EUROVISION

POLLAPÖNK SPÁÐ SIGRI ▸22

SJÖTUGUR ÓLYMPÍUFARI

Á LEIÐ Í LENGSTU SKÍÐAGÖNGU Í HEIMI ▸32

568 5000 NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ

15. febrúar 2014

39. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

ANDLEG VAKNING ÍSLENDINGA

Í amstri hversdagsins hefur þörfin fyrir að hlúa að andlegri heilsu til jafns við þá líkamlegu aldrei verið meiri. Fréttablaðið ræddi við Tolla Morthens, Margeir Ingólfsson og Ásdísi Olsen, sem hafa gert núvitund og hugleiðslu að lífsstíl. ▸ 26

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÉG HATAÐI SJÁLFA MIG

Erna Gunnþórsdóttir hefur sagt skilið við vímuefni og módelbransann og er á leiðinni í læknanám. ▸28

BESTU LJÓSMYNDIRNAR 2013 ▸30

GLAMÚR Í NÝ

Áslaug Magnúsdóttir lýsir tískuvikunni sem var að ljúka. ▸36

ÞAÐ ER HOLLT AÐ SPARA

Spönginni • Hólagarði • Skeifunni • Garðatorgi • Setbergi • Akureyri

Apótekið –einfalt og ódýrt

FRÉTTIR 2→16

STOFNUNIN SEM EKKI VARÐ 10
Þingheimur allur var á einu máli haustið 2010 um að endurreisn Þjóðhagsstofnunar væri eðlilegt skref í kjölfar efnahagshrunsins. Starfshópur um málið kom aldrei saman.

REYKVÍSKAR ENDUR Í HÆTTU 4
Andapör við Reykjavíkurtjörn hafa aldrei verið jafn fá og í fyrra. Prjár tegundir anda munu hverfa að öllu óbreyttu. Lagt er til að hafið verði ræktunarstarf.

LÚPULEGIR SPRENGJUDRENGIR 6
Tveir þrettán ára drengir stóðu á bak við fölsku sprengjuhótunina hjá WOW air. Aðstoðaryfirlögregluþjónn segir þá vera miður sín.

HISSA Á TRYGGINGAFÉLÖGUM 8
Páll Hjaltason, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, er undrandi á afstöðu tryggingafélaga vegna skemmda af völdum sprenginga á Lýsisreitnum. Skýrari verklagsreglur þurfi við framkvæmdir í þéttri byggð.



SKOÐUN 18→20

ÁKVÖRÐUN UM FRAMHALD EÐA SLIT 18
Þorsteinn Pálsson um Evrópumál og þjóðaratkvæðagreiðslu.

HVAR ERU NÚ SÉRFRÆÐINGARNIR? 20
Ragnar H. Hall um meðferð sakamála.

PÁLMI GRÍNAST 20
Ólafur Hauksson um Iceland Express og Icelandair.

HELGIN 22→46

VATNSAFLSVIRKJANIR BESTI KOSTURINN 36
Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðarráðherra um virkjanir og náttúrupassa.

DÝRAGARÐSDÝRIN SEM VEKJA ATHYGLI 40
Fimm dýr sem hafa hlotið heimsfrægð.

SJÓLIÐARNIR SEM NEITUÐU AÐ DEYJA 42
Illugi Jökulsson fjallar um sjóorrustur og herskip í flækjusögu.

RISATÓNLEIKAR VILLA OG SVEPPA 44
Vilhelm Anton Jónsson situr fyrir svörum á Krakkasíðunni.

LÍFIÐ 50→74

LEIKSÝNING UM HIÐ BÆLDA OG PAGGAÐA 58
Ný sýning Kviss Búmm Bang, Djöfulgangur, sækir innblástur í helgisiði frá tímum mæðraveldis og í fræði Carls Jung um skuggann.

HÆNUHALD Í REYKJAVÍK 62
Sveitarómantíkin breiðir úr sér á höfuðborgarsvæðinu, en þar færist húsdýrahald í aukana.

SVONA ER SÓNAR 63
Margt var um manninn í Hörpu á upphafsdegi tónlistarhátíðarinnar Sónar Reykjavík sem lýkur í kvöld.

SÖNGKONA LIFIR DRAUMINN Í BORG ENGLANNA 74
Steinunn Ósk Axelsdóttir, sem flutti til Los Angeles árið 2011, hefur gefið út sína fyrstu plötu með hljómsveitinni sinni, In the Key of Earth.

SPORT 68→69

SÚ YNGSTA POLLRÓLEG FYRIR FRUMRAUN Á ÓL 68
Helga María Vilhjálmsdóttir keppir í dag fyrst af íslenska alpagreinafólkinu á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí. Helga María keppir þá í risasvigi, sem er fyrsta grein hennar af þremur á leikunum. Hún þurfti að sleppa setningarathöfninni.

Tæland - Páskaferð
14. – 29. apríl 419.900 KR.-
Mikið innifalið

Nánar um Tæland og fleiri ferðir á uu.is
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19, KÓP. | S. 585 4000

FIMM Í FRÉTTUM BERLÍN, SPRETTGANGA OG MEÐFERÐ

Svala Ragnarsdóttir tók myndir af virkjunum í íslenskri náttúru og vann til verðlaunanna Top Thirty Under Thirty. Myndin var valin úr hópi átta hundruð innsendra mynda.

Orri Hauksson tók við sem nýr forstjóri Símans eftir að rekstur Skipta og Símans var sameinaður undir nafni Símans.

Jón Ólafsson og félagar í Nýdönsk eru farnir að vinna að sinni fyrstu plötu í sex ár og hefjast upptökur á henni í Berlín í byrjun mars.

Aldís Ósk Egilsdóttir ræddi um dvöl sína á meðferðarheimilum frá 13 til 18 ára aldurs. Hún segir stofnanirnar nauðsynlegar til að kippa börnum úr skaðlegum aðstæðum.

➜ **Sævar Birgisson** keppti fyrstur Íslendinga á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí þegar hann lenti í 72. sæti í 15 km sprettgöngu. Hann var fyrsti fulltrúi Íslands í skíðagöngu á Ólympíuleikum í tvo áratugi.

Íslenskar loftmyndir í þýskum veðurfréttum

Tveir menn frá þýskri sjónvarpsstöð verða staddir hér á landi í þrjá daga. Þeir nota litla flugvél sem tekur loftmyndir af íslenska landslaginu og birta í sjónvarpinu.

LANDKYNNING Myndatökumaður og veðurfréttamaður frá NTV í Þýskalandi, sem er hluti af RTL-sjónvarpsstöðinni, taka þessa dagana upp veðurfréttir sínar á Íslandi. Nokkur ár eru síðan þeir gerðu þetta síðast.

„Þeir eru orðnir miklir Íslandsvinir. Þeir eru búnir að bíða eftir því að sjá flott veður á Íslandi á veðurspánni og núna eru þeir að fá algjört toppveður," segir Arthúr Björgvin Bollason, kynningarfulltrúi Icelandair í Mið-Evrópu. Hann er þeim innan handar meðan á þriggja daga dvöl þeirra stendur.

Þjóðverjarnir eru með litla flugvél meðferðis með myndavél sem þeir senda upp í loft, allt að tvö hundruð metra, og mynda íslenska landslagið. Í gær sendu þeir flugvélina á loft fyrir ofan Perluna, Geysi og Þingvelli og náðu þar flottum myndum. „Hið merkilega er að svona aðferð hefur ekki verið notuð við veðurfréttir í Þýskalandi fram að þessu. Ísland er sem sagt fyrst í röðinni," segir Arthúr.

Veðurfréttirnar eru birtar tíu til tólf sinnum á dag og ná þær um þriggja milljóna áhorfi á hverjum degi. Sjónvarpsskjánum er skipt í tvennt. Annar hlutinn er með þýsku veðurfréttunum en hinn með myndum frá Íslandi. „Þetta er dúndur auglýsing, alveg svakaleg," segir Arthúr Björgvin.

freyr@frettabladid.is

GEYSIR Loftmynd af Geysissvæðinu sem myndavél flugvélarinnar náði. MYND/DIRK SCHWARZ

HRESSIR MEÐ FLUGVÉLINA Arthúr Björgvin, fréttamaðurinn Björn Alexander og myndatökumaðurinn Dirk Schwarz með flugvélina. MYND/DIRK SCHWARZ

ALMANNAGJÁ Pessari loftmynd náði flugvélin af Almannagjá á Þingvöllum.

HVER ÞREMILLINN! Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira á thremillinn@frettabladid.is

Salómonsdómur í endurskoðun

Strætóferðalangar á Suðurgötu við Þjóðminjasafnið hafa í vetur þurft að vera án biðskýlis sem þar hefur alla jafna verið.

Frank Arthur Blöndahl Cassata hljóðmaður segist hafa fengið þau svör við fyrirspurnum sínum um málið að strætóskýlið hafi verið fjarlægt vegna tíðra kvartana yfir reykingum.

„Ég vænti þess ekki að þeim sem kvörtuðu yfir reykingunum þyki þetta ásættanleg niðurstaða," segir hann í orðsendingu til blaðsins.

„Þetta er eins og barn sé skorið í tvennt í forræðisdeilu, allir tapa," segir hann og vísar í orðum sínum til sögunnar um dóm Salómons konungs, sem beitti aðferðinni til að komast að því hver væri réttilega móðir barns sem tvær sögðust eiga.

Þórhallur P. Halldórsson, deildarstjóri biðskýladeildar Strætó bs., segir skýlið hafa verið farið að láta á sjá, en í kringum það hafi verið gífurlegar reykingar.

„Ég veit svo sem ekki hvaðan það var komið, en stubbafarganið þarna var rosalegt og ástandið ógeðslegt," segir hann og bætir við að honum, sem hafi reykt í 45 ár hafi meira að segja ofboðið. „Síðan erum við í vetur búin að taka skýlið í gegn, skipta um í því plötur og þess háttar. Núna stendur það svo heima í skúr nýmálað og fínt." Í skoðun sé svo hvort skýlið verði aftur sett upp á sínum gamla stað. „Um það þarf ég að ráðgast við mína yfirmenn." - óká

Á HORNI SUÐURGÖTU OG HRINGBRAUTAR Hér var strætóskýli sem farið var að láta á sjá vegna sóðaskapar reykingafólks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Miðasala á miði.is og harpa.is

KÍTÓN | Síminn

Þær eiga sviðið 2. mars

Tónafljóð í Eldborg

Spotify

Lay Low Ragga Gröndal Greta Salóme Þórunn Gréta Myrra Rós Ellen Kristjáns
Alexandra í MAMMÚT Hafdís Huld Bára Grímsdóttir Margrét Rán í VÖK Sunna Gunnlaugs Cell7

Síminn er stoltur stuðningsaðili KÍTÓN, félags kvenna í tónlist.

Upplifðu frábæra skemmtun á stórtónleikum í Eldborgarsal, Hörpu, sunnudaginn 2. mars.

Meðal flytjenda eru: Cell 7, Ellen Kristjáns, Sunna Gunnlaugs, Mammút, Lay Low, Ragga Gröndal, Myrra Rós, Hafdís Huld, VÖK, Ragnhildur Gísladóttir, Greta Salóme og Lay Low. Caput, Vox feminae, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hljómeyki flytja verk eftir Þórunni Grétu, Báru Gríms, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jórunni Viðar og Önnu Þorvalds.

8.2.2014 → 14.2.2014



400 manns gætu starfað í nýrri sólarkísilverksmiðju sem bandaríska fyrirtækið Silicor Materials vill reisa á Grundartanga.

277 sinnum stoppaði Tryggingastofnun greiðslur til fólks vegna bótasvikamála, en ellefu sinnum árið 2007.



61.400 steratöflur voru teknar í tollinum á síðasta ári, sem er hátt í tvöfaldun á magninu síðustu þrjú ár á undan.



84% notenda eru mjög eða frekar ánægð með þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og liðlega

75% bera mikið eða frekar mikið traust til hennar.

1.000 milljarðar er upphæðin sem Bretar og Hollendingar krefjast frá innstæðutryggingarsjóði.

250 Íslendingar kunna táknmál þrátt fyrir að heyrnarskertir Íslendingar séu miklu fleiri.

51% svarenda í könnun Viðskiptaráðs er hlynnt upptöku skólagjalda í háskólum.

46.000 fleiri erlendir ferðamenn fóru frá landinu í janúar en á sama tímabili árið 2013.

Í ÁFALLI EFTIR LOFTÁRÁS Þrír drengir sitja ásamt fullorðnum manni á tröppum í borginni Aleppo í Sýrlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Fimm daga tilraunir í Sviss hafa litlu skilað:

Friðarviðræður enn í pattstöðu

SÝRLAND, AP **Viðræður við fulltrúa Sýrlandsstjórnar og uppreisnarmanna eru enn á ný komnar í pattstöðu, eftir fimm daga lotu í Genf.**

Samræður þeirra gengu einkum út á að saka hverjir aðra um ofbeldið heima fyrir. Ekkert þokaðist í átttina að samkomulagi um framtíðarstöðu Bashars al Assad forseta.

Meðan á þessu fór fram í Genf héldu átökin áfram í Sýrlandi. Þau hafa kostað á annað hundrað manns lífið og hrakið milljónir á flótta.

- gb

Óbreytt í Þingvallanefnd:

Afþakka aftur að fá Kárastaði

STJÓRNSÝSLA Afkomendur fyrrverandi ábúenda á Kárastöðum hafa enn boðið Þingvallanefnd gamla bæinn þar að gjöf. Sú Þingvallanefnd sem tók við í fyrrasumar vísaði í bókun fyrri nefndar frá því september 2009.

„Þingvallanefnd þakkar afkomendum fyrrum ábúenda á Kárastöðum þann góða hug sem að baki hugmyndinni býr, en telur sér ekki fært að þiggja hana og endurreisa bæinn eins og vert er," segir Þingvallanefnd. **- gar**

MP og ÍV hætta við:

Slíta viðræðum um sameiningu

VIÐSKIPTI MP banki og Íslensk verðbréf hf. (ÍV) hafa hætt við að sameina félögin, að því er fram kemur í tilkynningu.

Viðræður hófust í maí í fyrra eftir tilboð MP í hlutafé ÍV. Breyttar forsendur og ólíkar áherslur eru sagðar hafa leitt til samkomulags um að hverfa frá viðskiptunum. „Munu fyrirtækin áfram starfa hvort í sínu lagi og hlúa að þeim markmiðum og áherslum sem þau hafa starfað eftir," segir í tilkynningu fyrirtækjanna. **- óká**

Þrjár andategundir hverfa af Tjörninni

Andapör við Reykjavíkurtjörn hafa aldrei verið jafn fá og í fyrra. Þrjár tegundir anda munu hverfa að öllu óbreyttu. Höfundar nýrrar skýrslu segja ástandið óviðundandi og leggja til að hafið verði ræktunarstarf eins og á árunum 1956-1970.

FUGLAVERND Aldrei frá upphafi mælinga á fuglalífi Reykjavíkurtjarnar árið 1973 hafa andapör verið jafn fá og á síðasta ári. Varpafkoman var jafnframt ein sú lélegasta sem mælst hefur.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Ólafur K. Nielsen vistfræðingur og Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndarfélags Íslands, unnu fyrir borgaryfirvöld.

„Fimm andategundir hafa verið árvissir varpfuglar á þessu tímabili: stokkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður. Varpstofnum gargandar, duggandar og æðar hefur hnignað verulega og að óbreyttu munu þessar tegundir hverfa úr fuglafánu Tjarnarinnar innan fárra ára," segir í skýrslunni.

Þrjár meginskýringar eru taldar líklegastar á lélegri varpafkomu: fæðu- skortur, afrán og hnignun búsvæða.

„Tjörnin er fuglagarður í miðri borg og umsjón og ábyrgð þessa svæðis er á hendi borgaryfirvalda.

ÓLAFUR K. NIELSEN Ólafur og Jóhann Óli eru mjög ósáttir við ástand mála við Tjörnina.

ENDUR Í TJÖRNINNI Höfundar skýrslunnar leggja til að hafið verði ræktunarstarf við Tjörnina eins og á árunum 1956 til 1970. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Andavarp í Vatnsmýrinni gengur betur

Andavarp í friðlandinu í Vatnsmýrinni hefur gengið mun betur en við Tjörnina. Í skýrslunni segir að aðeins eitt gargandarpar hafi verið á Tjörninni vorið 2013 og að varpstofninum hafi hrakað verulega. Á svipuðum tíma hafi sést til gargandar í Vatnsmýrinni. Vel hafi gengið hjá henni með ungahóp sinn sem ólst þar upp í skjóli kríuvarpsins.

Ástand mála við Tjörnina er fullkomlega óviðunandi og í engu samræmi við mikilvægi Tjarnarfuglanna fyrir borgarbúa," segir í skýrslunni.

Í henni er lagt til að hafið verði ræktunarstarf, líkt og stundað var á árunum 1956 til 1970, þegar egg voru klakin og ungarnir aldir á Tjörninni. Jafnframt að ráðinn verði eftirlitsmaður til að sjá um umhirðu fuglanna. „Nýleg endurheimt votlendis í friðlandinu í Vatnsmýri er af hinu góða og þessum tilraunum veður haldið áfram á árinu 2014."

Framkvæmdirnar í Vatnsmýrinni hafa staðið yfir frá árinu 2012 að frumkvæði Norræna hússins í samstarfi við Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands. Jarðvegur hefur verið fjarlægður og yfirborðið lækkað. Þannig verður búsvæðið blautara sem leiðir til þess að kjörlendi, sérstaklega fyrir endur til að verpa í, stækkar.

Skýrsluhöfundar segja að framkvæmdirnar hafi haft jákvæð áhrif á fuglalífið. Kríuvarp hafi verið í uppsveiflu og endur komið upp ungum undir verndarvæng hennar. „Það er von okkar að þessar breytingar hafi jafnframt áhrif á varp anda, það þéttist og fái vernd í friðlandinu."

freyr@frettabladid.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



VETRARBLÍÐA Fremur hæg norðaustanátt á landinu um helgina og léttskýjað en skýjað með köflum og stöku él norðaustan til. Sólin skín glatt og er lágt á lofti og því getur verið nauðsynlegt að nota sólgleraugu við hvers kyns akstur eða útivist.



Á morgun
3-8 m/s.



Mánudagur
Vaxandi SA-átt SV-til.

Alicante	21°	Billund	8°	Gautaborg	5°	London	11°
Basel	8°	Frankfurt	12°	Kaupmannahöfn	5°	Mallorca	21°
Berlín	10°	Friedrichshafen	12°	Las Palmas	18°	New York	1°
Orlando	21°	San Francisco	15°				
Ósló	3°	Stokkhólmur	3°				
París	12°						

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

NOTAÐIR BÍLAR
MIKIÐ ÚRVAL

Gerðu betri bílakaup!

GÓÐIR AFSLÆTTIR og ALLT AÐ **80% FJÁRMÖGNUN** Á VÖLDUM BÍLUM*

Komdu!

▶ Verð: 4.190.000 kr.
Mazda6 Vision ARF14
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 22.000 km.
Í ábyrgð

▶ Tilboð: 990.000 kr.
Ford Focus Ghia Wagon YJ899
Skráður apríl 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 166.000 km.
Ásett verð: 1.090.000 kr.

▶ Tilboð: 1.790.000 kr.
Hyundai i20 Classic LVB51
Skráður ágúst 2011, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 1.940.000 kr.

▶ Tilboð: 1.390.000 kr.
Skoda Octavia Ambiente LI505
Skráður apríl 2007, 1,9TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 215.000 km.
Ásett verð: 1.590.000 kr.

▶ Tilboð: 2.640.000 kr.
Ford Focus Trend ZER40
Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 39.000 km.
Ásett verð: 2.890.000 kr.
Í ábyrgð

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS

TÖKUM ALLAR GERÐIR BÍLA UPPÍ!

▶ Tilboð: 1.990.000 kr.
Citroën C3 Seduction ZPY30
Skráður maí 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 33.000 km.
Ásett verð: 2.190. 000 kr.
Í ábyrgð

▶ Tilboð: 1.990.000 kr.
Citroën C8 sx DAL57
Skráður júní 2008, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.

▶ Tilboð: 2.630.000 kr.
Mazda3 Advance VYL56
Skráður mars 2013, 1,6TDi dísil, beinsk.
Ekinn 25.000 km.
Ásett verð: 2.830.000 kr.
Í ábyrgð

▶ Tilboð: 2.590.000 kr.
Citroën C4 Comfort SNZ90
Skráður mars 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 29.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.

▶ Tilboð: 2.990.000 kr.
Ford Focus Trend Edition ONK73
Skráður apríl 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.
Í ábyrgð

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!

▶ Verð: 2.690.000 kr.
Ford Escape Limited AWD RZE50
Skráður sept. 2008, 3,0Di bensín, sjálfsk.
Ekinn 79.000 km.

▶ Tilboð: 990.000 kr.
Nissan Primera Acenta VE638
Skráður okt. 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 115.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.

▶ Tilboð: 2.490.000 kr.
Ford Edge SEL Plus AWD SIS80
Skráður ágúst 2007, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.

▶ Tilboð: 1.940.000 kr.
Ford Fiesta Trend MUE42
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 32.000 km.
Ásett verð: 2.090.000 kr.
Í ábyrgð

▶ Tilboð: 1.540.000 kr.
Hyundai i30 Classic TOH76
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.

Fylgstu með á **FACEBOOK**
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

PARFTU 100% FJÁRMÖGNUN?
HAFÐU SAMBAND VIÐ RÁÐGJAFA OG FÁÐU UPPLÝSINGAR UM HVAÐ ER Í BODI.

VIÐ TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ
Við tökum notaða bílinn þinn uppí á hagstæðu verði. Sýndu okkur bílinn þinn og við gerum þér tilboð í milliggjöf. Engin skuldbinding.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Kaskótrygging er forsenda fyrir fjármögnun ásamt því að lántaki standist lánshæfis- eða greiðslumat.

Íslenski vörubílstjórinn:

Bar ekki ábyrgð á árekstrinum

NOREGUR Íslenski vörubílstjórinn, sem lenti í árekstri við rútu skammt frá Veme í Noregi verður ekki ákærður. Eftir að hafa yfirheyrt hann komust norsk yfirvöld að þeirri niðurstöðu að hann hefði ekki borið ábyrgð á slysinu.

Fram kemur á vef norska ríkisútvarpsins, NRK, að lögreglan telji óvenju erfiðar aðstæður hafa verið til aksturs á slysstaðnum. Hálkan var það mikil að bifreiðarstjórinn gat ekki við neitt ráðið.

Slysið kostaði þrjá lífið. - gb

Rannsókn sérstaks saksóknara felld niður tæpum þremur árum eftir handtökur forsvarsmanna VÍS:

Fyrrverandi forstjóri VÍS laus allra mála

LÖGREGLUMÁL Rannsókn sérstaks saksóknara á hendur Guðmundi Erni Gunnarssyni, fyrrverandi forstjóra VÍS, hefur verið felld niður og hann laus allra mála. Guðmundur hefur fengið sent bréf þar að lútandi frá embættinu.

Rannsóknin var hluti af málum tengdum Exista og sneri að lánveitingum VÍS á árunum 2007 til 2009. Greindi embættið frá því á vordögum 2011 að grunur léki á um meint brot á auðgunarbrotum hegningarlaga í tengslum við ráðstafanir á fjármunum vátryggingafélagsins og brot á lögum um vátryggingastarfsemi. Málinu var vísað til embættisins með kæru frá Fjármálaeftirlitinu (FME). „Ég er ennþá að meta þetta, en mun skoða það alvarlega að leita réttar míns," segir Guðmundur Örn. Hann segir standa gagnrýni sem hann hafi á sínum tíma sett fram á málatilbúnaðinn. „Að mínu mati átti þetta aldrei að fara af stað með þeim hætti sem gert var."

Þegar Guðmundur óskaði eftir því að láta af störfum seinni hluta maímánaðar 2011, sagðist hann með því ekki fallast á aðfinnslur FME heldur vilja standa vörð um hagsmuni tryggingafélagsins. Viku síðar var hann handtekinn og færður til yfirheyrslu, ásamt Lýði Guðmundssyni, sem var forstjóri Exista, og Erlendi Hjaltasyni, sem var annar forstjóra Exista. Stóðu þær daglangt og fram eftir kvöldi. - óká

„Að mínu mati átti þetta aldrei að fara af stað með þeim hætti sem gert var.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fyrrverandi forstjóri VÍS.

Ósáttur við uppstillingu:

Tekur ekki sæti á framboðslista

STJÓRNMÁL „Ef maður eða kona með meiri reynslu af bæjarpólitíkinni og öðrum störfum hefði lent í fyrsta sætinu þá hefði ég mögulega sætt mig við þriðja sætið," segir Pétur Ólafsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, sem vildi leiða framboðslista Samfylkingarinnar en var boðið þriðja sætið sem hann þiggur ekki. Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri Íslenskrar getspár, verður í fyrsta sæti.

PÉTUR ÓLAFSSON

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt með rúmlega 50 atkvæðum gegn 22. „Ég hefði sætt mig við að tapa lýðræðislega en ekki svona," segir Pétur. - sój

Bauð ungum dreng sælgæti:

Tældi barn við Laugarnesskóla

LÖGREGLUMÁL Maður á hvítum sendibíl reyndi á fimmtudag að lokka dreng í bílinn með sælgæti nærri Laugarnesskóla.

Drengurinn neitaði. Málið var tilkynnt lögreglu. Þetta er í fjórða sinn á árinu sem reynt er að tæla barn í bíl nærri Laugarnesskóla. Fyrr í mánuðinum reyndi kona að tæla barn upp í bíl sinn. Í janúar reyndu tveir menn að lokka börn í bíla. Í bæði skiptin var þeim lofað sælgæti. - eh

LEIÐRÉTTING

Dómur í TM-málinu

Í umfjöllun Fréttablaðsins í gær var ranglega hermt að Guðmundur Hjaltason væri Snorrason og að Lárus Welding notaði nú nafnið Lárus Snorrason.

Drengir miður sín yfir sprengjuhótun

Tveir þrettán ára drengir stóðu á bak við fölsku sprengjuhótunina hjá WOW Air. Aðstoðaryfirlögregluþjónn segir þá ekki hafa áttað sig á afleiðingunum og að þeir séu miður sín yfir þessu. Barnavernd veitir foreldrum uppeldislegan stuðning.

LÖGREGLUMÁL Tveir þrettán ára drengir stóðu á bak við fölsku sprengjuhótunina hjá flugfélaginu WOW Air fyrr í vikunni en ekki einn eins og fyrst kom fram í tilkynningu frá lögreglunni.

Að sögn Jóhanns Jenssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á Suðurnesjum, greindi drengurinn sem fyrst var grunaður um verknaðinn frá því við yfirheyrslu að vinur hans hefði verið með honum. Hringdu þeir úr farsíma annars þeirra.

„Þetta var bara strákskapur í þeim. Þeir gerðu sér enga grein fyrir því hvað þeir voru að gera og hvaða áhrif þetta hefði. Þeir voru ekkert að hugsa út í hvað fylgdi svona hringingu," segir Jóhann aðspurður. „Þeir voru mjög miður sín strákagreyin þegar þetta rann allt upp fyrir þeim."

Hann segir að málið teljist núna upplýst og verður það ekki rannsakað frekar af lögreglunni. „Þeirra mál verður til afgreiðslu hjá barnaverndaryfirvöldum eftir því sem þörf er á. En það verður ekki meira aðhafst í því af okkar hálfu."

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar í Reykjavík, segir að fulltrúi frá Barnavernd sé ávallt viðstaddur skýrslutökur hjá lögreglunni ef börn eru ósakhæf. „Þeim er ekki refsað en foreldrarnir geta þurft uppeldislegan stuðning," segir hún, spurð út í ferlið sem fer í gang.

Flugvél Wow Air var á leið frá Gatwick í London þegar þjónustuveri WOW Air barst tilkynning um að sprengja væri um borð.

FLUGVÉL WOW AIR Viðbúnaðurinn var mikill á Keflavíkurflugvelli vegna sprengjuhótunarinnar. VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI BÁR

➜ Óvissa og stress vegna sprengjuútkalla

Aðspurður segir Sigurður Ásgrímsson, yfirmaður séraðgerða og sprengjusviðs Landhelgisgæslunnar, mál sem þessi vera grafalvarleg.

„Þetta er gríðarlegur kostnaður, bæði fyrir flugfélagið og svo eru þetta óþægindi fyrir farþega. Eins og með gabbið í Faxaflóa starfa margir sjálfboðaliðar og fleiri við þetta og leggja sig í hættu," segir Sigurður og bætir við að sem betur fer hafi þær sprengjuhótanir varðandi flugvélar sem hafi verið gerðar hér á landi verið gabb. Flestar hafi þær verið gerðar hjá erlendum flugfélögum.

Sjálfur hefur hann tekið þátt í á annan tug aðgerða vegna slíkra gabba á jafnlöngum tíma. „Það er alltaf ákveðin óvissa og stress sem fylgir því að lenda í þessu frá því að vélin er komin inn til lendingar þar til búið er að koma farþegunum út. Þá auðvitað léttir manni alltaf."

Hann segir að útkallið vegna WOW Air-vélarinnar hafi verið óvenju stutt, eða fjórar klukkustundir. Mest hefur hann þurft að eyða á annan sólarhring í gabbútkall vegna flugvélar.

Mikill viðbúnaður var á Keflavíkurflugvelli þegar vélin lenti. Rútur, lögreglubílar og slökkviliðsbílar voru á svæðinu, auk fjögurra sprengjuleitarmanna frá Landhelgisgæslunni, þar af eins vettvangsstjóra. 150 manns voru í flugvélinni og var þeim veitt áfallahjálp sem þurftu á að halda.

freyr@frettabladid.is

SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR Þingvallanefnd vill nýja Valhöll. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Greiða ríkinu 230 milljónir:

Ný Valhöll fyrir brunabæturnar

STJÓRNMÁL Samkomulag hefur náðst milli forsætisráðuneytisins og tryggingafélagsins Varðar um greiðslu brunabóta að upphæð 230 milljónir króna fyrir Hótel Valhöll sem brann árið 2009.

Í bókun Þingvallanefndar kemur fram að nefndin fari þess á leit við forsætisráðuneytið að bæturnar verði nýttar til að byggja nýja Valhöll.

„Það er eindreginn vilji okkar í nefndinni að reisa nýja Valhöll á Þingvöllum," segir Sigrún Magnúsdóttir, formaður Þingvallanefndar. - eh

Ráðherra með efasemdir:

Afglæpavæðing neyslu á Íslandi

HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur lýst því yfir að hann efist um ríkjandi stefnu í fíkniefnamálum hér á landi. Skoðuninni lýsti hann á fundi Heimdellinga um stefnu stjórnvalda í fíkniefnamálum.

„Ég er mjög hallur undir þá skoðun að við eigum að reyna að afglæpavæða neysluna í þessum málum," sagði Kristján sem telur grundvallarbreytingu þurfa.

„Ég er að bjóða upp í þann dans og er sannfærður um að við þurfum að beita öðrum meðulum." - eh

SUBARU FORESTER

Fjórhjóladrif og nóg pláss fyrir farangur og farþega.

Subaru Forester 2.0 Premium
Verð: 5.790.000 kr.

6,5 l/100 km
í blönduðum akstri

SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT
Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann þegar minnst er á Subaru. En hvað með **akstursöryggi**? Það nægir að nefna lágan þyngdarpunkt vegna þverliggjandi BOXER véla, sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu eða þá staðreynd að allir Subaru bílar eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERÐU ÖRUGG BÍLAKAUP – KAUPTU SUBARU!

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar, Reykjanesbæ, 420 0400 – Bílasalan Bílás, Akranesi, 431 2622 – Bílasala Akureyrar, Akureyri, 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands, Egilsst., 470 5070 – IB ehf., Selfossi, 480 8080

BL ehf / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

EN NEMM / SÍA / NM61342

TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SKÓM 13.-16. FEBRÚAR

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 16. febrúar.

Kiwi skóáburður og rakavörn
-ómissandi fyrir góða umhirðu á skófatnaði

KIWI SINCE 1906 QUALITY SHOE POLISH PROTECTS • WATERPROOFS • SHINES

-alveg skínandi

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

STUÐ Strákar og stelpur skemmtu sér konunglega meðan DJ Margeir sá um tónlistina.
MYND/SALKA MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

GLEÐI Dagur B. Eggertsson mætti ásamt börnum sínum, Eggert og Móeiði.
MYND/SALKA MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

INNLIFUN Gestir Hörpunnar nutu sín í botn á viðburðinum.
MYND/SALKA MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

Átakið Milljarður rís með UN Women í Hörpunni:

Dansað gegn ofbeldi

JAFNRÉTTISMÁL Mikill fjöldi fólks lagði leið sína í Hörpu í gær til að taka þátt í átakinu Milljarður rís sem UN Women héldu í samstarfi við Sonar Reykjavík og Rvk Lunch Beat.

Milljarður rís er alþjóðlegt átak með Eve Ensler í fararbroddi og felst í því að milljarður manna og kvenna kemur saman og dansar í sameiningu gegn ofbeldi gegn konum en átakinu er ætlað að vekja athygli á stöðu kvenna út um allan heim.

Vel tókst til í Hörpu í gær og er áætlað að um 2.500 manns hafi mætt og tekið þátt í dansinum.

- eh

Þurfum að læra að byggja í þéttri byggð

Þörf er á skýrari verklagsreglum við framkvæmdir í þéttri byggð, segir Páll Hjaltason, formaður umhverfis- og skipulagsráðs. Tryggja verði að ekki verði aftur röskun eins og á Lýsisreitnum. Páll er undrandi á afstöðu tryggingafélaga.

BYGGINGAR Páll Hjaltason, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir Reykvíkinga skorta þekkingu á því hvernig eigi að byggja í þéttri byggð. Hann kveðst fagna umræðunni um sprengingarnar á Lýsisreitnum þar sem verið er að undirbúa byggingu fjölbýlishúss.

„Þar virðast að vísu vera sérstaklega einkennilegar aðstæður. Gömlu húsin sem standa á móhellu á klöppinni sem verið er að sprengja virðast hristast mest.“

INGI B. POULSEN

Byrjað var að sprengja klöppina þar 6. janúar síðastliðinn en þrátt fyrir að íbúar hefðu fljótlega kvartað yfir því að allt léki á reiðiskjálfi og að munir og hús hefðu skemmst var magn sprengiefnis ekki minnkað um helming fyrr en í þessari viku. Þar með má gera ráð fyrir að sprengingum ljúki ekki um næstu mánaðamót eins og áætlað var.

„Byggingarfulltrúi Reykjavíkur hefur fylgst vel með verkinu frá upphafi og viðkomandi verktaki sprengir oftast undir 30 prósentum af leyfilegu hámarki í verkefnum sínum. Það þarf hins vegar að vakta þessa staði hvern fyrir sig og tryggja að svona gerist ekki aftur eins og á Lýsisreitnum þar sem aðstæður virðast magna upp sprengikraftinn,“ segir Páll.

Hann tekur fram að þörf sé á skýrari verklagsreglum. „Við höfum verið að ræða þessi mál. Skoða þarf hvort gefa eigi byggingarfulltrúa skýrari og meiri heimildir um þessa hluti. Við þurfum að læra að byggja inni í byggð þannig að sem minnst röskun verði. Það er viðbúið að upp komi atriði sem færa þarf til betri vegar þegar farið verður að byggja í Kvosinni og á Laugaveginum. Ég óttast að þrýstingur um að verkinu verði lokið sem fyrst fari ekki saman við hagsmuni umhverfisins.“

MOLNAÐ ÚR VEGGJUM Auður Sigríður Kristinsdóttir sýnir hvernig molnað hefur úr veggjum í kjallara húss hennar vegna sprenginganna á Lýsisreitnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íbúar í nágrenni við Lýsisreitinn vilja bætur vegna meintra skemmda á eigum sínum. Þeir segjast hafa fengið þær upplýsingar að verktakinn hafi sprengt innan viðmiðunarmarka og þess vegna fáist bætur ekki greiddar. „Ég er dálítið hissa á þessari afstöðu tryggingafélaganna,“ segir Páll.

Hverfisráð Vesturbæjar segir framkvæmdir eiga að ganga betur en svo að íbúar séu óöruggir með rétt sinn.

Umboðsmaður borgarbúa, Ingi B. Poulsen, segir að ekki hafi verið leitað til sín vegna málsins. „Það er eitt af verkefnum

„Við þurfum að læra að byggja inni í byggð þannig að sem minnst röskun verði.

Páll Hjaltason, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur

umboðsmanns borgarbúa að leiðbeina þeim um réttarstöðu sína í þeim tilvikum þegar þeir telja að Reykjavíkurborg hafi brotið á þeim rétt með einhverjum hætti. Þá er það jafnframt hlutverk hans að hafa eftirlit með stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og getur hann tekið einstaka þætti hennar til rannsóknar.“

ibs@frettabladid.is

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2014

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 17. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS

» Venjuleg ársfundarstörf
» Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 23. janúar 2014
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | Fax 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is

MYNDAVÉLIN AFHENT Frá vinstri: Gísli Þorsteinsson, markaðsstjóri Nýherja, Jón Rúnar Hilmarsson og Eyjólfur Jóhannsson, vörustjóri Sony hjá Nýherja.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Rúnar Hilmarsson vann jólamyndakeppnina:

Fékk Sony-myndavél

VERÐLAUN Jón Rúnar Hilmarsson, sem bar sigur úr býtum í jólamyndakeppni Fréttablaðsins, fékk á dögunum afhent sigurlaunin sem voru glæsileg Sony-myndavél frá Sony Center.

Um er að ræða svokallaða A300-vél með útskiptanlegum linsum og HD-vídeóupptöku.

Sigurmynd Jóns var af norðurljósum yfir Skarðshyrnunni á Skarðsheiði, en hann býr í Melahverfinu í Hvalfirði þar sem hann starfar sem skólastjóri.

Alls bárust 272 myndir í jólamyndakeppnina en þátttakendur hlóðu upp myndum sínum á vefsíðuna Ljosmyndakeppni.visir.is þar sem hægt er að skoða allar myndirnar.

Lesendur gátu kosið myndir á Vísi og hafði dómnefnd keppninnar kosninguna til hliðsjónar.

- fb

RISA
jeppasýning í dag

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

Í dag, laugardaginn 15. febrúar hyllum við Toyota jeppa með glæsilegri sýningu í Kauptúni frá klukkan 12 - 16. Við sýnum Hilux, Land Cruiser og RAV4 í öllum helstu útfærslum.

Breyttir jeppar á 33 - 46 tommu dekkjum verða bæði í sal og á útisvæði.

Arctic Trucks kynnir 6x6 götuskráðan ofurjeppa, dekkjakynning frá Kletti, Ferðafélag Íslands kynnir starfsemina og 66° Norður kynnir útivistarfatnað. Freyju sælgæti og ískalt Coca Cola á staðnum.

Ekki missa af STÆRSTU bílasýningu ársins.
Við hlökkum til að sjá ykkur.

Erum á Facebook - Toyota Kauptuni

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Samstarfsaðilar:

KLETTUR

LAKK RÍS Draumur

ARCTIC TRUCKS

Þjóðhagsstofnun og 63 græn ljós

Þingheimur allur var á einu máli haustið 2010 um að endurreisn Þjóðhagsstofnunar væri eðlilegt skref í kjölfar efnahagshrunsins. Starfshópur um málið kom aldrei saman. Oddvitar ríkisstjórnarinnar lýstu því báðir yfir að slík stofnun hefði hlutverki að gegna.

FRÉTTASKÝRING

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Hvað er að frétta af endurreisn Þjóðhagsstofnunar?

Ein af niðurstöðum Rannsóknarskýrslu Alþingis var sú að nauðsynlegt væri að endurreisa Þjóðhagsstofnun. Undir þetta sjónarmið tók þingheimur allur í september 2010 þegar þingsályktunartillaga Jóhönnu Sigurðardóttur þessa efnis, er byggði á niðurstöðu Rannsóknarskýrslunnar og tillögum Atlanefndarinnar svokölluðu, var samþykkt með 63 greiddum atkvæðum. Byggt á þessu barst tilkynning stuttu fyrir síðustu alþingiskosningar frá forsætisráðuneytinu að til athugunar væri að koma á fót nýrri Þjóðhagsstofnun og hagráði sérfræðinga til að leggja mat á eitt og annað er viðkæmi efnahagslífi þjóðarinnar, og var skipaður starfshópur í þessu skyni. Verkefni nýrrar sjálfstæðrar stofnunar yrðu að vinna að efnahagsspám og samhæfingu hagstjórnar.

Gagnrýni forsætisráðherra

Eins og alþjóð veit gagnrýndi Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra það hart í ræðu sinni á Viðskiptaþingi að Seðlabankinn skyldi leggja vinnu í sérstaka greiningu á áhrifum skuldaleiðréttinga ríkisstjórnarinnar á verðbólguhorfur. Svar bankans, eins og Fréttablaðið sagði frá í gær, var að hagdeildin væri einungis að sinna lögbundnum skyldum sínum, enda fyrirsjáanlegt að við skuldaleiðréttinguna yrði um töluverða breytingu á þjóðhagsspá að ræða.

Þjóðhagsstofnun var lögð niður árið 2001 af þáverandi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, en hann sem forsætisráðherra gagnrýndi stofnunina hart misserin á undan fyrir þjóðhagsspár sínar. Menn með gott minni rifja það einnig upp að gagnrýnin laut að því að Þjóðhagsstofnun hafði ráðist í óvinsælar greiningar á efnahagslífinu og þær taldar til óþurftar vegna þess hversu illa þær stóðust. Þó skal hafa hugfast að hugmyndir um að leggja stofnunina af voru hvergi nærri nýjar af nálinni eftir aldamótin, heldur dúkkuðu þessar hugmyndir upp með reglulegu millibili um langt árabil. Stofnunin var hins vegar lögð niður með því fororði að um hagræðingu í ríkisrekstri væri að ræða, og voru verkefni stofnunarinnar færð til forsætisráðuneytisins og Hagstofu Íslands með áþekkum fjárheimildum og Þjóðhagsstofnun hafði fram til þess tíma.

Út í bæ

Nokkrir viðmælendur Fréttablaðsins telja að gagnrýni Sigmundar sé klárt merki um vantraust á milli bankans og ríkisstjórnarinnar; aðrir draga úr þeirri fullyrðingu. Hins vegar er gagnrýnin túlkuð sem skýrt merki þess að þörf sé á sterkum sjálfstæðum efnahagsgreinanda og það verði aldrei friður um að „spár til grundvallar stórum málum séu allar keyptar út í bæ“.

Á sama tíma efast menn um getu nýrrar stofnunar til að viðhalda sjálfstæði sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það gerði Sigmundur Davíð einmitt líka í ræðu vegna tillögu forvera síns um að Þjóðhagsstofnun yrði endurreist, og fyrr er getið.

„Varðandi tillögur um stofnun sjálfstæðrar ríkisstofnunar sem starfi á vegum Alþingis og hafi það hlutverk að meta og gefa út spár fyrir efnahagslífið á sama hátt og Þjóðhagsstofnun gerði, þá tek ég undir það. Ég vil þó ítreka að engu að síður er til staðar sú hætta að slík stofnun fari að þjóna framkvæmdarvaldinu á sama hátt og margar stofnanir sem eiga í raun að vera undir Alþingi settar hafa einhvern veginn leiðst undir framkvæmdarvaldið,“ sagði Sigmundur í ræðu sinni 14. september 2010.

Þann sama dag sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í sinni ræðu að „varðandi sérstaka þjóðhagsstofnun eða einhvern aðila sem leggur mat á stöðu efnahagsmála hverju sinni og er þinginu og eftir atvikum stjórnvöldum til ráðgjafar þá tel að það sé skynsamlegt“, og rifjaði upp greinarskrif sín frá febrúar 2008 þar sem hann lagði til að slíkri rannsóknarstofnun yrði komið á innan háskólanna. „[...] ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt og nauðsynlegt fyrir okkur á þinginu, og það er hluti af þeim verkfærum sem við þurfum að hafa til þess að geta lagt mat á forsendur fjárlaga og annað þess háttar að geta átt aðgang að slíkum hlutlausum upplýsingum,“ sagði Bjarni.

Hvar er málið statt?

Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, en hann var jafnframt skipaður formaður starfshópsins um endurreisn Þjóðhagsstofnunar, segir í svarbréfi til Fréttablaðsins að þar sem hópurinn hafi verið settur á fót mjög stuttu fyrir kosningar hafi hann aldrei komið saman. „Í kjölfar kosninganna hefur verið til skoðunar hvernig best væri að halda á endurskoðun þessara mála. Ég geri ráð fyrir því að niðurstaða í því máli liggi fyrir fljótlega,“ skrifar Tómas en gefur ekki upplýsingar um hvort Þjóðhagsstofnun er enn uppi á borðum, eða hvort aðrar hugmyndir um skipan mála eru líklegri.

ODDVITAR Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar gefur ekkert uppi um endurreisn Þjóðhagsstofnunar, þrátt fyrir að oddvitar stjórnarinnar telji báðir að slík stofnun gæti haft mikilvægu hlutverki að gegna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vaktaði árferði og afkomu þjóðarinnar

Þjóðhagsstofnun var ríkisstofnun sem var komið á fót árið 1974 og kom í stað hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og tók við öllum verkefnum hennar.

- Stofnunin heyrði undir forsætisráðherra og átti að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Heimild: Frumvarp til laga um niðurlagningu Þjóðhagsstofnunar

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrými í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

4,4 — Eyðsla frá 4,4 l/100 km

114g — CO_2 frá 114 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI

Way of Life!

SWIFT

...eins og tónlistin – veitir ánægju og gleði inn í lífið á hverjum degi.

EURO NCAP FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
★★★★★

SUZUKI SWIFT SPORT, GL. GLX, 4X4 OG DÍSIL
Frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, bensín, beinskiptur) CO^2 116g/km

Grænn skref í Reykjavík
Vistvænn bíll

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf. feb. 2014

Renzi kominn í stellingar:

Vill breytingar á stjórnskipan

ÍTALÍA, AP Matteo Renzi, sem fullvíst er talið að fái stjórnarmyndunarumboð á Ítalíu nú um helgina, hefur þegar rætt við mótherja sína um stuðning við breytingar á kosningalögum, sem hann vonast til að aflétti því lamandi ástandi sem þing landsins hefur verið í.

Renzi knúði á miðvikudag flokksfélaga sinn, Enrico Letta, til þess að segja af sér sem forsætisráðherra. Letta afhenti Giorgio Napolitano forseta afsagnarbréf sitt í gær. - gb

Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna vill draga Norður-Kóreu fyrir stríðsglæpadómstól:

Hefur gögn um glæpi gegn mannkyni

BANDARÍKIN, AP Rannsóknarnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur tekið saman gögn sem sýna að stjórnvöld í Norður-Kóreu hafi framið alvarlega glæpi gegn þjóð sinni, þar á meðal glæpi gegn mannkyni.

Þetta kemur fram í skýrslu sem kynnt verður á mánudaginn. Fréttastofan AP hefur fengið upplýsingar um innihald skýrslunnar frá tveimur einstaklingum, sem þekkja innihaldið vel.

Nefndin fer fram á að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna feli Alþjóðlega sakadómstólnum í Haag að höfða mál á hendur norður-kóreskum stjórnvöldum. Ólíklegt er þó að af málshöfðun verði þar sem Kína og ef til vill fleiri fastaríki í öryggisráðinu, sem hafa þar neitunarvald, hafa staðið gegn slíku áður.

Norður-kóresk stjórnvöld eru meðal annars sökuð um fjöldamörg mannrán í Suður-Kóreu og Japan.

Nefndin leggur einnig til að Allsherjarþing og Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna feli nýrri stofnun að fylgjast með mannréttindabrotum í Norður-Kóreu. - gb

KIM JONG-UN Leiðtogi Norður-Kóreu ásamt félögum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnar át og þyngdarvandi lífi þínu?

Nýtt líf: 5 vikna námskeið fyrir byrjendur hefst 20.02.14.

Fráhald í forgang: Framhaldshópur hefst 26.02.14.

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Hlíðasmári 10, 201, Kópavogi
Sími 568 3868
matarfikn@mfm.is
www.matarfikn.is

Til sölu

Erum með til sölu ýmiss konar búnað sem tengist rekstri á bakaríi.

Um er að ræða hrærivélar, eltikör, ofna og skurðarhnífa. Einnig form, mót og aðra smáhluti.

Áhugasamir geta haft samband á netfangið hbilar@landsbankinn.is.

Hömlur

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1956

Framboð í trúnaðarstöður
FRV

Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar.

Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegi 22.03.2014 og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Reykjavík 15. febrúar 2014

Stjórn Félags Rafeindavirkja

Á FERÐ Í ÖSKUMEKKINUM Kona á vélhjóli í bænum Solo á Indónesíu, skammt frá eldfjallinu Kelud, sem hefur heldur betur sett líf fólks úr skorðum á þessum slóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjórða eldfjallið gýs á rúmlega hálfu ári

Yfir hundrað þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín eftir að eldfjallið Kelud tók að gjósa á fimmtudag. Þá hafa orðið miklar truflanir á flugi og loka þurfti sjö flugvöllum. Hamfarirnar hafa kostað að minnsta kosti þrjá lífið.

INDÓNESÍA, AP „Eldsumbrotin hljómuðu eins og þúsundir sprengna væru að springa," sagði Ratno Pramono, bóndi í þorpinu Sugihwaras, sem er í um það bil fimm kílómetra fjarlægð frá eldfjallinu Kelud. „Ég hélt að dómsdagur væri að koma. Konur og börn hrópuðu og grétu."

Eldfjallið gaus með látum á fimmtudaginn og hefur síðan spýtt frá sér ösku í ómældu magni yfir nágrennið, meðal annars yfir borgina Súrabaja, sem er næst stærsta borg Indónesíu með um það bil þrjár milljónir íbúa.

Meira en hundrað þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín, en hamfarirnar hafa kostað að minnsta kosti þrjá lífið.

Miklar truflanir hafa orðið á flugi. Loka þurfti sjö flugvöllum og fella niður flug víða í þessum heimshluta, meðal annars í Ástralíu.

Eldfjallið Kuled er á eyjunni Jövu, en það er fjölmennasta og þéttbýlasta eyja Indónesíu. Þar býr um helmingur allra íbúa landsins, eða um 120 milljónir manna. Eldfjallið er í um 600 kílómetra frá höfuðborginni Djakarta.

Kelud er fjórða eldfjallið á Indónesíu sem gýs síðan í ágúst síðastliðnum. Vísindamenn hafa fylgst grannt með hræringum í fjallinu undanfarnar vikur.

Stjórnvöld gáfu út viðvörun á fimmtudag um að eldgos væri í aðsigi. Um hálfum öðrum klukkutíma síðar gaus fjallið með hvelli og hefur sent frá sér milljónir rúmmetra af gjósku út í andrúmsloftið.

gudsteinn@frettabladid.is

➜ Eldvirkni á Indónesíu

Kelud er fjórða eldfjallið sem gýs nú í vetur

1. Sinabung á norðanverðri Súmötru
Eldgos hófst í ágúst 2010 eftir fjögurra alda hlé. Eftir það hefur virkni sést reglulega í fjallinu. Goshrina stóð yfir frá september fram í nóvember á síðasta ári og svo aftur nú í janúar og febrúar.

2. Merapi á Jövu Hefur gosið reglulega síðan 2010 og kostað meira en 350 manns lífið. Nú síðast gaus fjallið í nóvember 2013.

3. Kelud á Jövu Gos hófst nú á fimmtudaginn, 13. febrúar 2014

4. Rokatenda á smáeyjunni Palú. Eldgos varð í ágúst 2013 og kostaði sex manns lífið.

Spánverjar hyggjast biðja gyðinga afsökunar á brottrekstri árið 1492:

Afkomendur fá ríkisborgararétt

SPÁNN, AP Spænsk stjórnvöld hafa í hyggju að biðja milljónir gyðinga afsökunar á framferði Spánverja gagnvart forfeðrum þeirra árið 1492, en þá voru gyðingar hraktir úr landi samkvæmt tilskipun Ferdinands þáverandi Spánarkonungs og Ísabellu drottningar hans.

Í sárabætur verður afkomendum hinna brotthröktu boðinn spænskur ríkisborgararéttur. Búist er við að lög um þetta verði sett innan fárra vikna.

Frá gyðingum í Ísrael hafa nú þegar borist hundruð fyrirspurna, en talið er að um helmingur þeirra sex milljóna gyðinga sem búa í Ísrael eigi ættir að rekja til þeirra, sem hraktir voru frá Spáni í lok 15. aldar. Þessi hópur er nefndur Sefardar, en á hebresku þýðir „sefardískur" svo mikið sem „spænskur".

Ekki er þó víst að öllum þeirra takist að sýna fram á nægilega skýr tengsl við þann hóp, sem hrakinn var frá Spáni.

„Ég er viss um að það getur orðið skriffinnskumartröð að finna út úr því hver á rétt á þessu og hver ekki," segir Malcolm Hoenlein, framkvæmdastjóri samtökum bandarískra gyðinga. - gb

SEFARDÍSKIR GYÐINGAR Um helmingur allra þeirra gyðinga, sem búa í Ísrael eru taldir afkomendur spænskra gyðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

FÁÐU MEIRA...

ORLANDO
3.890.000.-
LT BENSÍN 1.8L
BSK • 7 SÆTA

Bíll á mynd: Chevrolet Orlando LTZ

SJÖ SÆTA – NÓG PLÁSS FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA OG VININA LÍKA

Fjórhjóladrifinn Captiva og fjölskyldubíllinn Orlando eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn – sjáðu meira á benni.is.

CAPTIVA 4X4
5.990.000.-
LT DÍSEL 2.2L • 184 HÖ
SSK • 7 SÆTA

Bíll á mynd: Chevrolet Catpiva LTZ

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík	Reykjanesbær	Akureyri
Tangarhöfða 8	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2000	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun beinskipts i35 | blönduðum akstri

Frumsýnum nýjan Hyundai i10

Loksins smábíll í fullum

Komdu og prófaðu nýjan Hyundai i10 og þú munt komast að raun um að hann er meira en venjulegur smábíll. Nægt rými fyrir alla, mjúk og þægileg fjöðrun, hljóðlát vél og hurðinar þéttar og skemmtilegar. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að þar sé á ferðinni smábíll í fullum gæðum.

Bíll ársins

Carbuyer.co.uk – samtök breskra blaðamanna sem sérhæfa sig í umsögnum um nýja bíla gáfu nýjum Hyundai i10 fullt hús stiga og hæstu einkunn og þar með titilinn Bíll ársins.

Besti borgarbíllinn

Fyrir skemmstu völdu blaðamenn WHATCAR? nýja i10 besta borgarbílinn.
Útnefninguna fékk hann ekki síst fyrir aukið rými, þægindi í akstri og áberandi gæðafrágang.

B|L

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Frumsýning
Velkomin í kaffi og reynsluakstur
í dag milli kl. 12–16

gæðum

Hyundai i10 – verð frá: 1.990.000 kr.

Eyðsla: 4,7 l/100 km í blönduðum akstri.

Comfort útgáfa / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

Erfiðustu unglingarnir í Háholti

Síðasta úrræðið sem unglingar með hegðunarvanda fara í er meðferðarheimilið Háholt. Þangað fara líka þeir sem þurfa að afplána fangelsisdóm undir átján ára aldri. Starfsemin er ekki flókin, reynt er að koma rútínu á líf barnanna og kveikja áhuga á einhverju öðru en dópi.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Rétt fyrir utan Varmahlíð í Skagafirði stendur meðferðarheimilið Háholt, eitt þriggja meðferðarheimila sem rekin eru af Barnaverndarstofu. Húsið er ósköp venjulegt, eins og mjög stórt einbýlishús í miðri sveitinni.

Það eru aðeins tveir drengir á heimilinu núna og því vekur furðu að keyra upp að húsinu og sjá fimm bíla fyrir utan. Á móti blaðamanni og ljósmyndara taka forstöðumenn Háholts, þeir Ari Jóhann Sigurðsson og Hinrik Már Jónsson. Inni í eldhúsi er matráðskonan að undirbúa hádegismat, starfsnemi í tómstundafræðum aðstoðar.

„Drengirnir eru enn í kennslustofunni," segir Ari, býður okkur kaffisopa í eldhúsinu og svarar spurningu blaðamanns án þess að hún hafi verið borin upp. „Það eru ellefu starfsmenn hér á Háholti, í átta stöðugildum. Starfsmenn í vaktavinnu, kennarar og sálfræðingur í hlutastarfi, matráður og svo við forstöðumennirnir."

FORSTÖÐUMENN Hinrik Már Jónsson og Ari Jóhann Sigurðsson reka Háholt. Þeir segja að börn ættu að koma mikið fyrr á meðferðarheimili, áður en þau eru komin í svo djúpstæðan vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Komast burt frá neysluvinum

Til ársins 2005 var meðferðarpláss fyrir sex börn í húsinu en nú aðeins þrjú. Aðsókn á meðferðarheimili hefur minnkað, þótt börnum í vanda fækki ekki. Það hefur verið í umræðunni að fagfólk og foreldrar vilji heldur að börnin fái meðferð heima eða á heimili nær Reykjavíkursvæðinu, svo betri aðgangur sé að sérfræðingum og fjölskyldan komist í heimsókn.

„Við skiljum ekki þetta tal um aðgang. Hér kemur sálfræðingur einu sinni í viku, við eigum símafundi með geðlæknum og ég er sjálfur áfengis- og vímuefnaráðgjafi," segir Hinrik. „Hvaða sérfræðiþjónustu er verið að tala um? Ég held að staðsetning á svona stað sé ekki stóra málið, heldur hvernig starfið gengur innanhúss."

Ari segir að mikilvægt sé að taka börnin úr félagsskapnum og umhverfinu. „Flest þessara barna eiga bara neysluvini. Þar að auki strjúka þau miklu frekar ef það er stutt í bæinn. En best væri að hafa sem mesta fjölbreytni í úrræðum fyrir svo fjölbreyttan hóp."

Ekki flókin hugmyndafræði

Unglingarnir í Háholti eiga við alvarlegan hegðunarvanda að stríða. Í vinnslu er samningur milli Fangelsismálastofnunar og Háholts um að taka á móti unglingum sem þurfa að afplána fangelsisdóm. Sumir hafa því kallað Háholt endastöðina.

„Unglingarnir sem koma í meðferð eru ekki í afplánun og við rekum ekki staðinn sem slíkan. Það er boðið upp á vímuefna- og sálfræðimeðferð en henni er ekki troðið ofan í börnin," segir Ari. „Við náum síst til unglinga sem hafa einbeittan vilja til að halda áfram neyslu eftir dvölina og hafa engan áhuga á að breyta lífi sínu. En margir hafa gott af dvölinni og fá nýja lífssýn."

Hinrik bætir við að hugmyndafræði staðarins sé ekki flókin. „Við byrjum bara á grunninum og reynum að koma rútínu á líf þeirra. Vakna á morgnana og fara eftir einföldum reglum. Til dæmis var einn unglingur með aðeins eitt markmið í byrjun. Það var að vakna við vekjaraklukku. Hann var mjög stoltur þegar það tókst eftir tvær vikur."

Mikilvægt að kveikja áhuga

Það er að koma hádegismatur og drengirnir tveir koma báðir við í eldhúsinu til að athuga hvað sé í matinn. Þeir eru orðnir svangir og eru sáttir við svínasteik með öllu tilheyrandi. Annar þeirra er kominn með vinnu hjá bónda í nágrenninu. Hinn var að koma úr ökutíma, sem honum fannst svolítið erfiður í hálkunni. „Það eru fjölmörg börn sem hafa tekið bílpróf hjá okkur," segir Ari. „Já, og eignast áhugamál í fyrsta skipti."

Hinrik segir meðferðina vera einstaklingsmiðaða og reynt sé að finna eitthvað við hæfi hvers og eins. „Ein stúlkan sem kom hingað var mjög reið og erfið í skapi en leið vel við að baka. Þannig að hún bakaði allan daginn og fékk að lokum starf hjá bakaranum á Sauðárkróki."

Er hægt að gera betur?

Ari og Hinrik eru sammála um að nýta mætti meðferðarheimili fyrr, um leið og vandinn byrjar. Það gæti verið valkostur að koma á heimilið og geta valið úr tilboðum; fara í skóla, fá vinnu og eignast áhugamál – jafnvel í fyrsta skipti á ævinni.

En hvernig myndu Ari og Hinrik vilja bæta starfsemina ef nægt fjármagn væri til?

„Við myndum alla vega ekki ráða tíu áfengisráðgjafa," segir Hinrik hlæjandi. „Ég myndi heldur vilja sjá stigbreytta eftirmeðferð. Fá styrk til að kaupa eða leigja lítið hús á Sauðárkróki. Þangað gætu unglingar farið sem eru búnir með meðferð hér og sýna vilja til að bæta sig. Þetta yrði eins og lítið áfangaheimili. Þetta vantar sárlega því við horfum alltof oft upp á börn ná sér á strik hér hjá okkur en fara svo úr meðferðinni í tómarúm. Annaðhvort í ömurlegar heimilisaðstæður eða í gamla félagsskapinn. Þá vantar aukinn stuðning til að halda sér á réttri braut."

EINN LEIKUR FYRIR MAT Ávallt eru tveir starfsmenn á vakt í Háholti og reyna að kveikja áhuga unglinganna á ýmiss konar afþreyingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HERBERGIN Vistarverur unglinganna eru ansi fábrotnar enda gerist ósjaldan að þeir fái reiðiköst. Þá þarf að passa að þeir slasi sig ekki á oddhvössum húsgögnum og brothættu skrauti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **„Unglingarnir sem koma í meðferð eru ekki í afplánun og við rekum ekki staðinn sem slíkan. Það er boðið upp á vímuefna- og sálfræðimeðferð en henni er ekki troðið ofan í börnin."**
>
> *Ari Jóhann Sigurðsson, annar forstöðumanna Háholts.*

LAGT Á BORÐ Dýrleg svínsteik var borin á borð í heimilislegu eldhúsi. Heiða Kristín Másdóttir og Ragnhildur Halldórsdóttir hjálpuðust að við að undirbúa matinn á meðan drengirnir voru í tölvuleik. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

Sveppi og Villi koma í heimsókn kl. 13

www.kia.com

Komdu á Kia fjölskyldusýningu og sjáðu

sjö manna Carens

og alla hina bílana frá Kia í dag kl. 12–16

KIA
The Power to Surprise

Ykkur er boðið á Kia fjölskyldusýningu laugardaginn 15. febrúar milli 12 og 16.
Kia bílarnir hafa slegið í gegn á Íslandi eins og annars staðar. Á fjölskyldusýningunni verða **sjö manna bílarnir Carens og Sorento í aðalhlutverki**, enda sérlega hentugir fyrir fjölskyldur á ferð og flugi. Að sjálfsögðu verður öll Kia-stórfjölskyldan á staðnum líka.

Kaupauki með Carens: Tveir iPad og heilsársdekk

Í tilefni af fjölskyldusýningunni **fylgja heilsársdekk** og **tvær 16 GB iPad spjaldtölvur með höfuðpúðafestingum** hverjum nýjum Kia Carens. Gildir til 1. apríl 2014.

Komdu í Öskju á laugardaginn og kynntu þér stórfjölskylduna frá Kia.
Við tökum vel á móti þér.

Carens 1,7 dísil, beinskiptur 6 gíra

Verð frá 4.890.777 kr.

Aðeins **49.900 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

ergo *M.v. 1.980.000 kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,69%. Nánari upplýsingar á ergo.is.

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

HVITA HUSID/SIA – 131202

Þolir forsætisráðherrann enga gagnrýni?

Óumbeðið sjálfstæði Seðlabanka

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur í annað skiptið á stuttum tíma stokkið upp á nef sér gagnvart Seðlabankanum, að því er virðist af því að Seðlabankinn sinnir sínu lögbundna hlutverki.

Í nóvember létu forsvarsmenn bankans í ljósi ákveðnar áhyggjur af stærsta kosningamáli flokks forsætisráðherrans, róttækustu skuldaleiðréttingu í heimi. Ráðherrann brást reiður við, kallaði nálgun Seðlabankamanna „sérkennilega“ og sakaði þá um að ástunda fremur pólitík en hagstjórn.

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Í vikunni birti svo Seðlabankinn mat sitt á efnahagsáhrifum skuldalækkunarinnar. Bankinn telur að hún muni auka einkaneyzlu og innflutning, draga úr þjóðhagslegum sparnaði og viðskiptaafgangi og stuðla að lægra gengi krónunnar en ella. Þar með geti aðgerðirnar ýtt undir verðbólgu og útheimti harðara aðhald peningastefnunnar.

Þetta mat kemur ekki á óvart. Það fer hins vegar ógurlega í taugarnar á forsætisráðherranum að Seðlabankinn skuli leyfa sér að tala svona um uppáhaldskosningamálið hans. Hann furðaði sig á því á Viðskiptaþingi á miðvikudaginn að Seðlabankinn færi „óumbeðinn“ í þessa greiningu, ekki sízt af því að hann ætti eftir að skila af sér greiningu á greiðslujöfnuði Íslands, sem ríkisstjórnin hefði beðið um fyrir nokkru.

Talsmaður Seðlabankans stakk snyrtilega upp í forsætisráðherrann í viðtali hér í blaðinu í gær; benti á að bankinn nyti sjálfstæðis í því hlutverki sínu að passa upp á stöðugt verðlag í landinu og óhjákvæmilega þyrfti að greina efnahagsáhrif jafnumfangsmikilla aðgerða stjórnvalda. Þessi vinna væri jafnframt forsenda þess að hægt væri að fara í greiðslujöfnuðargreininguna.

Hnútukast Sigmundar Davíðs í Seðlabankann er ekki gott fyrir traust á efnahagslífinu. Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, sagði í Fréttablaðinu í gær að hann vissi ekki dæmi þess að forsætisráðherrar annarra ríkja brygðust þannig við gagnvart seðlabönkum. Erlendir greinendur sæju skortinn á trausti stjórnvalda í garð Seðlabankans og það veikti tiltrú þeirra á að hér yrði hægt að koma á stöðugleika.

Sjálfstæði Seðlabankans er ekki fundið upp í bankanum. Það er ákvörðun Alþingis, að grunni frá 2001, í valdatíð Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Rökin eru meðal annars að þannig séu stöðugleiki og fagmennska við stjórn peningamála betur tryggð en ef pólitíkusar eru með puttana í henni. Seðlabankinn gegnir líka sjálfstæðu greiningarhlutverki og þar með aðhaldshlutverki gagnvart ríkisstjórninni. Rifja má upp að síðast þegar þingið hnykkti á faglegu sjálfstæði bankans, meðal annars með stofnun peningastefnunefndar, studdi allur þingflokkur Framsóknar þá breytingu.

Forsætisráðherrann verður að sætta sig við að Seðlabankinn gerir og segir ekki alltaf það sem honum þóknast. Kannski þarf hann líka að rifja upp það sem honum hefur orðið tíðrætt um; að það sé hægt að komast að skynsamlegustu niðurstöðunni með rökræðum. Það útheimtir að menn hlusti á rök sem þeir eru ekki endilega sammála og útskýri þá sína hlið mála betur, í staðinn fyrir að fara í fýlu og skamma þá sem eru á annarri skoðun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur P. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

UPLEDGER INSTITUTE ISLAND

Nám í höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð hjá Upledger á Íslandi hefst 08. mars 2014

Kennt er um helgar

Námið er kennt í önnum og eru fimm annir til að klára námið og geta orðið skráður græðari. Önnin kostar 120.000kr, hægt er að skipta greiðslunni

Á fyrstu önninni eru kennd grunnatriði meðferðarinnar. Þau eru sett upp í 10 þrepa kerfi, sem er sérstaklega hannað og hugsað til að þjálfa færni og næmni meðferðaraðilans en hefur einnig þann kost að meðferðarþiggjandi er að fá frábæra meðhöndlun á öllum líkama.

Kennari er Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, CST.

Nánari upplýsingar um námið og skráning í síma 8630610 eða **erla@upledger.is. www.upledger.is**

Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, CST

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Ákvörðun um framhald eða slit

Forseti Íslands notaði vetrarólympíuleikana vel til að efla pólitísk tengsl við Rússland og Kína með viðræðum við æðstu valdamenn þessara ríkja. Þau samtöl eru liður í hugsjón hans að færa Ísland nær þeim ríkjum og fjær Evrópu og Bandaríkjunum. Stjórnarsáttmálinn endurspeglar sams konar utanríkispólitísk viðhorf.

Á sama tíma hafa helstu andstæðingar Evrópusambandsaðildar þyngt kröfuna um slit á aðildarviðræðunum.

Fastlega má því reikna með að komið sé að ákvörðun um framgang

málsins. Satt best að segja er óskiljanlegt að jafn stórt mál hafi verið látið hanga í lausu lofti í svo langan tíma. Það ber vott um nokkurt ráðleysi.

Form ákvörðunarinnar getur skipt máli rétt eins og efni hennar. Með því að Alþingi samþykkti ályktun um að hefja viðræðurnar er rökrétt að það eða þjóðin taki ákvörðun um slit þeirra. Áform utanríkisráðherra voru í fyrstu að láta ríkisstjórnina um það, en hann virðist hafa séð að sér. Tveir kostir eru því fyrir hendi. Annar er að Alþingi taki ákvörðunina. Hinn er að þjóðinni verði fært það vald.

Efnislega er síðan unnt að taka þrenns konar ákvarðanir: Í fyrsta lagi að halda viðræðunum áfram og fá niðurstöðu sem fyrst. Í öðru lagi að halda stöðu Íslands sem umsóknarríkis en framlengja hlé á viðræðum um ákveðinn eða ótiltekinn tíma og halda þannig dyrunum opnum. Í þriðja lagi er unnt að slíta viðræðunum fyrir fullt og allt og útiloka um leið þá kosti sem í aðild geta búið.

Afstaða þjóðarinnar

Skoðanakannanir gefa vísbendingu um afstöðu þjóðarinnar. Úr þeim má lesa þrennt: Í fyrsta lagi er meirihluti á móti aðild eins og málið er vaxið í dag. Í öðru lagi telur ríflegur meirihluti að ljúka eigi viðræðunum. Í þriðja lagi telur mikill meirihluti að þjóðaratkvæði eigi að fara fram um framhald málsins.

Skilaboðin sem þessar kannanir senda eru vissulega misvísandi. En framhjá því verður ekki litið að um langan tíma hefur mikill meirihluti bæði stutt framhald viðræðna og þjóðaratkvæði. Ákvörðun Alþingis um tafarlaus viðræðuslit myndi því ganga þvert gegn þessum skýru óskum. Ríkisstjórn sem gefur svo sterku almenningsáliti langt nef má vera býsna örugg með sjálfa sig.

Á viðskiptaþingi í vikunni ítrekaði forsætisráðherra þá skoðun að ekki kæmi til greina að hafa þjóðaratkvæði um framhald aðildarviðræðnanna. Jafnframt batt hann ríkisstjórnina í heild við það álit. Í ljósi þeirrar flóknu stöðu, sem skoðanakannanir sýna, er þetta býsna einstrengingsleg afstaða. Tæpast er unnt að fara fjær því að leita samstöðu.

Vandinn er að Framsóknarflokkurinn sýnist hafa gefið samstarfsflokknum til kynna að hann muni með engu móti geta fallist á það loforð forystumanna Sjálfstæðisflokksins að hafa þjóðaratkvæði um framhald viðræðna á fyrri hluta kjörtímabilsins. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins virðast meta aðstæður svo að Framsóknarflokkurinn hafi afl til að halda þeim í bóndabeygju með loforðið.

Lausn

Það má hins vegar losa um þá bóndabeygju með málsmeðferð á Alþingi sem er nokkuð óvenjuleg en eigi að síður vel fær. Í stað þess að taka ákvörðun með þingsályktun yrði hún einfaldlega tekin með lögum. Framsóknarflokkurinn fær því framgengt að þjóðaratkvæði fer ekki fram fyrir hans atbeina.

En um leið og lög hafa verið samþykkt fær fólkið í landinu aftur á móti tækifæri til að beina þeirri ósk til forseta Íslands að hann hafni lögunum þannig að þau fari sjálfkrafa til samþykktar eða synjunar þjóðarinnar.

Með þessu móti væri ekki hallað á einn flokk fremur en annan. Stjórnarmeirihlutinn þyrfti ekki að vega og meta vilja þjóðarinnar í skoðanakönnunum þegar hann velur einn af þeim þremur efnislegu kostum sem færir eru: Slit, frestun eða framhald. Kjósendur tala þá fyrir sig með beinum hætti.

En þá má spyrja hvort forsetinn kunni ekki að hafna slíkri beiðni. Frá fræðilegu sjónarhorni gæti hann það vissulega. Í ljósi allra aðstæðna er það þó býsna örðugt. Í kosningabaráttunni gaf forsetinn skýr, afdráttarlaus og fyrirvaralaus loforð um að þjóðin fengi úrslitavald í þessu máli fyrir hans atbeina þegar þar að kæmi.

Samþykki Alþingi lög um viðræðuslit nú eru það endanleg úrslit málsins. Við svo búið gæti forsetinn því ekki gert neitt annað en að skjóta málinu í þjóðaratkvæði. Hann hefur alltaf tekið fram við slík tækifæri að lýðræðið réði meir en hans persónulegu skoðanir. Það ætti því ekki einu sinni að þurfa undirskriftarsöfnun; svo ákveðið var þetta loforð.

Vandinn er að forsetinn hefur sjaldan verið samkvæmur sjálfum sér. Ekki er víst að loforð hans um þjóðaratkvæði sé meira virði en önnur. En fróðlegt væri að láta á það reyna þegar aðrar sáttaleiðir eru fullreyndar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

EARTH DREAMS TECHNOLOGY

HONDA
The Power of Dreams

HONDA CR-V
BÍLL ÁRSINS 2014
Á ÍSLANDI Í FLOKKI JEPPA OG JEPPLINGA*



* Skv. vali Bandalags íslenskra bílablaðamanna, BÍBB.

HONDA **CR-V**

KOSTAR FRÁ **5.290.000**

EYÐSLA FRÁ **4,5** L/100km

www.honda.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Jói Fel
BAKARÍ
Kökur og kruðerí að hætti Jóa Fel

RÓSATERTA MEÐ FRÖNSKU SÚKKULAÐI-SMJÖRKREMI

BAILEYS-TERTA

PEKANPÆ

JARÐARBERJAKAKA
SÍMI: 588 8998
www.joifel.is

Hvar eru nú sérfræðingarnir?

DÓMSMÁL

Ragnar Halldór Hall
hæstaréttarlögmaður

Fyrir dómstólum landsins eru nú rekin sakamál sem orðið hafa til í kjölfar hruns á fjármálamörkuðum. Umfang þeirra er í mörgum tilvikum hreinn óskapnaður og hlutverk verjenda við rannsókn málanna hjá embætti sérstaks saksóknara og fyrir dómstólum hefur í framkvæmd orðið nánast óviðráðanlegt. Þessar aðstæður eru því alvarlegri fyrir þá sök að dómarar virðast hafa takmarkaðan skilning á þessu ástandi. Þetta er altalað innan lögmannastéttarinnar, þótt ekki hafi það orðið tilefni til fræðilegrar umræðu um álitaefnin varðandi réttindi sakaðra manna til hlutlausrar málsmeðferðar fyrir dómi eða stöðu og hlutverk verjenda við meðferð flókinna sakamála.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 2013 í svokölluðu Al Thani-máli er klykkt út með eftirfarandi skeytasendingu til lögmannastéttarinnar:

Við aðalmeðferð málsins kom fram að fjögur vitni hefðu átt fund með verjendum ákærðu, Hreiðars Más og Ólafs, fyrir aðalmeðferð málsins og þau kynnt sér gögn málsins á skrifstofu verjendanna. Samkvæmt 3. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008 kynnir dómari ekki fyrir vitni skýrslur þess hjá lögreglu eða önnur sýnileg sönnunargögn fyrr en dómara þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Með því að ræða við vitnin fyrir aðalmeðferð máls og sýna þeim sýnileg sönnunargögn var farið á svig við greind lagafyrirmæli, auk þess sem sú háttsemi var til þess fallin að rýra trúverðugleika vitnanna, sbr. 7. tl. 122. gr. laga nr. 88/2008. Er þetta aðfinnsluvert.

Skítsama um allt?

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur með ályktun fyrr í þessum mánuði vakið athygli á þessum samsetningi, en fjölmiðlar landsins hafa ekkert skeytt um það eða tekið til skoðunar yfirleitt hvað felst í svona glósum. Eiga menn að skilja þetta þannig að sú staðreynd að lögmaður talaði við vitni fyrir aðalmeðferð málsins hafi leitt til þess að sakborningur hafi verið sakfelldur sem annars hefði verið sýknaður? Skiptir það máli hvort viðræður verjanda við vitni hafi haft áhrif á framburð viðkomandi vitnis? Er einhver lagastoð fyrir þeim ályktunum sem dómarar kynna í þessum kafla dómsins – hún er að minnsta kosti ekki í því lagaákvæði sem þarna er tilgreint, og undirritaður telur reyndar að hún sé ekki fyrir hendi í öðrum lagaákvæðum.

➜ Eiga menn að skilja þetta þannig að sú staðreynd að lögmaður talaði við vitni fyrir aðalmeðferð málsins hafi leitt til þess að sakborningur hafi verið sakfelldur sem annars hefði verið sýknaður?

Hér á landi eru nú starfræktir hvorki meira né minna en fjórir háskólar sem bjóða nemendum upp á kennslu í lögfræði. Við þessa háskóla starfar fjöldi sérfræðinga á öllum mögulegum sviðum lögfræðinnar. Enginn þeirra hefur þó séð ástæðu til að taka þessi atriði til skoðunar svo vitað sé. Þetta er sérstaklega eftirtektarvert í ljósi þeirrar miklu áherslu sem lögð hefur verið á mikilvægi mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu. Er fræðasamfélaginu bara skítsama um þetta allt saman?

Pálmi grínast

VIÐSKIPTI

Ólafur Hauksson
almannatengill

Viðskiptablaðið sagði fyrir nokkru frá gjaldþrotameðferð Iceland Express. Í fréttinni mátti lesa brandara sem er í meira lagi absúrd. Skyldi svo sem ekki furða, því að brandarasmiðurinn er Pálmi Haraldsson, fyrrum eigandi Iceland Express.

Í Viðskiptablaðinu kom fram að Iceland Express hefði höfðað skaðabótamál á hendur Icelandair í nóvember 2012, áður en félagið fór í þrot og meðan það var enn í eigu Pálma. Iceland Express krafði Icelandair um 300 milljón króna skaðabætur vegna samkeppnislagabrota. Þrotabú Iceland Express hefur nú tekið við málarekstrinum.

Brandarakallinn

Samkeppnislagabrot Icelandair gegn Iceland Express áttu sér stað á árunum 2003 og 2004. Þá var félagið í eigu stofnenda þess. Sá sem helst beitti sér fyrir þessum lögbrotum í stjórn Icelandair var Pálmi Haraldsson, þáverandi varaformaður stjórnar fyrirtækisins. Sá sem átta árum síðar höfðaði skaðabótamál gegn Icelandair, vegna lögbrotanna, var hinn sami Pálmi Haraldsson.

Pálmi eignaðist Iceland Express haustið 2004 fyrir gjafverð, nýbúinn að selja hlut sinn í Icelandair. Iceland Express var þá komið að fótum fram vegna undirboða Icelandair, þ.e. í boði Pálma og félaga. Pálmi varð því ekki fyrir tjóni þegar hann eignaðist Iceland Express, heldur fékk hann félagið á brunaútsölu vegna elds sem hann hafði kveikt sjálfur.

Báðir aðilar töpuðu

Þeir sem töpuðu á lögbrotum stjórnar og forstjóra Icelandair voru stofnendur Iceland Express. Þeir töpuðu gróðavænlegu félagi. Snjallri og rétt tímasettri viðskiptahugmynd var stolið frá þeim. En ekki síður tapaði Icelandair. Farþegatekjur félagsins lækkuðu um 20 milljarða króna á núvirði á árunum 2003 og 2004 miðað við árin 2001 og 2002. Farþegum fækkaði ekkert og því má rekja tekjutapið beint til undirboðanna. En vissulega gerði það sitt til að Pálmi og félagi hans gætu eignast keppinautinn á lágu verði.

➜ Pálmi Haraldsson var sem sé að sækja sér skaðabætur vegna eigin lögbrota sem stjórnarmaður í Icelandair. Vægast sagt absúrd, en varpar ljósi á afskaplega sérkennilegt viðskiptasiðferði.

Samráð í stað undirboða

Rifja má upp að um leið og Pálmi hafði komist yfir Iceland Express á brunaútsölunni lét Icelandair af undirboðunum. Lægstu fargjöld beggja félaganna hækkuðu um 50% fyrsta hálfa árið á eftir. Iceland Express hagnaðist um 262 milljónir króna strax árið 2005. Enda var hugur þeirra Pálma og Hannesar Smárasonar, stjórnarformanns Icelandair, ekki bundinn við óvægna samkeppni heldur samráð og samstarf, meðal annars í danska flugfélaginu Sterling.

Segjum JÁ við líffæragjöf

HEILBRIGÐISMÁL

Jórunn Sörensen
formaður Félags nýrnasjúkra og nýraþegi

Eftir lestur greinar Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, formanns velferðarnefndar, sem birtist í Fréttablaðinu 1. febrúar sl., verður ekki hjá því komist að velta því fyrir sér af hverju hún vill leggja stein í götu þess að gengið sé út frá ætluðu samþykki í frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum um brottnám líffæra en Sigríður Ingibjörg lætur að því liggja í grein sinni að ef til vill þurfi ekki að gera slíka breytingu á lögunum.

Sigríður Ingibjörg kemst að þessari niðurstöðu eftir að hafa heyrt skoðanir „sumra siðfræðinga“ sem hún kallar svo en þeir, segir Sigríður Ingibjörg: „benda á að líffæragjöf sé mikilvæg gjöf og það eigi ekki að taka ákvörðunina um að gefa slíka gjöf af fólki með lagasetningu“.

Það er út af fyrir sig athyglisvert að „sumir siðfræðingar“ líti á það sem neikvætt að löggjöfin vilji greiða fyrir því að líffæri þeirra sem látast með sviplegum hætti séu notuð til lækninga. Með breytingu á lögum um brottnám líffæra, frá ætlaðri neitun í ætlað samþykki, verður viðhorf löggjafans til líffæragjafar jákvætt og þar með verður það eðlilegri og auðveldari ákvörðun fyrir ættingja að samþykkja líffæragjöf látins ástvinar.

Af hverju velur Sigríður Ingibjörg ekki að halda á lofti áliti annarra siðfræðinga eins og til dæmis skoðun dr. Vilhjálms Árnasonar heimspekings sem hann setur fram í bók sinni „Siðfræði lífs og dauða“? Þar ber hann saman kostina tvo – ætlað samþykki og ætlaða neitun og segir:

➜ Þetta viðhorf hafa allar þjóðirnar í kringum okkur nú þegar gert að sínu og breytt sínum lögum um brottnám líffæra í ætlað samþykki.

„Í ljósi þess sem ég hef sagt um rök fyrir líffæragjöfum, þá tel ég að fyrra viðhorfið sé ákjósanlegra frá siðfræðilegu sjónarmiði […] Í siðuðu samfélagi er eðlilegra að gera ráð fyrir því að manneskjan vilji koma náunga sínum til hjálpar í neyð heldur en að hún hafni því.“ (V.Á. Reykjavík 1993, s: 174-175).

Þetta viðhorf hafa allar þjóðirnar í kringum okkur nú þegar gert að sínu og breytt sínum lögum um brottnám líffæra í ætlað samþykki. Er það einlæg von mín að Íslendingar beri gæfu til þess að gera það einnig.

Egill Árnason™

Wenge Elegance
ásamt 160 öðrum tegundir í boði

Baltic Wood

EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

NÝJUNG

35% Sterkara lakk

Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.

Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.

30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.

Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórri smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.

Baltic Wood™

Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

HELGIN

Sunneva Sverrisdóttir, sjónvarpskona

Langar á snjóbretti

„Ég er að fara á Sónar-hátíðina um helgina að taka upp fyrir þáttinn Prófíl. Andrea Röfn, besta vinkona mín, á svo afmæli á laugardaginn og á sunnudaginn langar mig svo rosalega að komast á snjóbretti.“

GASSI, ljósmyndari

Bíó og jóga

„Ég ætla að fara í bíó með börnunum mínum, mála húsgögn fyrir bústaðinn, fara í hot jóga og gufu.“

Védís Hervör Árnadóttir, söngkona

Próf og lagasmíð

„Helgin er undirlögð prófa- og verkefnavinnu í mastersnámi, undirbúningi fyrir uppskeruhátíð KÍTÓN og frágangi á nýju lagi eftir mig.“

Selma Björnsdóttir, leikstjóri

Eurovision-partý

„Ég ætla að safna kröftum fyrir vikuna en þá frumsýni ég Spamalot. Ég mun samt kíkja með krakkana mína í Eurovision-partý í kvöld.“

FARÐUHLUSTAÐULESTUHORFÐU...

Á SUNDLAUGANÓTT í kvöld. Öldudiskó, tónleikar og skvettuleikar eru meðal þess sem sundlaugar höfuðborgarsvæðisins bjóða upp á milli kl. 20-24 í kvöld. Nánari dagskrá á vetrarhatid.is.

Á LAGIÐ HEARTS með nýju íslensku sveitinni Highlands sem er skipuð Loga Pedro Stefánssyni og Karin Sveinsdóttur.

BÓKINA 5:2 MATARÆÐI eftir Lukku í Happ og fáðu hollan innblástur í eldhúsið.

Á HÖND Í HÖND, nýtt ljósaverk Ólafs Elíassonar á Hörpu sem verður afhjúpað klukkan 19.30 í kvöld sem hluti af vetrarhátíð.

1 Pangað til ég dey – F.U.N.K.

„Þetta lag er ofarlega hjá mörgum, allavega unglingsstúlkum. Ég held að þeir muni tapa. Þetta eru sætir súkkulaðistrákar en þegar þeir reyna að dansa er það hallærislegt.“

2 Amor – Ásdís M. Viðarsdóttir

„Þetta lag er öðruvísi. Maður fær það á heilann. Það er einhver Adele og James Bond-fílingur í því. Ég veit ekki hvort þetta myndi virka í Köben en þetta er öðruvísi.“

3 Lífið kviknar á ný – Sigga Eyrún

„Það byrjar rosalega vel. Þau eru með Eurovision-uppskriftina alveg á hreinu. Þau bjóða upp á hækkun, flott dansatriði og skemmtilega bakraddasöngvara sem sumir eru reynsluboltar. Lagið verður svolítið þreytt þegar líður á og svolítið flatt. Maður verður brjálaður að heyra þetta eftir smá tíma.“

4 Von – Gissur Páll Gissurarson

„Hann er klárlega besti söngvarinn í keppninni. Ég elska Eurovision-klisjur en í þessu lagi eru allar Eurovision-klisjurnar sameinaðar. Þá festast gómarnir saman því maður er svo klístraður af sætindum. Hann segir Von mjög oft þannig að maður veit allavega hvað lagið heitir þegar flutningnum lýkur.“

5 Eftir eitt lag – Greta Mjöll

„Þetta lag tikkar í öll boxin samkvæmt Eurovision-uppskriftinni. Fallegir flytjendur, sætt lag, vel sungið. Greta er er kannski engin dívusöngkona en það á kannski ekki við í þessu lagi. Maður fer að dilla sér við lagið þó þetta sé ekki teknólag. Fyrir mig mundi þetta lag virka best í Köben.“

6 Enga fordóma – Pollapönk

„Samkvæmt því sem maður heyrir í samfélaginu og að krakkar kjósi yfirleitt mest er ég ansi hræddur um að Pollapönk sigri þó ég sé ekkert sérstaklega hrifinn af laginu. En Pollapönkararnir eru með fallegan boðskap og eru leikskólakennarar sem er láglaunastétt á Íslandi. Þeir eru í fallegum búningum þannig að það er allt með þeim.“

Innviðasjóður

Umsóknarfrestur **24. mars**

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Innviðasjóði.

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er tekið mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður styrkir
- Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti
- Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttað
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar

Umsækjendur skulu kynna sér reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.

rannís
www.rannis.is

Leikskólakennararnir fara með sigur af hólmi

Eurovision-sérfræðingurinn Flosi Jón Ófeigsson spáir í spilin fyrir úrslitakvöld Eurovision. Hann heldur að Pollapönk muni sigra þó að það sé ekki hans uppáhaldslag.

EINVÍGIÐ Á ÚRSLITAKVÖLDINU Á ENSKU

Sama fyrirkomulag verður á úrslitakvöldinu sem fer fram í Háskólabíói og tekið var upp í fyrsta skipti í síðustu keppni. Dómnefnd hefur helmings atkvæðavægi á móti símakosningu. Þegar stigin hafa verið talin heyja tvö stigahæstu lögin einvígi og keppa um hvort þeirra verður framlag Íslands í Eurovision 2014. Úrslitin ráðast í hreinni símakosningu.

Í ár verður þó sú nýbreytni kynnt til sögunnar að lögin í einvíginu verða flutt í þeirri útgáfu og á því tungumáli sem stefnt er að að senda til Danmerkur. Þessi breyting er gerð til að áhorfendum gefist kostur á að heyra og velja þann texta og þá útgáfu lagsins sem mun keppa fyrir Íslands hönd í Kaupmannahöfn í maí.

ELSKAR DÍVUR Flosi hitti Bonnie Tyler á keppninni í fyrra.

MYND/EINKASAFN

Electrolux

VARANLEG VERÐLÆKKUN Á HEIMILISTÆKJUM

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

Þvottavél
69.900 kr
Electrolux þvottavél
6 kg,1000 snúninga

Electrolux

Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

Þurrkari
76.900 kr
Electrolux þurrkari
með barka

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

Ofn og helluborð
99.900 kr
Frábært verð

Ofn og helluborð
EHC12514W
Blástursofn m/átta kerfum
4 Hilight eldunarsvæði
1850236

Amica

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

Frystikista
43.900 kr
Frigor 103 ltr.

Háfur
58.900 kr
Amica háfur

Háfur Amica
60 cm, stál, á vegg
1850554

Kælir/Frystir
79.900 kr
Amica 181/186 cm

Kælir/Frystir
H:181/186 cm B:55 cm D:58 cm,
Kælirými 188 ltr, Frystirými 64 ltr
Orkunýting A+
1805663

Baðinnrétting
29.995 kr
Handlaug, skápur og spegill

Baðinnrétting
Hvít eða svört háglans.
B:31,5 H:41,5 D:50 cm.
7910053

Rafhlöðuborvél
19.995 kr
~~29.995~~

Rafhlöðuborvél
Black&Decker ASL188KB
Högg, 2 LI-ION rafhlöður
1.3 Ah
5245557

Topplyklasett
5.495 kr
~~7.995~~

Topplyklasett 1/4"
Neo 46 stk.
5052516

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Ryksuga
7.795 kr
Fyrir bílskúrinn blautt og þurrt

Hillurekki
2.595 kr
Solid 50 150x75x30
4 hillur x 50kg

Hillurekki
4.495 kr
Solid 60 170x75x30
4 hillur x 60kg

Veggmálning
3.995 kr
ÓDÝRT

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Impra veggmálning 10 ltr
Mött veggjamálning til notkunar innanhúss.
Gljástig 5, litur hvítur
Vnr: 7119964

Slípirokkur
2.490 kr
500W, 115 mm

5245220

Rúllusett
995 kr
25 cm rúlla, bakki og handfang

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

"Elite" rúllusett
7014822

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

DÖNSK GÆÐAVARA

skovby
Excellent Dining Rooms

OREGON
HORNSÓFI MEÐ TUNGU

OREGON Hornsófi með tungu.
Stærð: 305x240x150
H 85 cm. Tunga getur verið beggja vegna.
Grátt og grábrúnt slitsterkt áklæði.

349.990
FULLT VERÐ 399.990

NÝTT SLITSTERKT ÁKLÆÐI!

RIALTO
La-Z-boy stóll.
Fæst í fjórum litum.
B:80 D:90 H:105 cm.
Einnig fáanlegur í áklæði á tilboði frá kr.

139.990
FULLT VERÐ: 179.990

STANLEY La-Z-boy stóll.
Svart, hvítt, brúnt og vínrautt leður á slitflötum.
B:81 D:94 H:103 cm.
Einnig í álæði á tilboðsverði frá **kr. 83.990**

125.990
FULLT VERÐ: 179.990

EMPIRE
La-Z-boy stóll.
Fæst í 3 litum litum.
B:80 D:70 H:102 cm.

69.990
FULLT VERÐ: 79.990

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 O

FYRIR LIFANDI HEIMILI!

100x200 » 356 cm.

349.990

FULLT VERÐ 399.990

90x150 » 306 cm.

299.990

FULLT VERÐ 334.990

MORRISON
borðstofuborð
Stærð: 100x200
stækkanlegt í 356 cm
með þremur stækkunum
sem fylgja. Hægt að stækka
í 512 cm. Gegnheil sápu- eða olíu-
borin eik. Einng fáanlegt 90x150 cm
stækkanlegt í 306 cm br.

DC 4200 – 3JA SÆTA SÓFI

DC 4200 3ja sæta sófi. Svart leður á slitflötum.
Stærð: 211x82 H: 85 cm.
Einnig fáanlegur 2ja sæta
Fullt verð kr. 279.990.
TIlboðsverð 259.990

310.990

FULLTVERÐ 349.990

DC 3600 – 3JA SÆTA SÓFI

DC 3600 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður á slitflötum.
Stærð: 202x82 H: 85 cm.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
Fullt verð kr. 259.990.
TIlboðsverð 239.990

299.990

FULLT VERÐ 329.990

VERTU MEÐ OKKUR Á facebook KOMDU Í HÖLLINA EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á **HUSGAGNAHOLLIN.IS**

LA-Z-BOY RIALTO – SJÓNVARPSSÓFI

LA-Z-BOY

359.990

FULLT VERÐ: 459.990

RIALTO
La-Z-boy
sjónvarpssófi.
Svart leður á slitflötum.
205 x 90 H:105 cm.

HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI

G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

HUGLEIÐSLA Í AMSTRI DAGSINS

1

Sittu með fæturna á gólfinu með bakið beint og axlirnar niðri. Dragðu djúpt andann og lokaðu augunum ef þú vilt.

2

Vertu meðvitaður um öndunina. Ekki breyta henni en einblíndu á tilfinninguna þegar loftið streymir inn og út um lungun.

3

Þegar hugsanir fara að sækja að þér á meðan á önduninni stendur skaltu leyfa þeim að koma en einbeita þér svo aftur að önduninni.

4

Ekki dæma sjálfa(n) þig eða reyna að leiða truflanir hjá þér. Það er allt í lagi að hugurinn reiki, þitt hlutverk er einfaldlega að einbeita þér aftur að önduninni þegar hugsanir sækja að þér.

5

Byrjaðu á að gera þetta í tíu mínútur á dag í eina viku. Því reglulegar sem þú stundar hugleiðslu því auðveldara verður að halda einbeitingu.

➜ Hafðu bak við eyrað:

Vertu með armbandsúr – það kemur í veg fyrir að þú sért sífellt að taka upp símann sem veldur óþarfa truflun.

Engir símar í rúminu – Vertu alveg vakandi áður en þú lítur á einhver tæki.

Blandaðu geði við náttúruna – farðu í göngutúr og uppgötvaðu náttúruna í kringum þig. Reyndu svo að standast þörfina fyrir að taka mynd og setja á Instagram.

Að vakna til vitundar

Það á sér stað andleg vakning á Íslandi þar sem sífellt fleiri eru orðnir meðvitaðir um mikilvægi þess að hlúa að andlegu heilsunni til jafns við þá líkamlegu. Mindfulness, hugleiðsla og íhugun eru nokkrar af þeim aðferðum sem best er að nota til að efla andann. Fréttablaðið ræddi við þrjá einstaklinga sem hugleiða daglega.

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Margeir Ingólfsson, tónlistarmaður - Innhverf íhugun

Lærði að njóta augnabliksins

„Það er skemmst frá því að segja að ef ég ætti að mæla með einhverju einu til að gera lífið betra þá væri það að stunda hugleiðslu. Hún gegnir lykilhlutverki í lífi mínu. Fjöldamargar rannsóknir hafa bent til þess að það sé ekkert sem við getum gert umfram það allra nauðsynlegasta, eins og að draga andann, hvílast og nærast, sem hefur jafn víðtæk áhrif til þess að bæta heilbrigði okkar, bæði andlega og líkamlega, eins og reglubundin hugleiðsla," segir Margeir Ingólfsson, plötusnúður og tónlistarmaður.

Hann byrjaði að stunda innhverfa íhugun fyrir fimm árum og hefur síðan þá hugleitt tvisvar á dag, á morgnana og í eftirmiðdaginn, í tuttugu mínútur í senn. Þess háttar íhugun gerir huganum kleift að upplifa eins konar vökult hvíldarástand sem endurnærir hug og líkama. Innhverf íhugun er einföld hugleiðsluaðferð sem er þannig gerð að maður á að geta stundað hana hvar sem er. Hún snýst um að sitja á stól með lokuð augu og hreinsa hugann í tuttugu mínútur.

„Ég finn mér alltaf tíma til að hugleiða því galdurinn felst í endurtekningunni, að missa ekki úr. Þá getur maður upplifað tæra vitund og ljómað af friðsæld. Vellíðunartilfinning hrýslast um líkamann."

Ástæða þess að Margeir byrjaði að hugleiða var að honum fannst hann eiga erfitt með lifa í núinu.

„Ég var alltaf að fara eitthvert. Einhvern veginn alltaf á leiðinni hingað og þangað, en staldraði aldrei við. Það er óþægileg tilfinning að geta ekki notið augnabliksins. Maður sem ég virði og treysti kynnti mig fyrir þessu og ég heillaðist," segir Margeir sem lærði svo tæknina hjá Íslenska íhugunarfélaginu.

„Þú þarft ekki að tileinka þér neina trú eða heimspeki til að íhuga. Þú þarft ekki einu sinni að trúa því að þetta virki. Þetta snýst í sinni einföldustu mynd um að ýta hugsunum mjúklega frá. Þá sekkur maður dýpra og dýpra í undirmeðvitundina og þar gerast hlutirnir. Þar finnur maður stóru hugmyndirnar."

Margeir segist vera minna þreyttur og með aukna einbeitingu og sköpunarkraft eftir að hann byrjaði að íhuga.

„Maður verður sífellt meira maður sjálfur og öðlast dýpri skilning á öllum þáttum lífsins. Og ég veit til þess að afreksíþróttamenn hafa notað þetta til að ná enn betri árangri. Ég þekki til að mynda einn mann sem var mjög góður í borðtennis fyrir en eftir að hann byrjaði að íhuga varð hann ósigrandi," segir Margeir að lokum.

Ásdís Olsen, hefur leitt Mindfulness-byltinguna á Íslandi og kennir fólki að auka núvitund og hamingju í lífi og starfi

Of lítil vellíðan í nútímasamfélagi

„Mindfulness er öflugasta leiðin sem þekkist í dag til að efla hugarró, einbeitingu, jákvætt hugarfar og vellíðan í daglegu lífi. Hugurinn reynist mörgum okkar erfiður og streita og áhyggjur eru að fara illa með líf okkar og heilsu. Það er því fagnaðarefni að til sé einföld og hagnýt aðferð til að snúa dæminu við. Mindfulness miðar að því að njóta lífsins á líðandi stund í vinsemd og sátt við sjálfan sig og umhverfi sitt. Lífið er hér og nú og það er synd að vera ekki til staðar til að njóta þess," segir Ásdís Olsen, en hún er einn helsti sérfræðingur landsins í Mindfulness, sem gjarnan er kallað núvitund eða gjörhygli á Íslensku. Ásdís kennir Mindfulness við Háskóla Íslands ásamt því að flakka á milli fyrirtækja og vinnustaða og halda námskeið og fyrirlestra. Hún telur að ákveðin vakning eigi sér nú stað í íslensku samfélagi varðandi andlega líðan en Mindfulness hefur farið eins og eldur í sinu um hinn vestræna heim síðustu ár.

„Það nýjasta er Mindfulness-þjálfun starfsmanna hjá öflugustu fyrirtækjum heims eins og Google, General Mills og Harvard Business School, svo dæmi séu tekin," segir Ásdís, en bendir á að Mindfulness hafi lengi verið notað af afreksíþróttafólki, í kennaramenntun og í heilbrigðiskerfinu.

„Það er svo lítil vellíðan og hamingja á hlaupunum. Tæknin og hraðinn eru svo mikil að við erum víðs fjarri okkur sjálfum og þeim sem í kringum okkur eru. Við missum af dýrmætum tengslum og upplifunum sem bjóðast á líðandi stund og náum ekki að nýta hæfileika okkar og hugmyndir.

Mindfulness er vísindalega samþykkt aðferð og hafa rannsóknir sýnt fram á að ástundun minnkar streitu og áhyggjur, bætir einbeitingu og minni, eykur vellíðan, hamingju og stuðlar að jákvæðara hugarfari. Það má segja að við styrkjum hamingjusvæðin í heilanum sem gera okkur auðveldara fyrir að upplifa jákvæðar tilfinningar í kjölfarið. Það er því góð ástæða til að þjálfa heilann, eins og við sjáum ástæðu til að þjálfa líkama okkar."

Ásdís uppgötvaði sjálf Mindfulness fyrir um áratug er hún fór að finna fyrir streitu og kvíða. Hún fór að leita leiða til að bæta hugarfar sitt og líðan. Hún fann námskeið í Mindfulness á vegum Bangor-háskóla á Bretlandi, sem var henni alger opinberun. Hún áttaði sig á að þarna var komin lausnin á vanda nútímamannsins. Hún fór síðan í kennaranám í Mindfulness við sama háskóla og hefur síðan verið óþreytandi að miðla aðferðinni hér á landi.

„Hugurinn var mér erfiður. Ég átti alltaf von á því versta. Ég mátti ekki heyra í sírenum, þá fór ég að ímynda mér að börnin mín hefðu lent í slysi. Ég var í stöðugri spennu og ótta. Svo varð ég fyrir áfalli sem kveikti á perunni hjá mér. Ég var rifbeinsbrotin og dóttir mín rakst aðeins í mig þannig að ég fann nístandi sársauka. Hugurinn minn sagði mér að rifið hefði tætt í sundur innyflin og ég væri að deyja. Líkaminn brást við eins og hugurinn boðaði og ég fann hvernig mér var að blæða út og ég var að missa andann. Það var kallað í sjúkrabíl og ég fór með hraði upp á sjúkrahús," segir Ásdís og brosir er hún rifjar upp þessa tíu ára gömlu sögu.

„Þegar upp á spítala kom fékk ég verstu fréttir sem ég hafði heyrt, það var ekkert líkamlegt að mér. Þá vissi ég að það var eitthvað mikið að mér og læknarnir gátu ekki lagað það. Hugurinn var að leika mig grátt. Mindfulness gjörbreytti lífi mínu. Ég vissi ekkert um huga minn og hvernig viðhorf mín móta upplifun mína og líðan. Mér finnst þetta vera það mikilvægasta sem ég hef lært í lífinu, og að allir eigi rétt á þessari vitneskju um sjálfa sig."

„Ég er á bólakafi í þessu og hugleiði hvar sem er og hvenær sem er. Hugleiðsla snýst um framkvæmd, aga og að uppskera. Fyrir mér er þetta eins og lýsið í gamla daga," segir myndlistarmaðurinn Tolli Morthens.

Tolli hefur stundað hugleiðslu í fimm ár og kynntist því í gegnum 12 spora samtökin. Hann er í hugleiðsluhóp í Hugleiðslumiðstöðinni og stundar það sem kallast núvitundarhugleiðsla og á rætur að rekja til búddisma.

Tolli Morthens, myndlistarmaður – Núvitundarhugleiðsla

Hugleiðir með föngunum á Litla Hrauni

„Manneskjan er svo mikil græja sem við þurfum að stinga í samband. Við erum föst á hraðbraut lífsins og erum utan þjónustusvæðis í raun og veru. Mér finnst ég hafa endurheimt gleðina og kærleikann úr bernskunni eftir að ég byrjaði að hugleiða. Fór úr fortíð og framtíð í núið."

Einu sinni í viku fer Tolli austur á Litla-Hraun þar sem hann er með hugleiðslunámskeið fyrir fanga. Þar kennir hann núvitundarhugleiðslu og segir ákveðinn kjarna alltaf mæta til sín.

„Við byrjum á því að lesa saman, hugleiðum svo í tuttugu mínútur og deilum svo reynslunni af því. Þetta er klukkutími í senn. Meirihlutinn eru fíklar sem geta einnig notað hugleiðsluna til þess að halda sér edrú. Við höldum einnig hópinn þegar út er komið sem getur hjálpað þeim að halda sig frekar á beinu brautinni."

Tolli er ástríðufullur þegar kemur að hugleiðslunni og mikið í mun að breiða út boðskapinn. Hann er meðal skipuleggjanda verkefnisins Friðsæld í febrúar sem hefst 23. febrúar.

Einnig hefur Tolli, ásamt hópi hugsjónafólks, látið hanna fyrir sig svokallað hugleiðsluapp, eða smáforrit, að erlendri fyrirmynd. Það á að hjálpa fólki að stunda hugleiðslu hvar sem er og hvenær sem er í dagsins amstri.

„Þetta er fyrsta hugleiðsluappið á íslensku og inniheldur meðal annars leiðsögn í núvitund og hugleiðsluæfingar. Maður á að geta sett appið af stað ef maður er í pásu í vinnunni og hugleitt í tíu mínútur."

STÓR AFSLÁTTUR

Hágæða heimilistæki

WF2124ZAC
12 kg.

ÁÐUR:	NÚ:
214.900	179.900

AFSLÁTTUR: 35.000

WF806P4SAWQ
8 kg.

ÁÐUR:	NÚ:
169.900	144.900

AFSLÁTTUR: 25.000

Sambyggð þvottavél og þurrkari

WD0704EEC
7 kg.

ÁÐUR:	NÚ:
169.900	139.900

AFSLÁTTUR: 30.000

DV80F5E4HGW
A++ þurrkari

12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur

STÁL:

ÁÐUR:	NÚ:
176.900	139.900

AFSLÁTTUR: 37.000

HVÍTUR: ~~145.900~~ 119.900 **26.000**

SPANHELLUBORÐ
VERÐ FRÁ 129.900
GOTT ÚRVAL

ÁÐUR:	NÚ:
159.900	139.900

AFSLÁTTUR: 20.000

Sjá nánar á: samsungsetrid.is

RS7567BHCSR

ÁÐUR:	NÚ:
379.900	309.900

AFSLÁTTUR: 70.000

RS7778FHCSR

ÁÐUR:	NÚ:
439.900	369.900

AFSLÁTTUR: 70.000

RFG23UERS1

ÁÐUR:	NÚ:
599.900	519.900

AFSLÁTTUR: 80.000

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMAR 530 2800

ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI 455 4500	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

„Ég kúplaði mig alveg út úr lífinu“

Erna Gunnþórsdóttir gerði garðinn frægan sem glamúrmódel fyrir rúmum áratug. Hún hneykslaði marga en hún hefur lifað tímana tvenna. Hún lenti í miklu einelti í æsku, var misnotuð kynferðislega og leiddist út í fíkniefnaneyslu til að deyfa sársaukann. Nú er annað uppi á teningnum. Hún útskrifast sem hjúkrunarfræðingur í vor og stefnir á læknanám erlendis. Lífið brosir við Ernu í dag.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
liljakatrin@frettabladid.is

Ég hef gengið í gegnum ýmislegt. Þeir hlutir sem henda mann á mótunarárunum hafa vissulega áhrif á þá sjálfsmynd sem maður mótar og þær leiðir sem maður fer í lífinu. Ég ólst upp hjá ömmu minni og afa frá eins árs aldri þar sem foreldrar mínir gátu ekki haft mig. Grunnskólagangan var mér erfið, ég var lögð í einelti sem linnti ekki fyrr en ég var komin í níunda bekk,“ segir Erna Gunnþórsdóttir

Erna gerði garðinn frægan fyrir rúmlega áratug sem eitt af fyrstu glamúrmódelum Íslands. Hún er dóttir Elínborgar Halldórsdóttur, sem betur er þekkt sem Ellý í Q4U. Erna hefur nú sagt skilið við fyrirsætubransann en líf hennar hefur ekki verið dans á rósum.

Beitt kynferðislegu ofbeldi

„Ég var flutt á milli skóla þegar ég var sjö ára gömul. Í skólanum sem ég fór í var mjög sterk hópamyndun og ég upplifði mig ekki velkomna. Mér var strítt fyrir að vera innskeif, kölluð ljót, feit og hvaðeina. Ég trúði því að það væri eitthvað að mér sem gerði það að verkum að krökkunum líkaði ekki við mig. Á unglingsárunum varð þessi neikvæða sjálfsmynd uppspretta sjálfshaturs og reiði en annað áfall spilaði einnig inn í. Ég hataði sjálfa mig,“ segir Erna.

„Ég var með þráhyggju fyrir hestum og tíu ára fékk ég hest. Ég var ofsalega glöð og fannst mér ég eiga þarna athvarf og skjól. Það entist ekki lengi þar sem ég var beitt kynferðislegu ofbeldi af manni sem var með hesta á sama stað. Ég þagði lengi en þegar ég sagði loks frá þá var ekkert aðhafst. Ég vildi óska að ég gæti sagt að ég væri búin að ná sátt við þessa atburði, að ég væri búin að fyrirgefa. Það hefur ekki ennþá gerst en vonandi get ég það einhvern tíma, mín vegna.“

Viti sínu fjær

Fimmtán ára gömul leitaði Erna í vímugjafa til að deyfa sársaukann.

„Ég byrjaði að drekka og reykja fimmtán ára og það varð mikil breyting á mér. Ég hætti að vera utangarðs og leitaði leiða til að fá útrás fyrir reiðina. Þegar ég drakk varð ég oft á tíðum ofbeldisfull og viti mínu fjær. Ég var sem betur fer orðin átján ára gömul þegar ég byrjaði að neyta fíkniefna en ég fór hratt niður. Ég man að ég gekk einu sinni inn á Langabar átján ára gömul, innan um fólk í mjög myrkum aðstæðum, og hugsaði: Hérna á ég heima.“ Næstu tvö árin einkenndust af harðri neyslu þar sem Erna sökk dýpra og dýpra.

„Ég kúplaði mig alveg út úr lífinu, ég vildi ekkert með það hafa. Ég hafði engin prinsipp og fór illa með mig. Aðstandendur mínir reyndu að rétta mig af, ég fór í ótal innlagnir á geðdeild og meðferðarstofnanir en það hafði ekkert að segja. Það er ekki hægt að bjarga fólki sem vill ekki hjálp og sumir þiggja hana aldrei.“

Réðst á ömmu sína

Erna upplifði ýmislegt sem hún óskar engum.

„Ég átti eitt sumar heima í bíldruslu sem var full af neysluáhöldum, mjög ógeðfellt. Ég hef varla náð fimmtíu kílóum í þyngd og var með sár í munnvikunum vegna vannæringar, með sýkingar og var farin að missa hár, meira að segja augnhár. Ég varð einu sinni næstum úti, það var kalda febrúarnótt. Ég var í annarlegu ástandi og var eitthvað að vafra um og hef misst meðvitund. Ég vaknaði daginn eftir ísköld. Þetta líf snerist bara um að lifa af, útvega sér efni. Ég hikaði ekki við að stela, beita ofbeldi, ég hef meira að segja ráðist á ömmu mína sem er mér harmur. Þegar ég var 21 árs rann sá dagur upp sem er sá versti í lífi fíkilsins, efnin hættu að virka. Ég hélt áfram neyslu í dálítinn tíma eftir þetta en það var allt breytt. Amma hafði áður hent mér út en þarna voru allir búnir að gefast upp. Hún vildi frekar hafa mig nær sér en vita ekki hvar ég væri eða hvort ég væri lífs eða liðin. Á þessum tíma varð afi veikur og greindist með krabbamein. Ég man þegar amma sagði við mig: Afi þinn er með krabbamein og það er erfiður tími framundan. Ég get þetta ekki með þig líka. Það brast eitthvað inní mér og ég þáði það að fara í meðferð í Götusmiðjunni hjá Guðmundi Tý, oft kallaður Mummi í Mótorsmiðjunni.“

Lá á gólfinu og grét

Erna dvaldi í meðferð hjá Mumma í Gunnarsholti í fjóra mánuði, rúmlega tvítug.

„Ég var þarna til að verða edrú, ekki endilega vegna þess að mig langaði til þess, en ég gat ekki hugsað mér að vera í neyslu. Ég fór að njóta þess að vera edrú með tímanum og ég á einni manneskju það mikið að þakka. Hún hét Susie og var stelpa sem ég hafði kynnst þegar við vorum báðar í neyslu. Ég ætlaði ekki að trúa eigin augum þegar hún kom á Gunnarsholt eitt kvöldið með AA-fund. Hún hafði snúið við blaðinu og ég fór að trúa því að ég gæti gert slíkt hið sama. Við urðum óaðskiljanlegar upp frá þessu. Ég hef aldrei verið svona náin neinni manneskju og ég unni henni mikið, enda var ekki annað hægt, hún var svo yndisleg,“ segir Erna. Einn daginn dundi enn eitt áfallið yfir hana.

„Ég var búin að vera fjóra mánuði í Gunnarsholti þegar Mummi bað mig um að koma afsíðis einn morguninn. Ég man eftir tilfinningunni sem var eins og ég hefði verið kýld niður. Afi hafði orðið bráðkvaddur um nóttina, ég lá bara á gólfinu og grét og fannst eins og öllu hefði verið kippt undan mér. Hann hafði gengið mér í föðurstað og ég gat ekki skilið af hverju hann var tekinn frá okkur. Mig langaði að gera hann stoltan af mér og biðja hann afsökunar á því hvernig ég hefði verið. Ég veit að hann yrði stoltur af mér ef hann sæi mig í dag, vonandi gerir hann það.“

Missti góða vinkonu

Eftir að afi Ernu dó flutti hún aftur í bæinn og hóf nám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

„Ég klaraði stúdentspróf á tveimur og hálfu ári með því að vera í dag- og kvöldskóla saman. Á þessum tíma kom gamall draugur upp aftur, átröskunin sem ég hafði verið að glíma við frá fimmtán ára aldri. Í Þetta skiptið heltók mig þráhyggja að vera grönn, æfa mikið, læra mikið og reyna að vera eins fullkomin og ég gæti. Það gekk allt vel á yfirborðinu, ég útskrifaðist, hóf nám við verkfræðideild Háskóla Reykjavíkur og var í sambúð með manni sem ég elskaði. Samt sem áður gat ég ekki verið hamingjusöm, ég forðaðist að fást við líðan mína og tilfinningar og það fór að síga á ógæfuhliðina fyrir mér. Það varð einhver hugarfarsbreyting, ekki bara hjá mér heldur einnig Susie.

Susie fannst meðvitundarlaus á Landspítalanum í júní 2007, hún hafði tekið inn of stóran skammt vímuefna og vaknaði aldrei aftur. Hún kom frá góðu heimili en hafði lent í einelti eins og ég í skóla. Það sár greri ekki, ekki frekar en mitt. Ég var reið og ég skildi ekki hvernig það mátti vera að hún hefði dáið,“ segir Erna. Hún gafst upp á lífinu og varð háð morfíni.

„Það var nýtt fyrir mér, ég hafði ekki notað það þegar ég var í neyslu áður. Morfínfíkn er skelfilegt fangelsi. Ég var lengi í feluneyslu en það fór fljótlega að halla undan fæti en eitt vissi ég, að ég vildi ekki fara inní neysluumhverfið aftur. Það var svolítið eins og ég væri föst á milli tveggja heima og tilheyrði hvorugum. Ég náði þó að hætta, fór aftur í nám og lífið virtist vera á uppleið aftur.“

Vildi verða góð mamma

Árið 2008 uppgötvaðist fyrir slysni að Erna væri þunguð og komin fjóra mánuði á leið.

„Mig langaði svo að verða góða mamma og vildi gefa barninu mínu gott líf. Ég trúði því og treysti að nú yrði allt í lagi. Ég vildi óska að ég gæti sagt núna að sagan hefði endað hér og allt hefði verið gott upp frá því. Því miður var það ekki svo. Í apríl 2009 var ég aftur komin í meðferð, ófrísk af mínu seinna barni en í þetta skiptið var tími skilnings og tækifæra liðinn. Ég gafst upp, þáði alla hjálp sem mér bauðst og tók leiðsögn. Ég fór í langtímameðferð, fyrst á Hlaðgerðarkoti og síðan á Brú á vegum Samhjálpar. Ég upplifði svo mikla sorg og mér fannst stundum allt svo svart og sá ekki fram á að það myndi nokkurn tíma verða betra. Í dag get ég litið á þetta tímabil með væntumþykju og þakklæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frá þessum tímapunkti hefur líf mitt verið yndislegt. Ég tók mér góðan tíma til að jafna mig og vera með börnunum mínum. Ég lærði að sjá heiminn upp á nýtt og mig í honum. Ég gat loksins orðið sú manneskja sem ég vildi vera og það sem mestu máli skiptir, góð móðir fyrir börnin mín.“

> **Ég gat loksins orðið sú manneskja sem ég vildi vera og það sem mestu máli skiptir, góð móðir fyrir börnin mín.**

Erna útskrifast sem hjúkrunarfræðingur núna í vor og stefnir á að hefja nám í læknisfræði erlendis.

„Ég hef lært að sjá heiminn í nýju ljósi, lært að þekkja sjálfa mig og lært að bera virðingu fyrir mér. Í dag er ég umkringd fólki sem ég elska og það ann mér. Ég er búin að kveðja þetta tímabil og leggja það til hliðar og búin að ná nokkurs konar sátt. Ég myndi ekki óska neinni manneskju að lifa eins og ég lifði og líða eins og mér leið.“

Playboy-stimpillinn

Talið berst að fyrirsætuheiminum en Erna er hvað þekktust fyrir að vera svokallað glamúrmódel fyrir rúmum áratug. Hún sat fyrir léttklædd í tímaritum og þótti ansi djörf.

„Ég var ekki alveg í jarðsambandi á þessum tíma og sat fyrir á frekar vandræðalegum myndum sem teknar voru á kjánalegum stöðum, til dæmis í bílakjallaranum í Kringlunni, í einhverjum smáfötum. Við vorum nokkrar sem komum fram á sjónarsviðið á svipuðum tíma en ég hneykslaði fólk meira, held ég. Ég hafði ágætlega upp úr þessu á þessum árum, en þetta er nú ekki beint eitthvað sem ég set feitletrað í hástafi á ferilskrána mína,“ segir Erna. Hún hefur setið fyrir í tímaritum hérlendis og erlendis, nú síðast í Playboy Italia árið 2012.

„Í þessum glamúrheimi er Playboy toppurinn. Fólk hefur frekar neikvætt viðhorf til þessarar gerðar fyrirsætustarfa. Ég skil það svo sem alveg. Ég veit ekki alveg hvað mér finnst um þetta sjálfri, ég er allavega hætt að sitja fyrir. Ég passa ekkert inn í þennan heim: ég er innskeif, pæli ekkert í tísku, hef áhuga á fornleifum og eyðibýlum, drekk ekki, reyki ekki, les mikið og er ekki gefin fyrir margmenni. Það kemur alveg fyrir að fólk stimpli mig út af þessu en ég læt það yfirleitt ekki á mig fá,“ segir Erna

„Mér finnst athyglisvert að glamúrmynd af berbrjósta konu úti í haga er sögð vera argasti ósómi á meðan fjórtán ára stúlkur eru myndaðar hálf berrassaðar, í grófum, ofbeldisfullum og klámfengnum stellingum fyrir tískumerki á borð við Armani og Chanel. Tónlistarmyndbönd í dag eru orðin mjög djörf. Klámvæðing virðist vera búin að þröngva sér inn í dægurmenninguna og fólk orðið svo ónæmt fyrir þessu. Nema ef einhver segir Playboy þá virðast allar viðvörunarbjöllur hringja. Það er kannski ágætt. Fólk virðist vera að velta því alvarlega fyrir sér hvaða skilaboð börnin okkar fá úr umhverfinu.“

Þversagnakenndar væntingar til kvenna

„Kvennastéttir eru verr launaðar, konur fá ekki sömu laun og karlar fyrir sömu störf, menntun kvenna er ekki eins arðbær og það á líka við um störf hjá hinu opinbera. Það er áhugavert að vera kona í nútímasamfélagi, þú átt að mennta þig, vera sjálfstæð, vel til höfð og ekki hafa óþægilegar skoðanir sem raska feðraveldinu. Þá áttu á hættu að vera flokkuð sem einhver „femínisti“ af typpaköllum úti í bæ, en það er orðið samheiti yfir reiða einstaklinga sem tala um óþolandi hluti eins og að draga vændiskaupendur til ábyrgðar. Við eigum bara að gjöra svo vel og vera þakklátar fyrir að það sé næstum því jafnrétti á Íslandi. Þetta er mun verra annars staðar. Svo getur maður sest niður, kveikt á MTV og séð blasa við sér klámfenginn poppkúltúr sem stílaður er á hóp sem er á kynferðislega frjóasta skeiði lífs síns. Þarna á milli einhvers staðar dó allt sem kvenréttindabarátta síðustu áratuga skilaði.“

Laugarnar í Reykjavík

Sundlauganótt

Laugardaginn 15. Febrúar
í öllum sundlaugum ÍTR og á Ylströnd
Frá kl. 18:00 – 24:00

Margt býr í gufunni

Hljóðheimur radda óma. Ljóstýra berst frá annesjum.
Gufur stíga upp úr pottum og laugum. Tónar berast úr fjarska.
Hugmyndir og heimar ganga á milli manna.
Eldar loga í kyndlum á bökkum!

ÁRBÆJARLAUG • BREIÐHOLTSLAUG • GRAFARVOGSLAUG • LAUGARDALSLAUG • SUNDHÖLL • VESTURBÆJARLAUG • YLSTRÖND

Nánari upplýsingar um dagskrá er að finna á vef Vetrarhátíðar www.vetrarhatid.is

Sími: 411 5000 • www.itr.is

Myndir ársins 2013

Blaðaljósmyndarafélag Íslands stendur fyrir sinni árlegu ljósmyndasýningu í Gerðarsafni í Kópavogi. Þar má sjá nokkrar af bestu ljósmyndum ársins 2013 og eiga ljósmyndarar Fréttablaðsins þar fjölda mynda. Sýningin verður opnuð í dag og stendur til 23.mars 2014. Við opnunina verða veitt verðlaun fyrir myndir ársins.



26.09.2013 KL. 20.24
KATRÍN
LJÓSMYND Daníel Rúnarsson



02.12.2013 KL. 08.32
SKOTÁRÁS
LJÓSMYND Pjetur Sigurðsson

05.02.2013 KL. 10.04
SÍLDARDAUÐI
LJÓSMYND Vilhelm Gunnarsson

21.10.2013 KL. 10.37
HRAUNAVINIR
LJÓSMYND Gunnar V. Andrésson

11.06.2013 KL. 13.58
BÖRKUR BAKVEIKUR
LJÓSMYND Anton Brink

UNITED SJÓNVÖRP
ÁÐUR ÓÞEKKT VERÐ!

UNITED LED32X16
- Einfalt og gott 32" sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+C
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

KYNNINGARTILBOÐ

49.990

VERÐ **59.990**

UNITED LED39X16T2
- Einfalt og gott 39" sjónvarp
- Háskerpu 1920x1080 punkta FHD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

KYNNINGARTILBOÐ

79.990

VERÐ **89.990**

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

UNITED

Í Vasagöngu í tilefni tímamóta

Þórhallur Sveinsson skíðagöngugarpur verður sjötugur í júní og nú eru 50 ár frá því hann keppti á Vetrarólympíuleikum í Austurríki. Upp á hvort tveggja heldur hann með því að fara í fyrsta sinn í hina 90 km Vasagöngu í Svíþjóð í byrjun mars.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

SKÍÐAKAPPI Þórhallur er á leið í lengstu skíðagöngu í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er vissulega tímamótaár, sjötugsafmæli, fimmtíu ár frá þátttöku minni á Ólympíuleikunum og fyrsta Vasagangan mín," viðurkennir Þórhallur Sveinsson húsasmíðameistari þegar hann er beðinn um viðtal en segist ekki mikið fyrir að tala um sjálfan sig.

Það hlýtur að vera viðburður að taka þátt í Vasagöngunni í fyrsta sinn.

„Já, ég átti hana eftir og því er þetta spennandi. Hún er 2. mars svo það eru 3 vikur í hana. Þátttakendur eru sextán þúsund og það seldist í hana á tíu mínútum. Ég missti af því svo ég er mjög heppinn að komast með," segir Þórhallur og þakkar það skeleggri framgöngu Hugrúnar Hannesdóttur hjá Bændaferðum. Hugrún sá til þess að ég kæmist í pott með fólki sem fær að taka þátt vegna vissra aðstæðna, ásamt aðstoð frá Ólympíusambandi Íslands sem m.a. tók saman gögn sem staðfestu það að ég hafi verið einn af ólympíuförunum sem sendir voru frá Íslandi árið 1964. Ég vissi ekki fyrr en í nóvember að ég kæmist í Vasagönguna.

Dagana fram að göngu ætlar Þórhallur að nota til að hreyfa sig, fara í sund, líkamsþjálfun og göngu og nota snjóinn í nágrenni borgarinnar eins og hægt er. En veit hann hvernig landið liggur sem farið er um í Vasagöngunni? „Það er ein brött og erfið brekka upp í móti sem byrjar eiginlega eftir tvo kílómetra. Síðan er landið auðveldara yfirferðar." Hann kveðst ekki lengi hafa verið í jafn góðu formi og nú. „Ég byrjaði að stunda skíðagöngu reglulega fyrir tólf árum eftir 30 ára hlé og fékk líkamann í gott lag," upplýsir hann og ráðleggur þeim sem hafa einhver eymsli í skrokknum að prófa skíðagöngu.

Skíðaiðkun í blóðinu

Þórhallur er reyndar nýlega kominn heim frá Seefeld, skíðasvæðinu vinsæla í Austurríki, ásamt konu sinni. Þau hafa farið þangað oft með Bændaferðum á síðustu árum. En fyrst var Þórhallur þar á Vetrarólympíuleikunum 1964 að keppa á gönguskíðum. „Seefeld er meðal skemmtilegustu skíðagöngusvæða í heiminum," segir hann. „Þar er tvisvar búið að halda vetrarleika, 1964 og 1976. Fyrir tveimur árum voru Ólympíuleikar ungmenna þar og núna þegar við vorum þar stóð yfir heimsmeistarakeppni í tvíkeppni, bæði ganga og skíðastökk.

Á sínum yngri árum æfði Þórhallur einmitt bæði skíðagöngu og stökk og var á toppnum í báðum greinum hér á landi.

„Ég er frá Siglufirði. Þar var það í blóðinu á fólki að vera á skíðum," segir hann til skýringar. „Maður hafði flinka skíðamenn fyrir augunum í uppvextinum og þeir voru ötulir við að leiðbeina okkur sem yngri vorum.

Á veturna var haft samband við okkur skíðastrákana ef bilanir voru á rafmagnslínum eftir vond veður frá Siglufirði og innan Skeiðsfoss í fljótunum.

Þórhallur segir mun meiri spennu hafa verið fyrir gönguskíðaíþróttinni hjá íslensku þjóðinni fyrir fimmtíu árum en nú, enda miklu meiri snjór en minni afþreying í boði. „Það var ekki einu sinni sjónvarp," bendir hann á. „Þó held ég að áhuginn á skíðagöngu sé að aukast aftur. Unga fólkið leggur mikið upp úr því að æfa vel. Það er ungur strákur að keppa fyrir okkar hönd núna á Ólympíuleikunum í Soltsjí, Sævar Birgisson, hann er ættaður frá Siglufirði. Fjölskyldan hans fór öll til Austurríkis í desember að fylgjast með honum æfa og keppa og pabbi hans er með honum núna úti á mótinu. Þetta er orðið öðruvísi en var. Fólk ferðast svo miklu meira."

Spennandi að vera með

Ég bið Þórhall að segja mér frá aðdraganda þess að hann fór á Vetrarólympíuleikana 1964, þá nítján ára gamall.

„Þetta var búið að blunda í okkur í nokkur ár, mér og Birgi Guðlaugssyni, við vorum æskufélagar. Okkur fannst gaman að glíma við það verkefni að komast á Ólympíuleika með því að styrkja okkur, ganga á fjöll og fara á skíði. Mest vorum við á gönguskíðum og í skíðastökki.

Við fórum til Lillehammer í Noregi að æfa göngu og stökk í tvo mánuði veturinn 1962 með það í huga að komast á Ólympíuleikana. Við höfðum heyrt að þar væri einstaklega gott að æfa. Síðsumars 1963 var okkur boðið ásamt fleiri skíðamönnum í Kerlingarfjöll, vorum þar undir leiðsögn Valdimars Örnólfssonar þjálfara, gengum á jökulinn, slengdum okkur í jökulfall og gerðum fleiri kúnstir. Þó var ekki mikið hægt að vera á gönguskíðum þar því landið er svo fjöllótt. Svigfólkið var þarna líka og svæðið var auðvitað gott fyrir það. Þetta var mjög skemmtilegur tími. Veturinn 1963 var úrtökumót í göngu fyrir Ólympíuleikana 1964. Það endaði með því að við félagarnir tveir vorum einu skíðagöngukeppendurnir sem komumst áfram. Svo voru þrír í sviginu." Með í för voru Birgir Kjaran formaður, Einar B. Pálsson fararstjóri og Valdimar Örnólfsson þjálfari sem fóru með Ólympíuhópnum út. Við Birgir vorum mest tveir saman, tókum lest frá Ólympíuþorpinu í Innsbruck á morgnana upp í Seefeld.

Þórhallur segir þá Birgi hafa keppt á eigin tréskíðum og algerlega séð um meðhöndlun þeirra sjálfir. „Þá var m.a. notað tjöruefni á skíðabotninn sem maður þurfti að innbrenna með gaslampa til að laga sólana á skíðunum. Síðan var viðeigandi smurning sett á skíðin. Þetta var mikil vinna og þurfti mikla nákvæmni við. Stundum hentaði smurningin í hálfri brautinni en svo hlýnaði og þá passaði hún ekki.

Draumur að taka þátt

Hann segir mikinn aðstöðumun hafa verið milli þátttakenda. Aðrar norðurlandaþjóðir og fleiri voru með veðurfræðinga með sér ásamt fleiri aðstoðarmönnum til að taka út veðrið, smyrja skíðin og hvað annað sem féll til. Við tveir byrjuðum á því að morgni að taka veðrið, meðhöndla skíðin og síðan fórum við í skíðaskóna og kepptum. Skíðamenn hinna þjóðanna voru svo lánsamir að geta gengið að þessu aðstoðarfólki. Einnig höfðu þeir yfir að ráða aukaskíðum fyrir fólkið sitt, göngumennirnir þurftu ekkert að hugsa um annað en stíga á skíðin, það var mikið af fólki kringum þá að smyrja og græja." Þeir Þórhallur og Birgir kepptu í 15 kílómetra og 30 kílómetra göngu.

Þórhallur varð númer 55 í 15 kílómetra göngunni. Keppendur voru 71.

„Keppnisdagana var veðrið slæmt og færi misjafnt. Við kláruðum báðir gönguna. Það var auðvitað spennandi að vera meðal bestu gönguskíðamanna heims og fylgjast með hvernig þeir báru sig að," segir hann. Að hafa fengið tækifæri til að æfa fyrir Ólympíuleikana og hafa síðan tekið þátt í þeim fyrir Íslands hönd er draumur sem varð að veruleika ungra skíðastráka frá Siglufirði.

Skíði og skák

Þegar heim kom beið annað stórt verkefni eftir Þórhalli, sveinspróf í húsasmíði á Siglufirði. Hann kveðst hafa stundað þá iðn alla sína tíð.

Hann er kvæntur Eygló Stefánsdóttur hjúkrunarfræðingi sem kom til Siglufjarðar á sjöunda áratugnum úr borginni til að vinna og hitti draumaprinsinn þar. Þau hjón eiga fjögur börn sem öll voru kynnt fyrir skíðaíþróttinni á sínum tíma en sum heilluðust meira af skák. Þröstur Þórhallsson er stórmeistari í skák og fyrrverandi Íslandsmeistari. Hrund dóttir þeirra varð Íslandsmeistari í skák þegar hún var unglingur. Anna Steinunn systir þeirra tók líka þátt í skákinni og keppti. Þær systur voru saman í skáksveit Hvassaleitisskóla. Sveinn bróðir þeirra sinnti fótboltanum.

Í feðranna spor fyrir framtíðarsigra

Vasagangan er gengin á skíðum milli bæjanna Sälen og Mora í Dölunum í Svíþjóð, samtals 90 kílómetra leið. Hún er lengsta skíðagöngukeppni í heimi.

Gengið hefur verið árlega frá árinu 1922, fyrsta sunnudag í mars, til að minnast flótta Gustavs Vasa þessa leið árið 1521. Hann náði að fá þjóðina í lið með sér móti danska kónginum sem var að kúga hana og að sigri loknum var hann krýndur konungur Svíþjóðar. Einkunnarorð göngunnar eru Í feðranna spor fyrir framtíðarsigra.

ÓMETANLEGT Minjagripir Þórhalls frá Ólympíuleikunum 1964.

Þórhallur um breytta skíðagöngutækni

Sú tækni sem skíðagöngumenn beita hefur þróast mikið. Áður fyrr var mikið lagt upp úr stílnum, að maður væri flottur á ferðinni. Þá var maður með hendurnar aftur og fram. Nú hefur maður handleggina bara bogna og fer bara með stafina rétt fram fyrir skóinn og stutt aftur, þannig að menn nota miklu meira sjálfan líkamann en áður, ekki bara hendurnar og bakið. Maður spyrnir miklu hraðar og með báðum stöfunum. Þá notar maður magann líka. Það gerir það að verkum að ekki reynir eins mikið á bakið. Áður tók maður stór skref og sveigði bakið mikið. Nú notar maður meira allan líkamann. Maginn hjálpar til og dreifir álaginu.

STORMUR
UNISEX PARKAÚLPA
25% AFSLÁTTUR
TILBOÐ 29.950
VERÐ ÁÐUR 39.950
TILBOÐ GILDIR 15.-22.FEBRÚAR
Framúrskarandi
fyrirtæki 2013
ICEWEAR
ICELAND
www.icewear.is
ICEWEAR ÞINGHOLTSSTRÆTI 2, 101 REYKJAVÍK | FÁKAFEN 9, 108 REYKJAVÍK

ERU MYGLUSVEPPIR HEIMA HJÁ ÞÉR?

MYGLUSVEPPAPRÓF

Pinninn tekinn í sundur.

Látið smella tvisvar í vökvafylltu kúlunni.

Hvíta lokið snúið af.

Setjið 5 dropa á hvort greiningarpróf.

Einfalt í notkun

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

Sjáðu myndband um myglusveppaprófið á www.iaqpronow.com

Einnig QR kóði í snjallsíma!

Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF
4.695 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

hús&heilsa

Holl húsráð og ábendingar

1. Eiga loftrakamæli, halda loftraka innandyra undir 45% á veturna og kynda.

2. Tryggja regluleg loftskipti allan sólarhringinn, t.d. opna glugga.

3. Þurrka umfram raka sem myndast við rúður og fjarlægja myglu ef hún myndast.

4. Fylgjast með þéttiefnum í sturtum og í kringum baðkör (sprungur og slit). Hreinsa og bera rakaverjandi efni á fúgur og skipta um þéttiefni eftir þörfum.

5. Tryggja útloftun við eldamennsku, þvott/þurrkun og eftir sturtu/baðferðir til að hindra rakaþéttingu til dæmis á veggjum og loftum (vifta, opnanleg fög).

7. Yfirfara þéttingar og ástand á gluggum og hurðum utandyra og taka strax á viðhaldsmálum. Dýrt getur verið að bíða með framkvæmdir.

ÓDÝR OG GÓÐ SÁPA

4 LÍTRAR

Vnr. 41166001
OXIVIR sótthreinsir með dælu, 0,72 l.
1.395 kr.

Vnr. 51400101
Raka- og hitamælir.
2.995 kr.

BAKTERÍUEYÐIR

- Eyðir bakteríum í sveppum og slæmri lykt úr íþróttafatnaði, sótthreinsun án klórs.

Vnr. 41111123
RODALON,
5% lausn, 1 l.
1.895 kr.

MYGLUEYÐIR

- Drepur myglusveppi, notist aðeins við góða loftræstingu.

Vnr. 16001952
HG myglueyðir,
500 ml.
1.595 kr.

Vnr. 42301947
Grænsápa, 4 l.
795 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Vnr. 42375935
BLÅTIN rúðuvökvi, 3 l poki.
395 kr.

Vnr. 42378559
TRISTAR hitablásari, 2000W.
2.995 kr.

Verslaðu beint
úr BYKO blaðinu
á byko.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

NJÓTUM ÚTIVERUNNAR Í VETUR

Vnr. 91800045
Hlý prjónahúfa.
995 kr.

Vnr. 93966405
ACRYL
prjónavettlingar.
595 kr.

Vnr. 92202022
CAT REAL vinnusokkar,
3 pör í pakka.
1.595 kr.

Vnr. 42310691-96
Kuldagalli, svartur,
stærðir S-XXL.
11.995 kr.

Vnr. 93598600-4
Dovre langermabolur,
stærðir S-XXL.
5.995 kr.

100% MERINO ULL
EINSTAKLEGA ÞÆGILEGT EFNI

Vnr. 93598610-4
Dovre buxur,
stærðir S-XXL.
5.995 kr.

GRÓÐURMOLD

6 LÍTRAR
Vnr. 55097011
Gróðurmold 6 l.
345 kr.

40 LÍTRAR
Vnr. 55097032
Gróðurmold, 40 l.
995 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

Sterkir litir í New York

Mikill glamúr, náttúruleg förðun og sterkir litir einkenndu tískupallana á nýafstaðinni tískuviku í New York að sögn athafnakonunnar Áslaugar Magnúsdóttur. Hún segir stemninguna hafa verið góða þrátt fyrir mikinn kulda í borginni.

RODARTE

Stemningin hér er góð eins og alltaf á tískuvikunni. Hins vegar hefur verið óvenju kalt í New York og því eru flestir sem eru að fara á sýningarnar klæddir stórum kápum og stígvélum. Áhorfendahópurinn hefur því ekki verið í eins spennandi fötum og venjulega á tískuvikunni," segir athafnakonan Áslaug Magnúsdóttir sem sat á hliðarlínunni á nýafstaðinni tískuviku í New York.

Glamúr og þægindi

Haust- og vetrartískan 2014 var þar í aðalhlutverki og þar kenndi ýmissa grasa. Að sögn Áslaugar voru þar hönnuðirnir Suno, Rodarte, Ostwald Helgason, Rosie Assoulin og Marchesa sem slógu í gegn í ár. „Ótrúlega flottar sýningar hjá þeim í ár. Þetta var fyrsta tískupallasýningin hjá íslenska hönnuðinum okkar, Ingvari Helga hjá Ostwald Helgason. Sýningin var ótrúlega flott og vel tekið. Uppáhalds fötin mín voru bolir og kjólar með hálfskræddum ávöxtum, banönum og eplum."

Vinsælustu litirnir næsta haust verða rauður, svartur, hvítur og dökkblár. „Það er mikið verið að setja saman sterka liti í eina flík, lituðum stykkjum blandað saman. Svo var mikið um þægilegan prjónafatnað í bland við gyllt og glamúrkjóla, blússur og jakka."

Áslaug hefur mest farið á sýningar sem tengjast hennar vinnu en hún er að fara af stað með nýtt fyrirtæki í vor. Meðal þeirra sem hún er að vinna með þar eru Marchesa, Zac Posen, J. Mendel og Ostawald Helgason. Næst ætlar hún að heimsækja tískuvikurnar í París og Tel Aviv.

París og Tel Aviv

„Það er mjög mikið að gera við undirbúning nýja fyrirtækisins þannig að ég ætla að sleppa sýningunum í London og Mílanó. Ég ætla hins vegar að fara í nokkra daga til Parísar og svo beint yfir til Tel Aviv á tískuvikuna í boði stjórnenda. Ég er að fara þangað til að styðja við góða vinkonu mína, Dorit bar Or, sem er með sýningu fyrir línuna sína Pas Pour Toi."

ÁNÆGÐ MEÐ TÍSKUVIKUNA Áslaug Magnúsdóttir segir stemninguna hafa verið góða á tískuvikunni í New York en hún var þar að undirbúa nýtt fyrirtæki sem fer af stað í vor.

MARCHESA

OSTWALD HELGASON

SUNO

MARCHESA

SLÓGU Í GEGN Ingvar Helgason og Susanne Ostwald sýndu merkið sitt Ostwald Helgason í fyrsta sinn á tískupöllunum í New York og tókst vel upp að mati Áslaugar.



➜ Náttúruleg förðun á pöllunum

„Förðunin hefur líka verið óvenju litlaus og lítið áberandi hjá sýningarfólkinu og á meðal áhorfenda. Þeir sem skrifa um förðunartísku hafa kvartað yfir þessu og segja að það sé lítið annað að sjá en glansandi hár og dökk sólgleraugu," segir Áslaug um förðunartrend ársins.

GERUM GOTT BETUR

OG BJÓÐUM FJÖLBREYTT ÚRVAL FRÁBÆRRA RAFTÆKJA Á GÓÐU VERÐI

SKEIFAN 11

G610CF

1920x1080–FULL HD · 4.000.000:1 Dynamic Contrast · 100Hz endurnýjunartíðni · DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar · 2xHDMI, SCART, USB

VERÐ: 79.900

C800HF

1920x1080–FULL HD · 4.000.000:1 Dynamic Contrast · 200Hz endurnýjunartíðni · DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar · 2xHDMI, SCART, VGA · USB afspilun

VERÐ: 99.900

Pioneer DEH-1600UB
HLJÓMTÆKI

Frábært bíltæki!

4X50 Mosfet magnari · Útvarp með 24 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA WAV · USB og Aux-in að framan.

LISTAVERÐ: 22.900 **TILBOÐSVERÐ:** 17.900

Pioneer DEH-X3500UI
HLJÓMTÆKI

Frábært bíltæki!

4X50 W MOSFET magnari. Útvarp með 24 stöðva minni. Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV. AUX og USB tengi á framhlið. EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið– og hátóna. Spilar og hleður iPod í gegnum USB (snúra fylgir ekki). Multi-Colour skjár.

LISTAVERÐ: 28.900 **TILBOÐSVERÐ:** 23.900

Pioneer X-CM31
HLJÓMTÆKI

Hljómtækjastæða

FM útvarp með 40 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA, iPod, iPad (gegnum usb) · USB, RCA, Heyrnartól, Video out (f. iPod) · 2 x 15W hátalarar · Spilar og hleður iPod

LISTAVERÐ: 45.900 **TILBOÐSVERÐ:** 36.900

Pioneer X-HM11-K
HLJÓMTÆKI

Hljómtækjastæða

FM útvarp með 40 stöðva minni
Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW
2 x 15W hátalarar 4 Ohm · USB, RCA, Heyrnartól

LISTAVERÐ: 34.900 **TILBOÐSVERÐ:** 29.900

Pioneer PIX-SMC00
HLJÓMTÆKI

iPod dokka

iPod/iPhone dokka · 20W · Geislaspilari (CD-R/CD-RW/WMA/MP3) USB afspilun · FM útvarp með 30 stöðva minni ·LCD skjár með klukku · Fjarstýring fylgir

VERÐ: 39.900

Pioneer XW-BTS1
HLJÓMTÆKI

Blutooth hátalari

Blutooth hátalari · 10W, aux in tengi. Einfaldur í notkun · Til bæði hvítir og svartir

LISTAVERÐ: 22.500 **TILBOÐSVERÐ:** 16.900

Pioneer DCS-222K
HLJÓMTÆKI

DVD–Heimabíókerfi 5.1 rása

5.1 rása DVD heimabíókerfi m. FM útvarpi og Karaoke 300W magnari · Spilar; DVD-R/RW, CD-R/RW, MP3, JPEG, PNG, WMA, DivX og fl., HD upscaling

LISTAVERÐ: 49.900 **TILBOÐSVERÐ:** 39.900

---

hama® 53955

Vefmyndavél+heyrnartól

Pottþétt fyrir Skype

VERÐ: 5.990

Nintendo Wii mini
SPENNA · SNERPA · SNILLD

Mario Kart leikur fylgir með.

VERÐ: 26.900

Nintendo Wii U
SPENNA · SNERPA · SNILLD

Nintendoland eða Zelda Windwaker leikur fylgir með. Hægt að fá hana í tveimur útfærslum.

VERÐ: 69.900

Ativ Book 2
NP275E5E-K01SE
Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
Ódýr og hagkvæm tölva fyrir skólafólk. Flottur skjár og glæsileg hönnun.

VERÐ: 94.900

Ativ Book 2
NP270E5G-K03SE
Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
Vinnsluminni: 4GB · Harður diskur: 500 GB
Töff hönnun · Frábær tölva fyrir fólk á ferðinni.

VERÐ: 119.900

BT

ORMSSON

OPIÐ: ALLA DAGA TIL KL. 18.00

SKEIFUNNI 11 · SÍMAR: 550.4444 · www.bt.is

Vatnsaflsvirkjanir besti kosturinn

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra segir að vatnsaflsvirkjanir séu besti kosturinn í virkjunarmálum og horfir til neðri hluta Þjórsár í því samhengi. Sem ráðherra ferðamála telur hún betra að taka upp náttúrupassa heldur en að landeigendur leggi sérstakt gjald á ferðamenn. Enginn verði þó skikkaður til að þátt í slíku verkefni komi það til framkvæmda.

FJÖLGUN FERÐAMANNA

„Við ráðum alveg við þennan fjölda ef okkur tekst, og það hefur tekist mjög vel á síðustu árum, að lengja ferðamannatímann.

LÖG UM KYNJAHLUTFÖLL Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

„Ég er ekki að fara gera neinar breytingar á þessum lögum. Ég ætla ekki að gera neitt núna á þessu þingi og ég veit ekki hvort það verða gerðar einhverjar róttækar breytingar á þessu kjörtímabili.

RAFORKUSÆSTRENGUR TIL BRETLANDS

„Það er sjálfsagt að halda áfram með þetta mál ef það er skynsamlegt og þegar við erum búin að meta hin efnahagslegu áhrif. En tíminn verður að leiða þetta í ljós.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landeigendur við Geysi í Haukadal ætla að leggja sérstakt gjald á ferðamenn í næsta mánuði. Ragnheiður hefur sagt að þessi ákvörðun hafi valdið henni vonbrigðum enda horfi hún frekar til þess að taka upp sérstakan náttúrupassa til að leggja gjald á ferðamenn. „Þetta hefur verið stóra málið í ferðaþjónustunni. Hvernig við getum aflað tekna til þess að standa betur að uppbyggingu og vernd fjölsóttra ferðamannastaða gegn ágangi. Sú vinna hefur verið í fullum gangi og ég vonast til þess að geta komið með frumvarp [varðandi náttúrupassa] síðar í þessum mánuði," segir Ragnheiður. Hún segir æskilegast að ná almennri sátt um náttúrupassann til að sem flestir taki þátt í verkefninu. Framkvæmdin sjálf verði þó flókin. „Ég lít á þetta sem samstarfsverkefni. Vonandi tekst okkur að útfæra þetta með þeim hætti að gjaldið fari ekki í ríkissjóð heldur verði þetta í líkingu við það sem við höfum kallað lottóleiðina. Það er verið að útfæra þetta. Þeir sem verða með í þessu fá fulltrúa í verkefninu sem síðan útdeilir fjármunum. Einhver hluti fer í uppbyggingu og vernd og einhver hluti fer í að byggja nýja staði til að dreifa álaginu. Eitthvað í öryggismál og svo verður að taka tillit til þess að landeigendur fái einhverjar tekjur."

Vill eyða óvissu um Helguvík

Á haustfundi Landsvirkjunar á síðasta ári sagðist Ragnheiður óþreyjufull eftir að verkefni kæmust í gang og nefndi álverið í Helguvík í því sambandi. Hún segist vonast til þess að hægt verði að klára framkvæmdir við álverið í Helguvík.

„Á meðan fyrirtækið sem stendur að því verkefni heldur ótrautt áfram þá er það verkefni enn í gangi. Ég veit að orkusalinn og fyrirtækið eru að ræða saman. Ég hef aldrei legið á þeirri skoðun minni að ég er stuðningsmaður þess að þetta verkefni verði klárað. Umfram allt vil ég eyða allri þeirri óvissu sem hefur ríkt um álverið í Helguvík," segir Ragnheiður. Önnur verkefni eru einnig í gangi og nefnir hún Bakka, Algalíf og kísilmálmverksmiðju á Grundartanga í því samhengi.

Best að virkja í neðri hluta Þjórsár

Ragnheiður segist horfa fyrst og fremst til vatnsaflsvirkjana þegar kemur að virkjunarframkvæmdum. „Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að líta til vatnsaflsins meira en síðasta ríkisstjórn þegar hún var að klára rammaáætlun vegna þess að þar eru virkjanir sem eru hagkvæmar og eru á röskuðu svæði. Við erum öll sammála um að fara ekki inn á óröskuð svæði ef við þurfum þess ekki. Það eru virkjanakostir á röskuðum svæðum þar sem umhverfisáhrif eru tiltölulega lítil. Þannig að ég held að við ættum að einbeita okkur að því." Neðri hluti Þjórsár sé mjög heppilegt virkjunarsvæði.

„Það þarf ekki að koma neinum á óvart að ég er hlynnt framkvæmdum í neðri hluta Þjórsár. Ég tel raunar að það sé eitthvað sem við hefðum átt fyrir löngu að vera farin í. Rammaáætlun er í því ferli sem hún er í núna. Það voru vonbrigði að verkefnastjórnin skyldi ekki a.m.k. setja tvær efri virkjanirnar í nýtingarflokk. Svo eru það aðrar virkjanir eins og til dæmis Hagavatnsvirkjun sem er beinlínis með jákvæð umhverfisáhrif og verkefnastjórninni var falið að taka afstöðu til.

Ég held að það hafi verið fyrir hrein mistök að hún hafi ekki lent í nýtingarflokki á sínum tíma," segir Ragnheiður.

STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA

1987 Stúdentspróf Kvennaskólanum í Reykjavík.

1991 BA-próf í stjórnmálafræði HÍ.

MS-próf í alþjóðasamskiptum frá Georgetown University í Bandaríkjunum.

1995-1998 Starfsmaður Útflutningsráðs Íslands.

1998-2005 Aðstoðarmaður fjármálaráðherra.

2005-2006 Aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

2006-2007 Aðstoðarmaður forsætisráðherra.

2007 Alþingismaður.

2010-2012 Formaður þingflokks sjálfstæðismanna.

2013 Iðnaðarráðherra.

MENNTUN OG HELSTU STÖRF

Höskuldur Kári Schram
hks@frettabladid.is

visir.is

Viðtalið við Ragnheiði er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is.**

FASTEIGNASÖLUR

LAUGARDAGUR **15. FEBRÚAR 2014**



Fasteignaviðskipti orðin flóknari

Miklar breytingar hafa orðið á fasteigna-markaði undanfarna tvo áratugi. **SÍÐA 2**

Hvað, hvernig og hvers vegna?

Margar spurningar brenna á þeim sem hyggja á fasteignakaup. **SÍÐA 2**

Fasteignaviðskipti orðin flóknari

Miklar breytingar hafa orðið á fasteignamarkaði undanfarna tvo áratugi. Með tilkomu fleiri lánastofnana hefur fjármögnunarumhverfið gjörbreyst. Eftir sögulega lægð árið 2009 hefur fasteignamarkaðurinn náð sér á strik ár frá ári.

Starfsmenn fasteignasölunnar Höfða. Runólfur Gunnlaugsson er lengst til hægri. Á myndina vantar Ásmund Skeggjason. MYND/VILHELM

Fasteignamarkaðurinn hefur tekið miklum breytingum undanfarna tvo til þrjá áratugi. Húsbréfakerfið var sett á laggirnar árið 1990 með lánahlutfall upp á 65% af kaupverði eigna þótt í fyrstu hafi hámarkslán aðeins verið 5 milljónir. Síðan hefur lánahlutfall hækkað í tímans rás og eru hámarkslán núna 20 milljónir hjá Íbúðalánasjóði. Allt fram til ársins 2004 voru Húsnæðisstofnun, og síðar Íbúðalánasjóður, nánast einráð á lánamarkaði fyrir fasteignamarkaðinn. Fyrir bragðið voru fasteignaviðskiptin miklu einfaldari en þau eru í dag að sögn Runólfs Gunnlaugssonar, viðskiptafræðings og löggilts fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala hjá fasteignasölunni Höfða. „Það var tiltölulega óalgengt að eignir væru yfirveðsettar á þeim tíma. Á árunum upp úr 1990 var lægð í hagkerfinu og fasteignamarkaðurinn um leið í lægð líka. Þá var algengt að fólk skipti minni eignum upp í stærri og setti húsbréfalán sem milligjöf. Markaðurinn fann þannig sinn farveg og fólk sem gat keypt stærri og dýrari eignir var oft að leysa vanda þeirra sem voru í fjárhagsvandræðum. Með tilkomu bankanna inn á fasteignamarkaðinn árið 2004 gjörbreyttist allt fjármögnunarumhverfið. Afleiðingin var svokölluð fasteignabóla sem síðan sprakk í hruninu eins og alþjóð veit með tilheyrandi afleiðingum.“

Fasteignaviðskipti orðin flóknari

Gegnum tíðina hafa ætíð verið sveiflur á fasteignamarkaði að sögn Runólfs, oft á 5-7 ára fresti. Slíkar sveiflur fylgja hagsveiflum í samfélaginu og taka jafnan mið af kaupmætti almennings. Fasteignaviðskipti séu auk þess flóknari í dag en áður með tilkomu fleiri lánastofnana á markað. Algengt sé í dag að kaupendur og seljendur flytji með sér lán milli eigna en slíkt krefst geysimikillar vinnu fyrir fasteignasala og lánastofnanir.

„Fasteignamarkaðurinn var í sögulegri lægð árið 2009 en hefur síðan verið að ná sér á strik ár frá ári. Heilt yfir er markaðurinn þó tæplega búinn að ná jafnvægi ennþá en segja má að neðri hluti markaðarins sé á mikilli hreyfingu. Þannig seljast eignir undir ca. 35 milljónum vel í dag enda hafa mælst miklar hækkanir í þeim eignaflokki. Árið 2014 hefur farið vel af stað og almennt telja fasteignasalar að bjart sé fram undan á fasteignamarkaði.“

Sá kaupendahópur sem er að kaupa, og þarf að kaupa sína fyrstu íbúð, á undir högg að sækja á fasteignamarkaðnum. Viðmið í greiðslumati er tiltölulega stíft og unga fólkið sem er að stíga sín fyrstu skref á fasteignamarkað hefur einfaldlega ekki næga peninga til útborgunar eða nægar tekjur til að standast greiðslumat. „Sá hópur fólks sem ekki er búinn að kaupa sínu fyrstu íbúð verður því sífellt stærri og eldri. Það blasir við að úrbóta er þörf til að létta þessu fólki róðurinn við sín fyrstu kaup.“

Hvað, hvernig og hvers vegna?

Margar spurningar brenna á þeim sem hyggja á fasteignakaup. Hér verður svarað nokkrum spurningum sem væntanlegir kaupendur þurfa að velta fyrir sér og farið yfir hugtök sem sumum eru framandi.

Hvað er lántökugjald?

Þegar tekið er lán til íbúðarkaupa þarf að greiða lántökugjald sem er yfirleitt um 1% af lánsupphæðinni. Sumar lánastofnanir lána ekki fyrir þessu gjaldi sérstaklega og því þarf að fjármagna það með öðrum hætti. Algengt er að fólk taki um 20 milljónir króna íbúðalán og þá þarf að greiða 200 þúsund í lántökugjald.

Hvað er stimpilgjald?

Stimpilgjald er gjald sem greiða skal til ríkisins af vissum skjölum. Hinn 1. janúar síðastliðinn tóku gildi ný heildarlög um stimpilgjald. Stærsta efnisbreytingin með nýjum lögum er sú að skyldan til að greiða stimpilgjald af lánsskjölum fellur brott sem er afar gott fyrir þá sem kaupa fasteign. Samkvæmt eldri lögum þurftu til dæmis lántakendur að greiða um 1,5% stimpilgjald af fjárhæð hvers veðskuldabréfs og gat slíkur kostnaður vegið þungt í fasteignaviðskiptum.

Hver er munurinn á því að vera löggiltur fasteignasali og fasteignasali?

Nokkuð algengt er að neytendur og jafnvel starfsfólk á fasteignasölum geri mun á þessu tvennu. Það að vera fasteignasali eða löggiltur fasteignasali er alveg það sama. Í lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa er ákveði þess efnis að sá einn megi kalla sig fasteignasala sem hefur til þess löggildingu.

Hvað er fasteignamat?

Fasteignamat er gangverð sem ætla má að eign hefði haft í kaupum og sölum. Matið er gert í maímánuði ár hvert og miðast við verðlag í febrúar. Hið nýreiknaða mat tekur gildi í árslok. Fasteignamat tekur bæði til húss og lóðar og skiptist í húsmat og lóðarmat.

Tilgangur fasteignamats er fyrst og fremst að skapa grundvöll fyrir álagningu opinberra gjalda en fasteignamatið er stofn fasteignagjalda og erfðafjárskatts.

Hvað er brunabótamat?

Í brunabótamati felst mat á því hvað það myndi kosta að reisa hús á ný ef það yrði eldi að bráð. Brunabótamat miðast við byggingarkostnað og tekur tillit til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar.

Matið er vátryggingarfjárhæð og út frá því er lögbundin brunatrygging reiknuð út.

Að mörgu er að huga áður en lyklar eru afhentir í fasteignaviðskiptum.

Af hverju þarf yfirlýsingu frá húsfélagi þegar eign er seld?

Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að ganga frá kaupsamningi nema fyrir liggi yfirlýsing húsfélags þar sem upplýst er um greiðslustöðu hússjóðs, væntanlegar framkvæmdir og fleira.

Hvers vegna er talað um makaskipti þegar fólk skiptist á fasteignum?

Orðið makaskipti er gamalt í málinu og eru elstu dæmi Orðabókar Háskólans frá miðri 16. öld. Orðið maki merkir bæði jafningi og hjúskaparaðili. Það er fyrri merkingin sem á við um makaskipti sem snúast um fasteignir.

Hvað er greiðslumat?

Greiðslumatinu er ætlað að sýna fjárhagsstöðu og greiðslugetu viðkomandi. Greiðslugetan er sú upphæð sem umsækjandi hefur til ráðstöfunar til að greiða af nýjum eða yfirteknum lánum eftir að tekið hefur verið tillit til framfærslu, reksturs bifreiða og húsnæðis, afborgana annarra lána og nýrra lána sem umsækjandi gerir ráð fyrir að taka. Hægt er að reikna út greiðslugetu á reiknivélum á netinu til dæmis á síðum bankanna.

Hvaða reglur gilda um hvaða boð í fasteign er tekið?

Almenna reglan er sú að seljanda er frjálst að velja hvert það boð sem kemur í eign eða hafna öllum. Þannig er það á forræði seljanda hvaða boði hann tekur.

Er hægt að vita hvaða boð hafa þegar borist í eign?

Fasteignasala er ekki heimilt að greina þeim sem gera tilboð í eign frá fjárhæð þeirra boða sem berast í eign. Fasteignasali hefur þagnarskyldu skv. lögum og ber þ.a.l. að vernda trúnað við þá sem bjóða í eign.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir s. 512 5434, bryndis@365.is Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

ÚRSLIT Í SÖNGVAKEPPNINNI

Úrslit í Söngvakeppni Sjónvarpsins fara fram í beinni útsendingu frá Háskólabíói í kvöld kl. 19.40. Kynnar eru Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Guðrún Dís Emilsdóttir. Sex lög keppa til úrslita en sigurvegarinn tekur þátt í Eurovision-keppninni í Kaupmannahöfn 10. maí.

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

RAUNFÆRNIMAT

Hefur þú starfað við matargerð í 3 ár eða lengur og vilt ljúka námi í matartækni?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 3 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS



DAGSVERK.IS / IDAN0214

Nánari upplýsingar um raunfærnimat er að finna á http://idan.is/raunfaernimat eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

IÐAN fræðslusetur
Þórunnartún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

LOSNAÐI VIÐ RISTILKRAMPA

ICECARE KYNNIR *Bio-Kult Candéa virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.*

Heiðrún Guðmundsdóttir er ánægð með Bio-Kult Candéa og ákvað að deila reynslu sinni með lesendum. „Dóttir mín er aðeins 8 ára en hún var stöðugt að kvarta um maga- og höfuðverk síðastliðinn vetur, bæði heima og í skólanum. Hún hefur haft mikla sykurþörf og sífellt að næla sér í einhver sætindi. Þá fór að bera á ristilkrampa sem gekk mjög nærri henni. Þeir ágerðust með vorinu og fyrripart sumars. Hún var farin að fá ristilkrampa um hverja helgi og kvaldist mikið vegna þeirra.

Þar sem ég átti við þennan hvimleiða kvilla að stríða sem barn skildi ég líðan hennar og um hvað málið snérist. Þegar ég leitaði eftir upplýsingum á netinu rakst ég á upplýsingar um Bio-Kult Candéa gegn sveppasýkingu sem einnig væri hjálplegt við ristilvandamálum.“

BREYTT LÍÐAN

„Þegar ég skoðaði upplýsingar nánar sá ég að dóttir mín hafði flest einkenni sveppasýking í meltingarvegi. Síðasta sumar fór ég að gefa henni tvö hylki af Bio-Kult Candéa á dag. Mjög fljótt urðum við varar við breytingu, hún hætti að kvarta undan magaverkjunum, regla komst á meltinguna og ristilkramparnir hættu.

Í dag tekur hún samviskusamlega eitt hylki eftir kvöldmat og nú sjö mánuðum síðar hefur ristilkrampinn ekki látið á sér kræla. Sykurþörfin er mun minni og höfuðverkurinn heyrir nánast sögunni til. Þar með höfum við slegið tvær flugur í einu höggi. Svo má ekki gleyma því að ég tek líka Bio-Kult Candéa. Ég vil þó fyrst og fremst nota tækifærið og þakka fyrir þessa dásemdar vöru sem hefur gjörbreytt lífi dóttur minnar.“

ÖFLUG VÖRN

Innihald hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Fjöldi góðra gerla er í hverju hylki, styrkur gerla er einn milljarður og eru sjö mismunandi gerlastrengir í Bio-Kult Candéa.

Sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti, svo sem munnangri, fæðuóþoli, pirringi, skapsveiflum, þreytu, brjóstsviða, verki í liðum, mígreni og húðvandamálum. Öflug vörn gegn sveppasýkingum á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Bio-Kult Candéa er örugg vara, framleidd af viðurkenndum framleiðanda í Bretlandi. Bio-Kult Candéa hentar fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.

Bio-Kult Candéa fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar icecare.is.

ÁNÆGJA

Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, fær margar reynslusögur frá ánægðum viðskiptavinum.



GEFUR GÓÐA RAUN

Heiðrún Guðmundsdóttir segir að dóttir hennar hafi fengið bata af ristilkrampa eftir að hún byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

FER EKKERT ÚT AÐ DJAMMA

MARGT AÐ GERAST *Jóhanna Guðrún Jónsdóttir ætlar að fylgjast með Söngvakeppni RÚV í kvöld og segir sigurvegarann eiga fyrir höndum mikla en skemmtilega vinnu. Sjálf kemur hún með nýjan smell með vorinu.*

Fimm ár eru liðin frá því að Jóhanna Guðrún tók þátt í Eurovision-keppninni í Moskvu og lenti í öðru sæti á eftir hinum norska Alexander Rybak. Keppnin vakti mikla athygli á söngkonunni um alla Evrópu og breytti lífi hennar. „Það er rétt, lífið breyttist alveg helling," segir hún. „Heilmörg tækifæri komu upp í hendurnar á mér sem ég hefði annars ekki fengið. Ég söng tölurvert í Svíþjóð, Noregi og Danmörku eftir keppnina sem varð til þess að við Davíð fluttum til Noregs í tvö ár. Við komum aftur heim í fyrrasumar, ég var með svo mikla heimþrá," segir Jóhanna en unnusti hennar er Davíð Sigurgeirsson gítarleikari. „Það voru margar dyr sem opnuðust við þátttökuna og sjálfsagt að nýta þau tækifæri sem bjóðast," segir hún. „Það er sannarlega margt skemmtilegt búið að gerast síðan ég fór til Rússlands."

NÝTIR TÆKIFÆRIN Jóhanna Guðrún segir að smellurinn Mamma þarf að djamma hafi komið eins og púst inn í hennar líf. Hún var nýflutt til landsins þegar hún söng lagið.

EKKI NÖRD

Jóhanna Guðrún segist alltaf horfa á Söngvakeppnina hér heima og sjálfa Eurovision-keppnina. „Ég er samt ekki nörd á þessu sviði og er ekki vel að mér í Eurovision-fræðum," segir hún. „Söngvakeppnin hefur verið skemmtileg þetta árið. Mikið af fínum lögum," segir hún. „Jú, ég á mitt uppáhaldslag þótt ég vilji ekki gefa það upp," svarar Jóhanna þegar hún er spurð um eftirlætislagið. „Það er alltaf ánægjulegt að sjá nýtt fólk stíga fram."

Það má segja að Jóhanna Guðrún sé með langa reynslu á sviðinu þótt hún sé aðeins 23 ára en hún var vinsæl barnastjarna, bæði hér á landi og erlendis. Jóhanna leggur áherslu á að eftir sigurinn í Söngvakeppninni hér heima byrji vinnan fyrir alvöru. „Æfingar á hverjum degi, bæði andlegur og líkamlegur undirbúningur. Ég fór í ræktina á hverjum degi til að byggja mig upp, enda þarf maður að vera í hörkuformi meðan á þessu stendur. Ekki nóg með að æfa þurfi lagið daglega heldur líka sviðsframkomuna sem skiptir miklu máli í svona stórri keppni. Þegar ég fór út fyrir fimm árum var atriðið löngu tilbúið áður en við lögðum af stað. Maður á að vera spenntur fyrir keppni en ekki með kvíða í maganum," segir söngkonan. „Þegar á staðinn er komið er endalaus dagskrá í gangi og þá fær maður enga hvíld."

ANNAR SMELLUR Á LEIÐINNI

Eftir að Jóhanna og Davíð fluttu heim til Íslands hefur verið nóg að gera. Jóhanna átti eitt vinsælasta lag ársins í fyrra, Mamma þarf að djamma, sem hún söng með Baggalút. „Þetta lag kom upp í hendurnar á mér á háréttum tíma þegar ég var búin að vera lengi erlendis. Lagið var einhvers konar púst fyrir mig. Svo var sérlega skemmtilegt að vinna með Baggalút. Þetta eru snillingar," segir Jóhanna og viðurkennir aðspurð að nýtt lag sé á leiðinni eftir Braga Valdimar Skúlason. „Við erum að bíða eftir Kidda upptökustjóra (Guðmundi Kristni Jónssyni) sem er á ferðalagi með Ásgeiri Trausta en hann mun útsetja lagið fyrir okkur. Um leið og hann losnar verður allt sett á fullt og vonandi gefum við lagið út sem fyrst," segir Jóhanna og vonast til að þar sé annar smellur á ferðinni. Sjálf er hún ekki mikill djammari, drekkur ekki áfengi og nýtur þess að vera heima þegar hún á frí. „En mér finnst mjög gaman að skemmta fólki. Það var reyndar gert svolitið grín að mér fyrir að syngja að mamma ætti að djamma en annars fékk ég yndisleg viðbrögð við þessu lagi."

Í MÖRGUM HLUTVERKUM

Mikið hefur verið að gera hjá Jóhönnu Guðrúnu undanfarið. Hún hefur verið á ferðalagi um landið ásamt kærastanum. „Ég var að koma frá Eskifirði þar sem ég var að syngja með unglingum á hljómsveitarnámskeiði. Auk þess hef ég verið að syngja á dansleikjum, árshátíðum, í brúðkaupum, afmælum og jarðarförum. Þetta íslenska tónlistarlíf er svo frábært. Maður þarf að bregða sér í alls konar hlutverk, syngja rokk, popp eða blús eftir því sem við á. Við Ingó Veðurguð ætlum síðan að endurtaka tónleika sem við vorum með í Salnum fyrir nokkrum árum. Það var mjög gaman."

Þegar hún er spurð hvað standi fyrir dyrum um helgina er Söngvakeppnin ofarlega á blaði. „Ég ætla annars bara að reyna að hafa það notalegt um helgina heima í Hafnarfirði. Ég er með tvo Cocker Spaniel-hunda sem þarf að viðra úti á hverjum degi. Frístundirnar snúast því mikið um hunda," segir hún. „Ég er snyrtipinni og vil hafa allt hreint í kringum mig. Ég þríf heimilið en Davíð er finn kokkur og sér um að elda dýrindismat fyrir mig."

EKKI FENGIÐ BÓNORÐ

Jóhanna fæddist í Danmörku en hefur búið lengi í Hafnarfirði. Foreldrar hennar búa skammt frá, þeir rækta hunda og hefur hún erft áhugann á hundum. Jóhanna er yngst en á tvo eldri bræður. Þegar hún er spurð um giftingu segist hún ekki hafa fengið bónorðið. „Spurðu Davíð," segir hún kankvís.

Jóhanna Guðrún hefur glímt við liðagigt frá átta ára aldri. Hún segist vera á góðum lyfjum sem haldi henni að mestu góðri. „Ég hreyfi mig mikið með hundunum sem gerir mér gott og er mér nauðsynlegt."

Þegar hún er spurð hvort hana langi aftur í Eurovision, svarar hún: „Já, það er gríðarleg stemning að vera með."

■ elin@365.is

EKKERT BÓNORÐ Jóhanna Guðrún og Davíð hafa verið saman í fjögur ár.
MYNDIR/STEFAN

Í MOSKVU Jóhanna Guðrún vakti mikla athygli þegar hún hafnaði í öðru sæti Eurovision-keppninnar.

www.fi.is

The Biggest Winner!

Lýðheilsu- og forvarnarverkefni Ferðafélags Íslands

Upplifðu náttúru Íslands

Lýðheilsu- og forvarnarverkefni Ferðafélags Íslands

- Fyrir feita, flotta, frábæra
- Fyrir þá sem þora, geta, vilja
- Taktu fyrsta skrefið
- Taktu eitt skref í einu
- Virkjaðu styrkleika þína með jákvæðum og uppbyggilegum hætti
- Rólegar gönguferðir með stöðuæfingum
- Náttúruupplifun – útivera
- Mataræði – matseðill – mælingar

Kynningarfundur á Bolludaginn 3. mars kl. 19.00 í sal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6

Umsjón verkefnis: Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ, ásamt læknateymi, sjúkraþjáfurum og íþróttakennurum.

Bakskóli FÍ hefst 1. maí. Kynningarfundur haldinn eftir páska.

Nánari upplýsingar á www.fi.is og skráning er í síma 568 2533 eða í netpóst fi@fi.is

Aðal samstarfsaðilar FÍ

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | fi@fi.is | www.fi.is

Skráðu þig inn – drífðu þig út

MÖGNUÐ SUNDUPPLIFUN

HELGI *Á lokadegi Vetrarhátíðar í Reykjavík í dag, 15. febrúar, fer fram Sundlauganótt. Boðið er upp á magnaða dagskrá í fjölmörgum sundlaugum en frítt er inn frá klukkan átta til miðnættis. Gestir eru hvattir til að dansa, syngja eða slaka á og njóta.*

VESTURBÆJARLAUG
18.00-23.45
Margt býr í gufunni
Þessi viðburður verður í þremur sundlaugum. Logandi kyndlar standa á bökkunum, gufa stígur upp úr pottum og laugum og tónar berast úr fjarska.

ÁRBÆJARLAUG
18.00-23.45
Margt býr í gufunni

BREIÐHOLTSLAUG
18.00-23.45
Margt býr í gufunni
22.45-23.45
Út fyrir endimörk alheimsins
Seiðandi tónar munu óma í sundlauginni meðan fólk flýtur um hana með flothettur og annan búnað frá Float sem er ný íslensk hönnun.

ÁLFTANESLAUG
18.00-23.45
Myndlistarsýning Grósku
Myndlistarmenn úr Grósku sýna myndlist í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar á Álftanesi. Sýningin stendur út febrúar.
18.30-19.30
Öldudiskó
Sundlaugardiskó í útilauginni þar sem allir komast í gott stuð. Öldulaugin verður sett af stað.
19.30-20.00
Ingó Veðurguð á bakkanum
Ingó Veðurguð heldur skemmtilega tónleika.
20.30-21.00
Jóga í vatni og gongslökun
Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir býður sundlaugargestum upp á jóga í vatni og fljótandi gongslökun í innilauginni.
21.00-00.00
Róleg stemning til miðnættis

GRAFARVOGSLAUG
19.00-23.45
Flóðljós
Kyndlar og kertaljós mynda dulúðuga stemningu í sundlauginni. Listasýning á verkum Korpúlfa verður í anddyri og óvænt uppákoma eftir á.
19.00-19.30
Tónaflóð
Skólahljómsveit Grafarvogs marserar um laugasvæðið, kyndir undir stemningu kvöldsins og setur Sundlauganótt.
19.30-20.00
Vatnsfimi
Samhæfð hreyfilist í vatni með Korpúlfum undir taktfastri stjórn Öldu Maríu.
20.00-22.30
Skvettuleikar
Hver getur skvett hæst? Taktu þátt í að búa til stórar skvettur í leiklauginni.
20.00-22.30

Tónadýrð Korpúlfa
Harmóníka og sög leika undir geislandi kórtónum Korpúlfa.
20.30-21.30
Söngleikar
Fulltrúar félagsmiðstöðvanna í Grafarvogi sem keppa á Samfés og sem kepptu á Rímnaflæði flytja atriðin sín.
21.30-22.30
Tveir kassar
Annar plokkar strengi og hinn slær trommu. Örugglega allt önnur stemning í pottaspjallinu við þeirra undirleik.
22.30-23.30
DJ. Flugvél og geimskip
Dj. Flugvél og geimskip hefur þróað saman sjónræna og hljóðræna upplifun sem samanstendur af ljósum og tónlist. Tónleikarnir eru upplifun fyrir augu og eyru.

SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR
19.00-23.45
Flæðandi ljós og ljóðaspil
Ljóðaupplestur einvalaliðs skálda. Lesturinn mun hljóma af bandi og heyrist bæði ofan og neðan vatnsborðsins.
20.00-22.00
Fljótum og njótum
Fáðu lánaða flothettu og njóttu ljóðalestursins í svífandi léttu þyngdarleysi.
21.00-22.30
Kraumandi sögur í pottinum
Rithöfundar lesa fyrir gesti í heitum pottunum á útisvæði.

LAUGARDALSLAUG
20.00-22.00
KR Super Challenge
Tryllt tónlist, sund og stórbrotinn ljósagangur! Átta hörðustu sundmennirnir í hverjum aldursflokki keppa með útsláttarfyrirkomulagi í 50 m skriðsundi.
20.00-21.00
Lifandi tónlist
Starfsfólk Laugardalslaugar treður upp í afgreiðslunni.
20.00-23.45
Plötusnúður

NAUTHÓLSVÍK
20.00-23.45
Kyndlar og kósí
Notaleg strandstemning að vetrarlagi.

LÁGAFELLSLAUG
21.00-22.00
Jógvan Hansen
Jógvan mun gleðja laugargesti með söng sínum.
22.00-22.30
Zumba
Sigrún B. Ingadóttir, alþjóðlegur zumbakennari, slær upp fjörugu zumba-partíi.
22.00-22.30
Einar einstaki töframaður
Einar einstaki skemmtir fólki fram á nótt.

Kraftaverk

Færeyskur febrúar

Eivør
& færeyskir félagar

Ylja

Sunnudaginn 16. febrúar | kl.16.00 | kl. 20.00 UPPSELT

Miðaverð: kr. 3.500 Forsala á mlh.is

Færeyskur febrúar er með fjölbreyttu sniði. Hópur listamanna kemur til landsins til að fremja allskonar list víðsvegar um landið, flestir koma frá Færeyjum en einnig víðar að.

13. - 15. febrúar
Grandagarður 2. Reykjavík. **„Föroyer 5.2. Hversu ljóða Föroyar".** Innsetning, vídeó og tónlist, sýnt á klukkutíma fresti. **ORKA** fremja tónlist leikna á eyjarnar sjálfar og **Heyðrik á Heygum** hefur gert magnað vídeóverk við þá ótrúlegu tónlist sem úr eyjunum streymir. **Síðustu sýningar í dag! Missið ekki af þessum einstaka viðburði!**

15. febrúar
Eivör Pálsdóttir ásamt **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** í *Hofi.* UPPSELT

16. febrúar
Bæjarbíó Hafnarfirði, kl 16.00 og 20.00. **Eivör Pálsdóttir** með færeyskum félögum. Tvennir tónleikar á vegum nýstofnaðs félags, Menningar- og Listafélag Hafnarfjarðar. Miðaverð 3500kr. *Forsala á mlh.is*

17. febrúar
Einka- og fjölmiðlakynning á *Kex Hostel*. Pakki á vegum Nordisk **„Nye bands fra nord 2014"** kynntur. Samvinnuverkefni sem á rætur að rekja til Danmerkur og inniheldur 4 ungar skandinavískar hljómsveitir. **BYRTA** frá Færeyjum, **Good Moon Deer** frá Íslandi, **Sea Change** frá Noregi og **Sekuoia** frá Danmörku. Tónlistin er af rafrænum toga.

19. febrúar
Græni Hatturinn Akureyri. **Nordisk pakkinn** fyrir norðan, dagskrá hefst kl 20.00. Miðaverð 1500 kr.

20. febrúar
Harlem Bar Reykjavík. **Nordisk pakkinn** fyrir sunnan, dagskrá hefst kl 21.00. Miðaverð 1500 kr. Miðasala við hurð á báða þessa viðburði.

21. - 23. febrúar
Laila Av Reyni mun á næstunni heiðra Ísland með þokka sínum og sinni rómuðu tónlist á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Dagskrá verður nánar auglýst síðar. Laila er raftónlistarmaður í melódíu deildinni. Þessa heimsókn bar brátt að og hefur ekki verið skipulögð til hlítar ennþá.

Forsala á mlh.is

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
AUSTFAR
SMYRIL LINE
smyrilline.is
BÆJARBÍÓ
Strandgötu 6, Hafnarfirði

BETRI LÍÐAN MEÐ FEMARELLE

ICECARE KYNNIR *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Selma Björk Grétarsdóttir frétti af Femarelle hjá systur sinni sem hefur notað vöruna með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa þar sem ég var byrjuð að finna fyrir nokkrum einkennum sem voru lýsandi fyrir breytingaskeiðið en samt er ég bara 42 ára," segir hún. „Ég fann fyrir svefntruflunum, verkjum um líkamann og skapsveiflum. Ég fann ótrúlega fljótt góð áhrif af Femarelle, eftir aðeins tvo daga var ég farin að sofa betur! Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, skapið hefur lagast og verkirnir minnkað. Mér líður mun betur og er sáttari með sjálfa mig."

LÍÐUR VEL Selma Björk Grétarsdóttir segist finna mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka Femarelle. MYND/VALLI

MUN HRESSARI

„Ég varð svolítið forvitin þegar ég sá auglýsingu um Femarelle. Ég fór í apótek og spurðist fyrir um þessa frábæru vöru. Mig langaði að vita hvort konur sem eru ekki byrjaðar á breytingaskeiðinu mættu taka Femarelle. Það var í góðu lagi svo að ég ákvað að prófa. Nú hef ég tekið Femarelle í átta mánuði samfellt og líður miklu betur," segir Elenóra Katrín Árnadóttir, sem er 44 ára.

„Það var þannig að tímabilið í kringum blæðingar var mér erfitt. Ég hef alltaf verið mjög veik á blæðingum og það hefur verið óregla á þeim. Eftir að ég byrjaði á Femarelle er komin regla á blæðingarnar og ég fæ ekki þessa slæmu verki sem ég fékk alltaf á blæðingum. Þannig er ég mun hressari og mér líður mun betur, skapið og lundin er mun léttari. Ég mæli því hiklaust með Femarelle," segir Elenóra.

LAUS VIÐ VANLÍÐAN

Guðrún Guðlaugsdóttir segir að Femarelle hafi gert sér mjög gott. „Ég hef alltaf verið mjög slæm þegar blæðingar eru, alveg frá því að ég byrjaði á sem ung kona. Ég var með slæma tíðaverki og mikil vanlíðan fylgdi þessu mánaðarlega tímabili. Ég var þreytt og eðlilega mjög skapstirð. Ég er ekki komin á breytingaskeiðið, hef enn reglulegar blæðingar, þó svo að ég hafi verið byrjuð að fá hitakóf.Eftir að ég kynntist Femarelle hafa þau lagast en ég var farin að hafa áhyggjur því að þetta var farið að ágerast. Nú líður mér vel þegar blæðingar hefjast, í fyrsta skipti í öll þessi ár og svitakófin eru hætt. Ég tek tvö hylki á dag þrátt fyrir að ég sé ekki komin á breytingaskeiðið, en ég er alveg laus við vanlíðan, sem tengist blæðingum. Frábær vara sem ég mæli hiklaust með fyrir allar konur sem kljást við svipað."

- **Femarelle er öruggur kostur fyrir konur**
- **Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum**
- **Þéttir beinin**
- **Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef**
- **Náttúruleg lausn, inniheldur Tofu-exctract og Flaxceed-duft**
- **Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða**
- **Staðfest með rannsóknum síðustu 13 ár**

FEMARELLE fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. UPPLÝSINGAR www.icecare.is og Femarelle á Facebook.

MELTINGIN Í LAG

Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar.

ÁNÆGÐ Alma Lilja Ævarsdóttir er afar ánægð með Bio-Kult Candéa, enda hefur líðan hennar breyst mikið til batnaðar eftir að hún fór að taka hylkin inn.

Fyrir einu og hálfu ári keypti ég fyrsta pakkann af Bio-Kult Candéa. Ég hafði í fjöldamörg ár glímt við mikla uppþembu og meltingarvanda. Mér leið oftast hálfilla eftir máltíðir og var búin að reyna eitt og annað. Fljótlega eftir að ég byrjaði á Bio-Kult hvarf þessi vanlíðan. Ég tek inn tvö hylki á dag í hádeginu. Kláði og pirringur í húðinni hefur stórbatnað og nánast horfið, kláði sem var virkilega að gera mér lífið leitt auk mikilla þurrkubletta í húðinni heyrir sögunni til. Sykurlöngun hefur horfið eftir að ég byrjaði á Bio-Kult Candéa-hylkjunum. Ég hef farið á sterka sýklalyfjaskammta án þess að þurfa að stríða við sveppasýkingu í kjölfarið. Ég hef aldrei hætt að taka inn Bio-Kult Candéa á þessum tíma, það er orðið hluti af rútínu hjá mér og ég get heilshugar mælt með því við alla og geri það," segir Alma Lilja Ævarsdóttir.

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Sjá upplýsingar á icecare.is

HAIR VOLUME STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með.

HJÁLP FYRIR HÁRIÐ

Ég fór í aðgerð og þurfti að nota lyf í kjölfarið, sem varð til þess að hárið á mér varð líflaust og rytjulegt. Einnig var ég líka með töluvert hárlos vegna lyfjanna og þurfti ég t.d. alltaf að tæma niðurfallið í sturtunni eftir hvert skipti í sturtu, svo mikið var hárlosið.

Margrét Viðarsdóttir

Ég byrjaði að nota Hair Volume í ágúst. Ég og hárgreiðslukonan mín höfum tekið eftir því hve miklu líflegra hárið er, það glansar meira og hárvöxturinn hefur aukist mikið. Annar hárvöxtur á líkamanum hefur samt ekki aukist og finnst mér það mikill munur. Ég tók líka eftir því að neglurnar eru sterkari og húðin mun betri, þannig að það er svo margt gott við að nota Hair Volume-töflurnar. Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með," segir Margrét Viðarsdóttir.



ERFITT AÐ BÚA MEÐ LEIKSTJÓRANUM

UPPRENNANDI STJÖRNUR *Leikritið Unglingurinn hefur gengið fyrir fullu húsi í Gaflaraleikhúsinu í nokkra mánuði. Nú leggja unglingarnir land undir fót og sýna á Suðurlandi næstu vikurnar. Þeir Arnór og Óli Gunnar eru unglingar, skrifuðu Unglinginn og leika unglingana sjálfir. Mamma Óla leikstýrir þeim.*

Félagarnir Arnór Björnsson og Óli Gunnar Gunnarsson hafa undanfarna mánuði leikið á sviði Gaflaraleikhússins í leikritinu Unglingnum en verkið skrifuðu þeir sjálfir. Um helgina verður leikritið sett upp í Laugalandi og svo á fleiri stöðum á Suðurlandi í framhaldinu.

GAMAN AÐ FERÐAST

„Leikritið hefur gengið mjög vel, það hefur verið uppselt á næstum allar sýningar og við höfum sýnt frammi fyrir fjögur þúsund manns," segir Óli. „Ég er rosalega spenntur að fara út á land, mér finnst svo gaman að ferðast um landið. Svo finnst mér um það bil það skemmtilegasta í heimi að leika. Þegar þessu tvennu er blandað saman verður til algjör snilld, það getur varla klikkað," segir Arnór.

SVOLÍTIÐ ERFITT AÐ VINNA MEÐ MÖMMU

Verkið hefur fengið góðar viðtökur hjá bæði áhorfendum og gagnrýnendum og valdi Djöflaeyjan sýninguna eina af áhugaverðustu sýningum seinasta árs. Það eru ekki margir unglingar sem hafa bæði skrifað leikrit og leikið aðalhlutverkin í því sjálfir í alvöru leikhúsi eins og strákarnir hafa gert og voru þeir spurðir að því hvernig það hefði komið til. „Við höfum báðir haft mikinn áhuga á leiklist lengi og okkur langaði að búa til leikrit um unglinga. Við höfðum svo samband við leikhúsið, spurðum hvort þau væru til í að gera leikrit um unglinga, þau voru áhugasöm og báðu okkur að skrifa handrit og við byrjuðum að skrifa. Þeim leist vel á handritið þegar það var tilbúið þannig að þá var farið í að velja leikstjóra," segir Óli en móðir hans, Björk Jakobsdóttir, leikstýrir verkinu. „Það er pínu óþolandi að vinna með mömmu sinni. Hún er reyndar eins og hver annar leikstjóri en það er ekki hægt að baktala hana þegar maður kemur heim," segir hann og hlær.

LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR

Arnór segir leikritið og allt í kringum það hafa verið það allra skemmtilegasta sem hann hafi tekið þátt í. „Við höfum kynnst svo mörgu nýju fólki. Til dæmis vorum við kynnar á söngkeppni í Sjálandsskóla um daginn, þar kynntumst við fullt af skemmtilegum krökkum. Svo er líka gaman að sjá að eitthvað sem byrjaði sem hugmynd í kollinum á okkur er komið á svið. Þetta er búið að vera algjört ævintýri á hverjum degi og okkur langar að halda áfram, það kemur eiginlega ekkert annað til greina í framtíðinni en að verða leikari."

UNGLINGAR Arnór og Óli Gunnar eru góðir vinir og skrifuðu leikritið Unglinginn saman. Þeir segjast fá aukna athygli frá stelpum eftir að þeir byrjuðu að sýna. MYND/GVA

ÞEKKTIR EN EKKI FRÆGIR

Þeir Arnór og Óli eru sammála um það að þeir hafi fengið meiri athygli eftir að þeir byrjuðu að leika í Unglingnum. „Við erum kannski orðnir smá þekktir en ekki frægir. Það eru margir sem hafa heyrt um leikritið, það er frægara en við. Okkur finnst það bara gott af því við bjuggum það til," segir Arnór. Óli segir það ekki hafa breyst hvernig vinirnir eru í kringum hann. „Við fáum athygli frá unglingsstelpum sem taka myndir af okkur og setja inn á Facebook. Það er alltaf gott að fá góða athygli frá góðu fólki en ég er bara venjulegur við mitt fólk og þá er það venjulegt við mig."

„Vinahópnum mínum finnst fyndið að klaufinn Arnór sé að fá athygli út á leiklistina en bekkjarfélagarnir líta bara á mig sem Arnór. Ég var svolítið stressaður með að sýna jafnöldrum leikritið. Mér hefur alltaf þótt auðvelt að láta fullorðna hlæja en erfiðara að láta jafnaldrana hlæja. Þeir tóku svo bara vel í það, þeir segja að það sé vit í því og að það sé fyndið af því það er satt."

SKEMMTILEG HELGI

Strákarnir eru sammála um það að þeir eigi skemmtilega helgi í vændum. „Hún verður ekki bara skemmtileg hjá okkur heldur líka þeim sem koma og sjá leikritið," segja þeir og brosa.

Sýningin verður í dag klukkan fimm í Laugalandi.

■ liljabjork@365.is

FRÆGT LEIKRIT

„Við erum kannski orðnir smá þekktir en ekki frægir. Það eru margir sem hafa heyrt um leikritið, það er frægara en við. Okkur finnst það bara gott af því við bjuggum það til."

ALLIR ELSKA MAXÍMÚS

Barnastund fyrir yngstu kynslóðina verður haldin í Hörpu í dag. Þar munu hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands flytja úrval léttra og skemmtilegra laga sem mörg eiga rætur að rekja til vinsælla kvikmynda og leikrita. Þetta er þriðja árið sem Sinfóníuhljómsveitin heldur slíka tónleika og er ein Barnastund haldin fyrir jól og önnur eftir jól. Aðsóknin hefur vaxið ár frá ári en síðast mættu rúmlega 700 gestir og skemmtu sér vel.

Markmið Barnastundarinnar er fyrst og fremst að færa yngstu kynslóðina nær klassískri tónlist og kynna henni þá undraveröld sem Sinfóníuhljómsveitin býður upp á. Tónlistin er eðli málsins samkvæmt létt og skemmtileg og sérstaklega sniðin að börnum.

Hljómsveitin flytur meðal annars lög úr Leikfangasögu, Stjörnustríði, Mary Poppins, Bleika pardusinum og stefið úr myndunum um njósnarann síunga, James Bond.



Sérstakur gestur verður verður heimilisvinur margra íslenskra barna, tónelska músin Maxímús Músíkús. Bækurnar um Maxímús Músíkús hafa verið þýddar á fjölda tungumála og er fjórða og síðasta bókin væntanleg í vor. Tónleikarnir taka um 30 mínútur og eru gestir hvattir til að taka með púða fyrir yngstu gestina. Kynnir er Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri Sinfóníunnar, og Bernharður Wilkinson stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni. Barnastundin hefst kl. 11.30 og er aðgangur ókeypis.

Capacent Ráðningar

FORRITARI

Strikamerki

Strikamerki starfar á sviði upplýsingatækni og útvegar fyrirtækjum lausnir fyrir rafrænan rekstur - þar á meðal þráðlaus netkerfi, handtölvur, hug- og vélbúnað fyrir verslanir, prentlausnir o.fl.
Hjá fyrirtækinu starfar þéttur og góður hópur og meðal viðskiptavina eru mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins.

Vegna aukinna verkefna óskar Strikamerki eftir að bæta við hæfileikaríkum forritara. Um fjölbreytt verkefni er að ræða í krefjandi umhverfi. Starfið reynir á sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og þjónustulund.

Kröfurnar eru eftirfarandi:
- Þekking og reynsla á Delphi forritunarumhverfinu
- Þekking á SQL Server nauðsynleg
- Reynsla í .Net og Java mikill kostur
- Reynsla í C Sharp kostur
- Afburða samskiptahæfileikar og hafa gaman að því að þjónusta fólk
- Skipulögð vinnubrögð, vandvirkni og nákvæmni

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hefur Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Þjónustumiðstöðvar sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf auk almennrar upplýsingagjafar um starfsemi Reykjavíkurborgar. Þær bera ábyrgð á framkvæmd forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og þar fer fram faglegt samstarf með áherslu á samþætta þjónustu.

Nánari upplýsingar um starfsemi Velferðarsviðs má sjá á vef sviðsins; **www.velferdarsvid.is**

Deildarstjóri á þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir deildarstjóra á þjónustumiðstöð.

Við þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis starfa yfir 600 starfsmenn. Hjá þjónustumiðstöðinni eru á þriðja tug starfsstöðva sem sinna ýmiss konar þjónustu, meðal annars búsetuþjónustu, félagsstarfi, heima- og stuðningsþjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Ábyrgð á faglegu starfi, vinnubrögðum, uppbyggingu og skipulagi félagsþjónustu
- Ábyrgð á helstu þjónustuþáttum, s.s. félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, virkni fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur
- Ábyrgð á starfsmannahaldi, fyrirkomulagi starfa og rekstri á deildinni
- Leiðbeinir starfsmönnum og veitir þeim ráðgjöf í starfi
- Samstarf og samvinna við aðrar stofnanir og ábyrgð á þverfaglegu samstarfi og samþættingu innan þjónustumiðstöðvarinnar
- Tryggir að framkvæmd þjónustu í starfsemi þjónustumiðstöðvar sé framúrskarandi og í samræmi við stefnu, leiðarljós og markmið Velferðarsviðs
- Undirbúningur og framkvæmd gæðaferla varðandi starfsemi deildarinnar

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði félags-, mennta- og/eða heilbrigðisvísinda. Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af starfi innan velferðarþjónustu sveitarfélaga
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Þekking á opinberri stjórnsýslu
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Upplýsingar veita:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2014.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um að jafna hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Capacent Ráðningar

SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG FRAMKVÆMDASVIÐS

Bláskógabyggð varð sveitarfélag 9. júní 2002 en þá sameinuðust Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur. Íbúar eru alls 939. Bláskógabyggð er mjög landstórt og víðfemt sveitarfélag. Öflugt félagslíf er í sveitarfélaginu. Hefð er fyrir miklu skólasamfélagi á Laugarvatni, en þar eru öll skólastig; leikskóli, grunnskóli, menntaskóli og háskóli. Ferðaþjónusta er mjög stór atvinnugrein í Bláskógabyggð og matvælaframleiðsla mikil. Menning er á háu stigi um allt sveitarfélagið og það skartar fjölförnustu ferðamannastöðum landsins; Þingvöllum, Laugarvatni, Geysi, Gullfossi og Skálholti. Sjá nánar á heimasíðunni: www.blaskogabyggd.is

Bláskógabyggð auglýsir laust starf sviðsstjóra þjónustu- og framkvæmdasviðs. Sviðsstjóri heyrir beint undir sveitarstjóra. Leitað er að metnaðarfullum stjórnanda með ríka samskiptafærni. Starfsstöð viðkomandi er í Reykholti í Bláskógabyggð. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Starfssvið

- Ábyrgð á rekstri þjónustumiðstöðvar, Félagsheimilinu Aratungu, Íþróttamiðstöðvarinnar í Reykholti, Eignasjóði, Fráveitu og Leiguíbúðum
- Starfsmannahald
- Gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og sveitarstjóra
- Umsjón með viðhaldi mannvirkja og eigna sveitarfélagsins
- Umsjón með lóðum og lendum sveitarfélagsins
- Ábyrgð og eftirlit með öryggismálum
- Umsjón með sorphirðu sveitarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rekstrar-, verk- eða tæknifræðimenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Framúrskarandi leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði framkvæmda er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

GÆÐASTJÓRI

HB GRANDI

HB Grandi óskar eftir að ráða gæðastjóra til starfa í Reykjavík. Um krefjandi ábyrgðarstarf er að ræða.

Starf gæðastjóra felst í ábyrgð og yfirumsjón með gæðamálum fyrirtækisins, gerð gæðaáætlunar og umsjón með rekstri og viðhaldi gæðakerfa. Gæðastjóri ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd innri og ytri gæðaúttekta, sér um samskipti við vottunaraðila gæðakerfa og þjálfun starfsmanna varðandi framkvæmd gæðaeftirlits. Gæðastjóri vinnur náið með gæðastjórum framleiðsludeilda sem og öðru starfsfólki á markaðssviði og framleiðslusviðum fyrirtækisins.

Gerð er krafa um háskólapróf sem nýtist í starfinu, t.d. á sviði matvæla- eða sjávarútvegsfræða. Skilyrði er að gæðastjóri hafi víðtæka starfsreynslu á sviði gæðamála og hafi borið ábyrgð á gæðastarfi fyrirtækis. Þekking á uppbyggingu og rekstri gæðakerfa er skilyrði sem og þekking á lögum og reglugerðum um framleiðslu og gæði matvæla. Einnig þarf viðkomandi að búa yfir þekkingu á verkferlum og gæðastöðlum.

Lykileiginleikar gæðastjóra eru samviskusemi og framúrskarandi samskiptahæfileikar. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli stjórnunarhæfni, getu til að vinna undir álagi og vera árangursdrifinn í starfi.

Gæðastjóri starfar innan markaðssviðs HB Granda og næsti yfirmaður viðkomandi er markaðsstjóri.

HB Grandi hf. veiðir, vinnur og markaðssetur botnfisk og uppsjávarfisk. Félagið gerir út 11 skip og er með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði. Hjá félaginu starfa 900 manns til sjós og lands.

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Capacent Ráðningar

LÖGFRÆÐINGUR

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer m.a. með loftslagsmál, málefni hafsins, mengunarvarnir og hollustu, náttúruvernd, veiðistjórnun, skógrækt og landgræðslu, skipulag og landmælingar, mannvirkjamál og sjálfbæra þróun. Í ráðuneytinu starfa um fjörutíu starfsmenn og er verkefnum ráðuneytisins skipað á fjórar skrifstofur.

Hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu umhverfis og skipulags. Leitað er að lögfræðingi með góða samskiptahæfni sem er tilbúinn til að takast á við krefjandi og áhugaverð verkefni. Um er að ræða fjölbreytt starf í lifandi umhverfi.

Starfssvið
- Vinna við afgreiðslu stjórnsýsluerinda, úrskurði og álitsgerðir
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Vinna við framkvæmd EES samningsins og innleiðingu EES gerða
- Þátttaka í stefnumótun á málefnasviði skrifstofunnar
- Samskipti við Alþingi, stjórnvöld, og hagsmunaaðila
- Alþjóðleg samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Þekking og/eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg
- Þekking í evrópurétti og/eða reynsla af framkvæmd EES samningsins er æskileg
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á ritaðri og talaðri íslensku
- Mjög góð kunnátta í ensku og góð kunnátta í einu Norðurlandamáli

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.
Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

MANNAUÐSSTJÓRI

Lyfjastofnun

Lyfjastofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir velferðarráðuneytið. Helsta hlutverk hennar er að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjayfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit s.s. með lyfjafyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Hjá Lyfjastofnun eru flestir starfsmenn háskólamenntaðir og/eða með sérþekkingu á lyfjamálum. Krafist er fyllsta hlutleysis í störfum starfsmanna. Lyfjastofnun er góður vinnustaður þar sem framfylgt er stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Lyfjastofnun varð í 3. sæti í samkeppni um STOFNUN ÁRSINS 2013 í flokki stærstu stofnana og hlaut nafnbótina FYRIRMYNDARSTOFNUN 2013.

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2013

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða mannauðsstjóra í 50% starfshlutfall. Um nýtt starf er að ræða.
Hlutverk mannauðsstjóra er að móta stefnu um mannauðsmál stofnunarinnar í samráði við framkvæmdaráð og fylgja eftir faglegri framkvæmd hennar. Meðal verkefna eru mannaflaspá, ráðningar, nýliðamóttaka, starfsþróun, starfsmannasamtöl, frammistöðumat, launamál og stofnanasamningar. Mannauðsstjóri heyrir undir forstjóra stofnunarinnar. Alls starfa um 60 manns hjá Lyfjastofnun.

Starfssvið:
- Fræðslu- og starfsþróunarmál
- Launamál og stofnanasamningar
- Stefnumótun, innleiðing og eftirfylgni starfsmannastefnu í samvinnu við framkvæmdaráð
- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Ráðningar, ráðningarferli og móttaka nýliða
- Umsjón með starfsmannasamtölum og frammistöðumati

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun eða reynsla á sviði mannauðsmála
- Reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Vilji til ákvarðanatöku, frumkvæði og kraftur til þess að hrinda hlutum í framkvæmd
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Upplýsingar um Lyfjastofnun má finna á vefsíðu stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Vilt þú skapa góðar minningar?

Nordic Visitor leitar nú að öflugum starfsmönnum í fjölbreytt og skemmtileg störf.

- **Bakvinnsla og ferðaráðgjöf - áfangastaður Noregur**
- **Bókari - sumarstarf**

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda sem og fyrirtækjaferðir til Íslands og Svíþjóðar.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 50 starfsmenn. Við bjóðum uppá lifandi vinnustað, mikil tækifæri til starfsþróunar og frábæra starfsaðstöðu í nýjum höfuðstöðvum fyrirtækisins í Bríetartúni.

Nánari upplýsingar um þessi störf er að finna á vef Nordic Visitor: www.nordicvisitor.com/atvinna/

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hans stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðinga á sviði fjármálastöðugleika. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Eitt meginhlutverka Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu, öruggu og virku fjármálakerfi. Fjármálastöðugleikasvið fylgist með þróun fjármálakerfisins bæði hér á landi og erlendis, styrk þess og skilvirkni og áhrifum efnahagslegra þátta á kerfið í heild sinni. Fjármálastöðugleikasvið rannsakar og greinir áhættur sem raskað gætu stöðugleika íslenska fjármálakerfisins, með það að markmiði að koma auga á veikleika sem gætu leitt til alvarlegra áfalla.

Fjármálastöðugleikasvið vinnur að þróun lausafjárreglna fyrir lánastofnanir sem hafa það markmið að draga úr lausafjáráhættu þeirra og fjármálakerfisins í heild. Fjármálastöðugleikasvið fer með eftirlit með því að lánastofnanir uppfylli lágmarkskröfur reglna Seðlabanka Íslands um laust fé á hverjum tíma. Auk þess er viðamikil greining framkvæmd á lausafjárstöðu lánastofnana til að greina lausafjáráhættu einstakra lánastofnana og fjármálakerfisins í heild.

Sérfræðingur á fjármálastöðugleikasviði, lausafjármál

Helstu verkefni:
- Greining á lausafjárstöðu lánastofnana
- Eftirfylgni með reglum
- Þróun og útfærsla á álagsprófum vegna lausafjáráhættu
- Þróun á lausafjárreglum
- Þróun á fjármögnunarkröfum, þ.e. á reglum um gjalddagamisræmi á eignum og skuldum til lengri tíma
- Skrif í rit bankans, sér í lagi ritið *Fjármálastöðugleiki*
- Tilfallandi verkefni, umsagnir og ráðgjöf á ábyrgðasviðum fjármálastöðugleika

Hæfniskröfur:
- Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, tölfræði eða öðrum sambærilegum greinum
- Þekking á fjármálafræðum
- Gott vald á upplýsingatækni og gagnavinnslu
- Gott vald á mæltu og rituðu máli.
- Góðir samskiptahæfileikar og vilji til að starfa í hópi

Sérfræðingur á fjármálastöðugleikasviði, þjóðhagsvarúð

Helstu verkefni:
- Rannsóknir á sviði fjármálafræði og þjóðhagsvarúðar
- Þróun á greiningaraðferðum og mælikvörðum til að greina og meta kerfisáhættu
- Nýta líkön til að rannsaka virkni stýritækja sem nýta má til að bregðast við kerfisáhættu
- Rannsóknir á samspili þjóðhagsvarúðar og eindarvarúðar
- Skrif í rit bankans, sér í lagi ritið *Fjármálastöðugleiki*
- Tilfallandi verkefni, umsagnir og ráðgjöf á ábyrgðasviðum fjármálastöðugleika

Hæfniskröfur:
- Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, tölfræði eða öðrum sambærilegum greinum
- Þekking á fjármálafræðum
- Gott vald á tölfræði og líkanagerð
- Gott vald á upplýsingatækni og gagnavinnslu
- Gott vald á mæltu og rituðu máli
- Góðir samskiptahæfileikar og vilji að starfa í hópi

Upplýsingar um störfin veitir Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika, sigridur.benediktsdottir@sedlabanki.is.

Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi mánudaginn 24. febrúar næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vegna aukinna verkefna vantar Hálsafell ehf vélamenn og bílstjóra til starfa.

Áhugasamir hafi samband við Skarphéðin í síma 899-5126

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við bjóðum upp á lifandi vinnustað ásamt ríku tækifæri til að móta eigið starfsumhverfi og verklag.

Helstu verkefni:
- Gerð umsagna um þingmál
- Seta í nefndum og ráðum fyrir hönd Viðskiptaráðs
- Lögfræðileg ráðgjöf gagnvart framkvæmdastjóra og stjórn
- Skýrsluskrif og önnur útgáfustarfsemi, s.s. á sviði stjórnarhátta fyrirtækja
- Aðstoð við greiningarvinnu tengda efnahagsmálum og rekstrarumhverfi fyrirtækja
- Aðkoma að alþjóðlegu samstarfi
- Umsjón með Gerðardómi Viðskiptaráðs
- Önnur tilfallandi dagleg skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættis- eða grunn- og meistarapróf í lögfræði (með góðum námsárangri)
- Viðeigandi starfsreynsla æskileg en ekki nauðsynleg
- Grunnþekking á efnahagsmálum og rekstrarumhverfi atvinnulífsins
- Greiningarhæfileikar og geta til að setja sig hratt inn í ólík viðfangsefni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á asthildur@vi.is fyrir **1. mars 2014**. Nánari upplýsingar veitir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs í síma 510-7100.

Viðskiptaráð Íslands er heildarsamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Frekari upplýsingar um starfsemi ráðsins má nálgast á vef þess, **www.vi.is**

Sameiginlegur vettvangur íslensks viðskiptalífs

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Staða Vélvirkja hjá Golfklúbbnum Keili

Golfklúbburinn Keilir í Hafnarfirði óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf vélvirkja. Vélvirki ber ábyrgð á fyrirbyggjandi viðhaldi og viðgerðum á vélaflota klúbbsins. Um framtíðar starf er að ræða fyrir réttan aðila. Golfklúbburinn Keilir er einn stærsti golfklúbbur landsins. 4 heilsárs-starfsmenn vinna við viðhald vallarins í viðbót við 16 sumarstarfsmenn. Golfvöllurinn er þekktur meðal kylfinga fyrir góða umhirðu og því mikilvægt að vélar klúbbsins séu ávalt í góðu ásigkomulagi svo hægt sé að viðhalda þeim gæðum sem meðlimir og aðrir kylfingar búast við.

Starfssvið:

- *Umsjón á viðhaldi alls vélaflota golfklúbbsins, frá smátækjum til bifreiða.*
- *Sér til þess að vélafloti klúbbsins sé starfshæfur og fullgildi allar öryggiskröfur.*
- *Innkaup á varahlutum og umsjón með varahlutalager.*
- *Skipulag á útseldri brýningarþjónustu klúbbsins.*
- *Umsjón með umhirðu á verkstæði og vélahúsi.*

Menntunar- og hæfniskröfur:

- *Menntun á sviði bifvéla- eða vélvirkjunar, eða sambærilegt.*
- *Góð reynsla og hæfni í málmsuðu.*
- *Reynsla af viðhaldi glussadrifinna tækja, smávéla (tvígengis-mótorar), raftækja sem og venjulegra bifreiða.*
- *Geta haldið bókhald um viðhald tækja og séð um pantanir á varahlutum.*
- *Góð tölvukunnátta skilyrði sem og góð enskukunnátta.*
- *Reynsla af brýningum á sláttukeflum er kostur en þó ekki nauðsynleg.*
- *Getur mögulega sinnt nýsmíði á t.d. einföldum kerrum o.þ.h.*

Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli hæfni í mannlegum samskiptum. Hafa hæfni til þess að vinna sjálfstætt og undir álagi. Mjög mikilvægt er að viðkomandi sé snyrtilegur í umgengni og skipulagður í sinni vinnu.
Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsókn á bjarni@keilir.is
Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá.

VIÐSKIPTASTJÓRI & PLASTMANNESKJA...

VIÐSKIPTASTJÓRI: Umbúðir

Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum aðila í starf viðskiptastjóra (*Key Account Manager*) fyrir framleiðsluvörur Odda, meðal annars umbúðir fyrir matvælaframleiðslu.

Reynsla af sölumennsku og mikill áhugi á faginu eru augljósir kostir, ásamt einbeittri þjónustulund, almennum hressleika og mýkt í mannlegum samskiptum. Þekking á matvælaiðnaði og umbúðum er stór plús.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar Höskuldsson, deildarstjóri sölusviðs Odda, í runarh@oddi.is eða 515-5000.

STARFSMAÐUR: Plastframleiðsla

Við leitum að duglegum og orkumiklum einstaklingi til starfa við plastframleiðslu. Unnið er á þrískiptum vöktum, fimm daga vikunnar.

Starfið snýst um fjölbreytt viðfangsefni í samhentum og skemmtilegum hópi fólks, sem fæst við plastframleiðslu í matvælavottuðu umhverfi. Plastfólkið okkar er í fremstu röð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Júlíus Ásbjörnsson, deildarstjóri plastframleiðslu Odda, í julius@oddi.is eða 515-5000.

Umsóknarfrestur fyrir bæði störfin er til og með 24. febrúar. Sækið um starfið á vefsvæði Odda. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum svarað.

Oddi er eitt stærsta framleiðslufyrirtæki landsins. Þar starfa um 300 manns, sem sinna 3.500 kröfuhörðum viðskiptavinum. Stór hluti umsvifa fyrirtækisins er á sviði umbúðaframleiðslu, en við bjóðum einnig fjölbreytta prentþjónustu. Oddi er fjölskylduvænt og jafnréttissinnað fyrirtæki, sem býr vel að starfsfólki og leggur mikla áherslu á mannauð og menntun.

VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2012

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

14-0374 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Ertu klár í LINUX?

Isavia óskar eftir að ráða öflugan einstakling til hugbúnaðarviðhalds og reksturs flugstjórnarkerfa

ATM kerfi sjá um rekstur tölvukerfa í flugstjórnarmið-stöðinni á Reykjavíkurflugvelli, fjarskiptastöðinni í Gufunesi og á Keflavíkurflugvelli. Tölvukerfin eru m.a. fluggagnakerfi og ratsjárkerfi, sem bæði vinna með rauntímaupplýsingar um flugumferð yfir Íslandi og Norður-Atlantshafi. Í starfinu felst meðal annars forritun vegna viðhalds kerfa í notkun, almennur rekstur flugstjórnarkerfa og fyrirbyggjandi viðhald, greiningar bilana og viðbrögð við þeim.

Hæfniskröfur

- Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilega menntun auk fimm ára reynslu við forritun.
- Reynsla af LINUX og TCP/IP netumhverfi er æskileg.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu.
- Krafa er um að umsækjendur búi í nágrenni við Reykjavíkurflugvöll vegna bakvakta.

Starfið er ýmist unnið á vöktum eða á virkum dögum.

Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi: **www.isavia.is/atvinna**. Umsóknarfrestur er til **23. febrúar**.

Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbygg-ingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

GREIÐSLUVEITAN

Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni

Greiðsluveitan óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing á sviði upplýsingatækni og greiðslumiðlunar. Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni tengd úttektum, prófunum og rekstri greiðslumiðlunarkerfa.

Starfssvið:
Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

IQ CARE HEILSU RAFMAGNSRÚM STÆRÐ 90X200

Til sölu vel með farið 3ja ára rafmagnsrúm 90x200, frá Svefn og Heilsu, m/ Iq care heilsudýnu, hlífðardýna fylgir (lítið notað). Selst á 80 þús.

Upplýsingar í síma 699 2778 Eftir hádegi.

Heimilistæki

amica ískápur fæst ókeypis gegn því að vera sóttur. tala bara ensku. s. 5546286



til sölu

Dýrahald

LANGAR PIG Í HUND?

Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hunda ásamt góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is

Standard Poodle hvolpur til sölu, undan innfluttum meisturum. Afhendist 5. mars. Ættbók frá HRFÍ. Frekari uppl. www.poodle.is og 8664747

TIL SÖLU SCHAFER HVOLPUR Gullfallegur 9 vikna tíkarhvolpur með ættbók frá HRFÍ Útaf innfluttum úrvals meisturum með frábæra skapgerð Tilbúin til afhendingar. upplýsingar í síma 690 0907 http://gjoskuhundar.weebly.com/

Dverg Schnauser hvolpar barn góðir örmerktir bólusettir og skráðir hjá HRFÍ Uppl 892-0690

LABRADOR HVOLPAR-FACEBOOK. COM- Heklugot 2014

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
gsm 824 4535

leiga@leiguherbergi.is

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150

Vantar íbúðar og atvinnuhúsnæði á leiguskrá, upplýsingar í síma 517-0150.

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Vinsælasta leigumiðlun landsins
Sími 450-5544 -skv.mordnus

HERBERGI TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU!
Til leigu snyrtileg, rúmgóð herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó.

Available now! Rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.
Tel. 661-7000

2 herb íbúð nálægt háskólanum, hentar vel pari eða einstakling. Engin gæludýr. Laus. Leiga 135 þús á mán m/rafmagn og hita + trygging. Uppl. lgb0813@hotmail.com

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

íbúð aptm 50m2 í 101. verð 140þ. 30m2 studio í 105. 75þ. s. 8600360

Rooms for rent in 101 Reykjavik. Phone: 862 1846 call after 16:00 SMS

Til leigu 3ja herb. snyrtileg kj.íbúð í R-109. Reykleysi og reglusemi skilyrði. Verð 138 þús. Upplýsingar í s.6951790 og rvk109@yahoo.com

Mjög góð nýleg 50fm íbúð á Laugavegi, stórar svalir, mikið skápapláss. Nánari upplýsingar í síma 824 6692

Nýuppgerð 2. herb. íbúð á 6. hæð í Aspafelli til langtímaleigu á 125 þús. auk rafmagns. Sendið upplýsingar á apartment@simnet.is eða SMS á 7806100

Húsnæði óskast

4 manna fjölskylda með gæludýr óskar eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Allt kemur til greina,helst langtímaleiga. 6973645,6973642

Óska eftir sirka 25fm bílskúr fyrir trévinnustofu. s. 5541690 - Bjarni

Konu vantar einstaklings eða tveggja herbergja íbúð m/GEYMSLU frá 1. mars. Langtímaleiga. Greiðslugeta 100-120? þús S. 551 4421 & 663 4421.

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU
rúmlega 200 fm. verslunar- og þjónustuhúsnæði í miðborg Reykjavíkur. Gæti einnig hentað sem söluskrifstofa. Eitt bílastæði við húsið fylgir. Bakinngangur.
Uppl. Helgi 897-7086

TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Póst dreifing

DREIFINGARVERKEFNI: BORGARNES OG HVERAGERÐI
Vegna aukinna verkefna á sviði dreifinga leitum við að ábyrgum aðila til að sinna dreifingu á blöðum til heimila og fyrirtækja, annars vegar í Borgarnesi og hins vegar í Hveragerði.
Áhugasamir hafið vinsamlega samband við Dagnýju í síma 585-8300 eða sendið tölvupóst á dagny@postdreifing.is

SOS Barnaþorpin óska eftir vönu fólki til úthringinga. Fyrirspurnir og umsóknir sendist á umsokn@sos.is

Starfsfólk vantar í ferðaþjónustu á Suðurlandi við þrif og önnur störf. Hægt er að skoða fyrirtækið á horgsland.is eða í s. 487 6655 & 894 9249

Meiraprófsbílstjóra vantar til afleysinga á sendibíl í Reykjavík í mars. Upplýsingar gefur Magnús í s. 896 8616

LOCAL APARTMENTS REYKJAVÍK
óskar eftir verktaka til að sjá um þrif á litlu íbúðahóteli í miðbæ Reykjavíkur. Um er að ræða að meðaltali 1-2 tíma á dag. Áhugasamir sendi skilaboð til Sigríðar á localapartments@simnet.is til að fá frekari upplýsingar.

Local Apartments Reykjavik is seeking a contractor/employee to take care of cleaning of the property. Workload is ca 1-2 hours a day on average. Please contact Sigridur at localapartments@simnet.is for further information.

Atvinna óskast

Rafvirki og húsasmiður óska eftir vinnu. Uppl. í s. 848 6904

TILKYNNINGAR

Einkamál

SPJALLDÖMUR 908 5500
Ertu einmanna?

Langar þig til þess að tala við símadömu.

Opið þegar þér hentar, hlökkum til að heyra í þér.

skemmtanir

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:

LAUGARDAGURINN 15. FEB
12:35 SUNDERL. - SOUTHAMPTON
14:55 CARD.CITY- WIGAN ATHLETIC
17:10 MANCHESTER CITY - CHELSEA

SUNNUDAGURINN 16. FEB
13:20 EVERTON - SWANSEA CITY
15:50 ARSENAL - LIVERPOOL

STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

EIGNAMIÐLUN

FYRSTA SÆTI

Eignamiðlun er í fyrsta sæti á lista **framúrskarandi fyrirtækja** ársins 2013 í sínum stærðarflokki.
Með valinu er verið að veita viðurkenningu **fyrir stöðugleika og ráðdeild í rekstri**.
Á lista framúrskarandi fyrirtækja í ár eru 1,4% af þeim 33.000 fyrirtækjum sem skráð eru á Íslandi.

Við þökkum viðskiptavinum okkar það traust sem þeir hafa sýnt okkur.

Starfsfólk Eignamiðlunar

CREDITINFO

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957
Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
Leifur Aðalsteinsson löggiltur fasteignasali *Kristín Sigurey Sigurðardóttir löggiltur fasteignasali*

Vesturbrún - einbýli

• Stórglæsilegt, einstaklega vel staðsett u.þ.b. 460 fm einbýli á þremur hæðum. • Glæsilegt útsýni. • Eignin er öll nýlega standsett.

Fryggjarbrunnur - stórglæsileg íbúð fyrir vandláta

Stórglæsileg og vel hönnuð 174,4 fm, 5 herbergja íbúð með miklum íburði við útivistarperlu í Úlfarársdal. Íbúðin er á 2. hæð með tvennum stórum svölum og stæði í bílageymslu. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, allar borðplötur í eldhúsi og baðherbergjum eru úr marmara frá Graníthúsinu. Í íbúðinni er hjónasvíta sem hefur að geyma glæsilegt bað- og fataherbergi. Gólfhiti er í allri íbúðinni með glæsilegum gólfefnum.

Kleifakór

Sérstaklega glæsilegt 272,6 fm, parhús á tveimur hæðum, auka íbúð.
Efri hæð: Forstofa, gangur, 2 svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi, þvottaherbergi og bílskúr.
Neðri hæð: Forstofa, gangur, 3 svefnherbergi stofa, og eldhús. Við húsið eru tvær mjög góðar geymslur og mjög falleg lóð Fasteignin er skipulögð á glæsilegan máta.

Vatnsstígur

Falleg 167,5 fm 4 herbergja íbúð á efstu hæð í þriggja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, stóra stofu/borðstofu, rúmgott eldhús, þrjú góð svefnherbergi, stórt baðherbergi, gestasalerni og geymslu. Fallegt útsýni til norðausturs.

Hulduland

Glæsileg 96,3 fm 4 herbergja íbúð á 2. hæð á þessum sívinsæla stað.
Eignin er endurnýjuð að stórum hluta að innan.

Lyngholt

Mjög skemmtilegt 174,5 fm raðhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, snyrtingu, stofu, 3 svefnherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, þvottaherbergi og bílskúr.

Traust og góð þjónusta í 11 ár

BÓKIN SEM LAGÐI GRUNNINN AÐ 5:2 LÍFSSTÍLNUM

BIBLÍA 5:2 MATARÆÐISINS

DR. MOSLEY SETTI FYRST FRAM KENNINGAR SÍNAR UM 5:2-MATARÆÐIÐ Í HEIMILDAÞÆTTI SEM VAKTI GRÍÐARMIKLA ATHYGLI ÞEGAR HANN VAR SÝNDUR Á HÉR Á LANDI.

ALLAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR UM 5:2-FÖSTUNA Í EINNI BÓK - BEINT FRÁ UPPHAFSMANNI HENNAR.



www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

Opið alla virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

FIMM DÝRAGARÐSDÝR SEM HAFA VAKIÐ ATHYGLI Í HEIMINUM

ÍSBJÖRNINN KNÚTUR
BERLÍN Knútur varð eftirlæti allra er hann komst í heimsfréttirnar þegar móðir hans hafnaði honum við fæðingu. Það var mikil sorg þegar Knútur fékk heilabólgur og drukknaði aðeins fjögurra ára gamall.

GÍRAFFINN MARÍUS
KAUPMANNAHÖFN Gíraffanum var lógað að viðstöddum gestum og fjölmiðlum fyrr í vikunni. Maríus var 18 mánaða gamall og fullfrískur þegar stjórnendur garðsins ákváðu að aflífa hann.

PANDABJÖRNINN MEI XIANG **WASHINGTON** Myndband af Mei Xiang þar sem hún hnerrar svo að litla húninum hennar bregður hefur verið skoðað 190 milljón sinnum á Youtube. Pandabjörninn býr í dýragarðinum í Washington.

EGYPSKA KÓBRASLANGAN MÍA **NEW YORK** Mía slapp úr búri sínu í dýragarðinum í New York árið 2011. Hún fannst heil á húfi stuttu síðar og eignaðist stóran aðdáendahóp í kjölfarið. Mía er með 200 þúsund fylgjendur á Twitter.

KRÓKÓDÍLLINN REGGIE
LOS ANGELES Tók sér bólfestu í garði í Kaliforníu og tókst að komast hjá því að vera handsamaður í tvö ár. Meðan á eltingarleiknum stóð var Reggie með bloggsíðu sér til heiðurs.

YFIRHEYRSLAN ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR LEIKKONA

Kann ekki að synda og sofnar alltaf fyrst

1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt? Að ég sé rauðhærð.

2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart? Að ég kann ekki að synda.

3 Hvað kemur út á þér tárunum? Það er svo margt. Aðallega þó lífsspeki dóttur minnar, ást, fegurð, ljótleiki, mannvonska og góðar bíómyndir.

4 Hvað gerir þig pirraða? Eiríkur, maðurinn minn, á slæmum degi.

5 Hvað er fyndnast í heimi? Eiríkur, maðurinn minn, á góðum degi.

6 Er líf á öðrum hnöttum? Já og glamúr.

7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt? Fyrsti grátur Úlfhildar Júlíu dóttur minnar.

8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir? Ég sofna yfirleitt fyrst.

9 Hvaða frægu persónu ertu skotin í? Þegar ég var sextán ára fór ég að gráta þegar ég sá söngvarann í Fine Young Cannibals á Hressó. Ætli það sé ekki stærsta ástarskot mitt í frægri persónu.

10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu? Le ravissement de Lol V. Stein, Hrifning Lol V. Stein, eftir Marguerite Duras, Opening Night eftir Cassavetes og svo held ég bara bara Enter 4 með Hjaltalín.

11 Hver er fyrsta minningin þín? Þegar ég týndi bláu blöðrunni minni í dýragarðinum í Kaupmannahöfn. Gleymi aldrei sársaukatilfinningunni.

12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár? Vonandi á svipuðum stað og nú að leika einhvern dásamlegan karakter í frábæru leikriti og njóta lífsins með fólkinu sem mér þykir vænt um. Kannski verð ég líka orðin sæmilega góð í ballett.

13 Popp eða klassík? Bæði.

14 Hver var æskuhetjan þín? Ragga Gísla. Ég verð ennþá „star-struck“ þegar ég sé hana.

15 Er ást í tunglinu? Örugglega.

Þegar ég var sextán ára fór ég að gráta þegar ég sá söngvarann í Fine Young Cannibals á Hressó. Ætli það sé ekki stærsta ástarskot mitt í frægri persónu.

➜ Góðir dómar Arndís Hrönn Egilsdóttir leikur eitt þriggja aðalhlutverka í leikritinu Bláskjár sem var frumsýnt á litla sviði Borgarleikhússins um helgina. Verkið hefur fengið góða dóma. Höfundurinn er Tyrfingur Tyrfingsson og með önnur hlutverk fara Hjörtur Jóhann Jónsson og Arnmundur Ernst B. Björnsson.

APP VIKUNNAR FRONTBACK

Uppfærsla Smáforritið Frontback er app vikunnar að þessu sinni og er það ákaflega spennandi smáforrit. Um er að ræða nýja uppfærslu af þessu skemmtilega myndavéla-smáforriti, sem gerir þér kleift að taka myndir með báðum myndavélum símans, aðalmyndavélinni aftan á símanum og myndavélinni á framhlið símans. Smáforritið kemur frá fyrirtækinu Checkthis en unnið í samvinnu við CNN, Bloomberg TV, The New York Times og The Verge!.

Virkni Hver vill ekki ná að fanga eftirminnileg augnablik með báðum hliðum símans en Frontback gerir þér kleift að gera það. Einn af aðalkostum forritsins er tímastillir. Hann virkar þannig að ef viðkomandi er að taka mynd af einhverju sláandi atviki eins og flugeldasýningu eða áhugaverðu atriði í kappleik, hefur aðilinn tök á að stilla tímann á hvenær myndavélin framan á símanum á að taka mynd, til að fanga skemmtilegan svip eða viðbrögð. Útkoman verður svo ein heildstæð mynd þar sem atvikið er ofar á myndinni og viðbrögðin fyrir neðan.

Möguleikar Hægt er að skrifa texta inn á myndirnar til að gera þær enn skemmtilegri og þá er einnig hægt að bæta við staðsetningunni þar sem myndin er tekin.

Tengsl Þú getur svo deilt myndinni á helstu samfélagsmiðlunum eins og á Facebook, Twitter og Tumblr, einnig með smáskilaboðum. Þú getur eignast vini og fylgjendur í gegnum Frontback og þar af leiðandi deilt myndunum þínum og einnig fylgst með þeim myndum sem vinir þínir og þeir sem þú fylgir deila.

Ábótavant Það sem vantar helst í forritið er að geta skrifað athugasemdir við myndir vina sinna en það kemur líklega með næstu uppfærslu.

Virkar fyrir iPhone og iPad en hvorki fyrir Android né Windows.

6th sense® FreshControl

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE

HÉR ER ÍSSKÁPUR MEÐ HÁÞRÓAÐRI NÆMNI FYRIR LANGVARANDI FERSKLEIKA

Nýji **6th SENSE** ísskápurinn með **Fresh Control** tækninni laðar fram hinn sanna keim ferskleikans. Þökk sé sérstökum skynjurum sem eru mjög virkir í að stýra hita- og rakastiginu, varðveitist útlit, áferð og bragð matarins allt að fjórum sinnum lengur. Ennfremur er sérstakt hólf fyrir kjöt og fisk sem tryggir stöðugt hitastig við 0°C - til að viðhalda næringargildinu, ferskleikanum og bragðinu óbreyttu.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson játar fúslega að hafa sérkennilegt gaman af herskipum og hefur jafnvel sést lesa um sjóorrustur sér til skemmtunar. En hér fagnar hann því að ekki varð af einum slíkum slag.

ORRUSTUSKIPIÐ BADEN

ÞEGAR SJÓLIÐARNIR NEITUÐU AÐ DEYJA

Eitthvað er það í sálartetri mannsins sem veldur því að hann er veikur fyrir tilhugsuninni um að fórna sér. Það er reyndar ekkert erfitt að skilja grunn þeirrar tilfinningar – því í hópi frummanna gat verið nauðsynlegt að kasta sér af fífldirfsku fyrir óvininn til að bjarga loðnum barnahópnum, og menn eru æ betur að átta sig á því að hinn darwinski (og dawkinski) hugsunarháttur um mikilvægi þess að bjarga genum sínum, hann á ekki endilega bara við um okkur sem einstaklinga, heldur getum við líka hugsað þannig um allan hópinn. Og barist fram í rauðan dauðann fyrir börn alls hópsins, en ekki bara okkar eigin börn. En einhvers staðar á leið Homo sapiens frá gresjunum í Afríku hljóp ofvöxtur í þennan eðlisþátt, rétt eins og svo marga aðra sem við erum síðan búin. Þessi ofvöxtur gerði okkur vissulega að því sem við erum, en fór stundum út fyrir allan þjófabálk. Sú hvöt að hafa allan vara á sér og skima sífellt eftir hlébarða í grasinu, hún hefur í verstu tilfellum gert okkur vænisjúk og kvíðin. Þegar við lærðum að tala til að skiptast á orðum um hvert væri vænlegast að fara til að veiða, þá endaði það með því að sumir geta nú bara alls ekki haldið kjafti. Og sá hæfileiki að geta blístrað hvellt til að láta félagana vita að kannski sé hlébarðinn að koma, hann hefur náð hámarki sínu með Evrovisionsöngvakeppninni.

Mannskæðar deilur

Þannig er eins með hvöt okkar til að fórna lífinu fyrir ungviðið – hún hefur þróast út í rugl eins og það að sumir vilja ólmir leggja líf sitt í hættu fyrir svo fáfengileg fyrirbæri eins og skoðanir, hugmyndir, jafnvel heiður! Frá fimmtu og fram á sjöundu öld geisuðu ógurlegar deilur í austurrómverska ríkinu um svokallað eðli Krists, var það eitt eða tvennt eða þrennt og hvað var þá öðru æðra, um þetta gátu menn rifist af þvílíkri sannfæringu að þeir voru til í að fórna lífinu fyrir þá trú að eðli hans væri svona en ekki hinsegin. Að lokum voru allir orðnir svo leiðir á þessum mannskæðu deilum að það var kallað saman kirkjuþing sem komst að þeirri niðurstöðu að þetta skipti bara ekki nokkru einasta máli, og þá fóru allir heim og gleymdu þessu.

En þá víkur sögunni til fyrri heimsstyrjaldar, þessa rammaslags sem hófst fyrir réttum 100 árum. Ein ástæða þess hildarleiks – að minnsta kosti frá sjónarhóli Breta – var að herramenn hins nýja keisaradæmis Þjóðverja vildu allt í einu ólmir keppa við breska flotann um yfirráðin á heimshöfunum. Þjóðverjar höfðu aldrei átt neinn herskipaflota að gagni og ekki saknað þess neitt, en í byrjun 20. aldar tókst flotaforingja að nafni Tirpitz að æsa upp í hálfvitlausum keisaranum Vilhjálmi II ákafa þrá eftir stórum og þungum orrustuskipum, eins og Bretar áttu svo mikið af. Og þýski flotinn tók að bólgna út, hvert stórskipið af öðru hljóp til sjávar. Á augabragði þóttust Þjóðverjar koma sér upp aldalöngum hefðum um sjómennsku og létu eins og þeim væri beinlínis í blóð borin siglingaleiðin um Magellan-sund; þessum prússnesku sveitastrákum sem nú var sópað til sjós í stórhópum að manna hin nýju skip. Bretum leist ekki á blikuna og hertu sig um allan helming við eigin skipasmíðar.



HIPPER

Stærri orrustuskip

Árið 1906 tóku þeir í notkun nýtt orrustuskip sem hét Dreadnought, en það þótti svo fullkomið að samstundis urðu öll eldri orrustuskip úrelt. Bretar og Þjóðverjar hófu æðisgengið kapphlaup um að smíða sífellt stærri og fullkomnari orrustuskip, sem byggðu á þeim nýjungum sem fram höfðu komið með Dreadnought. Á aðeins tíu árum eftir 1906 lét Tirpitz smíða 26 tröllaukin fallbyssuskip sem urðu sífellt þyngri, hraðskreiðari og öflugri. Framfarirnar voru slíkar að í stríðsbyrjun 1914 var Dreadnought orðið nálega jafn úrelt og línuskip Nelsons lávarðar frá því um 1800. Og þessir dallar voru engin smásmíði, þeir stærstu sem Þjóðverjar réðu voru næstum 35.000 tonn og tæpir 200 metrar á lengd og höfðu fallbyssur að hlaupvídd 38 sentímetrar. Bretar voru nú helteknir af ótta við alla þessa uppbyggingu Þjóðverja og smíðuðu sjálfir 45 sams konar skip á sama tíma. Þjóðverjar vissu að þeir myndu ekki geta náð breska flotanum að stærð á næstunni, en hugsun þeirra var sú að þýski flotinn yrði svo öflugur að þegar kæmi til stríðs (þegar, ekki ef) þá myndu Bretar hika við að leggja til sjóorrustu af hræðslu við að tapa svo stórum hluta flotans að hann gæti ekki lengur gegnt skyldum sínum öllum.

Nú, síðan braust stríðið út og þá fór nú svo að það voru Þjóðverjar sem lögðu ekki til orrustu af ótta við að tapa skipum sínum. Aðeins einu sinni vógust öll þessi risaskip á, það var út af Jótlandsströndum um mánaðamótin maí-júní 1916. Þá var heilmiklu púðri eytt en svo lögðu Þjóðverjar á flótta áður en hámarki bardagans væri náð. Og hímdu í höfn til stríðsloka, mórallinn hjá mannskapnum fór veg allrar veraldar með tímanum, þeim fannst þeir gagnslausir sjóliðarnir, lágu í kojum sínum í þessum ógnarskipum, til hvers voru eiginlega allar þessar fallbyssur? Tirpitz var þá horfinn á braut enda kominn að þeirri niðurstöðu að öll þessi stóru fallbyssuskip væru meira og minna gagnslaus við að knésetja Breta – það væru kafbátar og aftur kafbátar sem þar dygðu til. En jafnvel þegar Þjóðverjar slepptu að lokum öllum kafbátum sínum lausum, þá var það orðið of seint og stríðið augljóslega tapað. Í október 1918 var bara orðið tímaspursmál hvenær Þýskaland gæfist upp.

Stórslagur í Ermasundi

En þá greip fórnarlundin yfirmenn flotans, þá aðmírálana Reinhard Scheer og Franz von Hipper. Loks skyldi siglt til hafs, kúlur settar í byssur á ný, öslað suður í Ermarsund og látið sverfa til stáls gegn breska flotanum. Og barist til þrautar í þetta sinn. Þeir Hipper og Scheer vissu þá fullvel að þetta var sjálfsmorð, flotinn þeirra myndi sennilega farast meira og minna allur, en hugmynd þeirra var sú að greiða breska flotanum eins þungt högg og þeir gætu – það myndi, sögðu þeir, á einhvern hátt bæta samningsstöðu Þjóðverja nú þegar hin óhjákvæmilega uppgjöf blasti við.

Það var reyndar allt frekar óljóst hvernig stórslagur í Ermarsundi gæti bætt samningsstöðuna, en það var líka fyrst og fremst hin eðlislæga en úttútnaða sjálfsfórnarlund sálarinnar sem hafði heltekið þá félaga. Scheer var reyndar kominn í land og átti ekki að sigla sjálfur þessa hinstu för, en Hipper var óður og uppvægur. Hann skrifaði: „Orrusta um heiður flotans, jafnvel þótt hún leiði til bana, verður kveikjan að nýjum þýskum flota… [nýr] floti er óhugsandi ef friðarsamningum fylgir ekki heiður.“

SHEER

Heiður, já, það lá að. Það loftkennda hugtak, heiður. Hipper vildi fórna sér fyrir heiður flotans. Og fórna flotanum öllum í leiðinni, honum fannst eitthvað fallegt við það. Hann hafði stikað svo lengi um þilför skipanna þar sem þau lágu aðgerðarlaus í höfn í Wilhelmshaven að hann var farinn að trúa því að þessar járnahrúgur byggju yfir prívat og persónulegum heiðri, og honum væri ætlað að gæta hans. Hugsunin um að flotinn þyrfti að farast, svo nýr floti gæti fæðst – það er auðvitað hugmyndin um ragnarök sem því miður hafði þá síast djúpt inní sálir Þjóðverja, líklega út af öllum þessum Wagner sem afbakaði hina eðlislægu hvöt til að hætta lífinu fyrir ungviðið, svo úr varð útblásin sjálfsfórn í þágu óljósrar hugmyndar, hvaða hugmyndar sem var, nánast, en með skyldi fylgja algjör eyðilegging og svo upprisa. Þannig vildu Hipper og Scheer hafa það, en nú gerðist undrið.

Sveitastrákarnir frá Prússlandi, kolanámuþjarkar frá Ruhr, stuttbuxnastrákar frá Bæjaralandi – þeir sem höfðu húkt um borð í skipunum í fjögur ár samfleytt og áttu samkvæmt skilgreiningu að þrá ekkert heitar en fá að fórna sér fyrir heiðurinn, þeir sögðu hingað og ekki lengra. Þeir höfðu horft upp á bræður sína fórna sér möglunarlaust fyrir heiðurinn í helvíti skotgrafanna á vesturvígstöðvunum, nú sáu þeir ekki tilganginn í að vera att út í dauðann í sjálfsfórnarsælu aðmírálanna. Aðfaranótt 30. október 1918 neituðu sjóliðar orrustuskipanna í Wilhelmshaven að létta akkerum þegar átti að sigla útí dauðann. Án sjóliðanna voru skipin sannarlega ekki annað en járnahrúgur, hvað sem leið meintum heiðri þeirra. Þetta er ein fegursta stundin í samanlagðri hernaðarsögu heimsins, þegar óbreyttu dátarnir neituðu að deyja.

HÖNNUNAR

AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM

SJÓÐUR

Hönnunarsjóður auglýsir 20 milljónir kr. í styrki til verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs á árinu 2014.

Veittir verða styrkir í fjórum flokkum
Þróun– og rannsóknir
Verkefni
Markaðs– og kynningarmál
Ferðastyrkir

Hlutverk hönnunarsjóðs er að efla þekkingu ásamt atvinnu– og verð–mætasköpun á sviði hönnunar og arki–tektúrs með fjárhagslegum stuðningi. Sjóðurinn styrkir jafnframt kynningar– og markaðsstarf erlendis sem stuðlar að auknum útflutningi íslenskrar hönnunar.

Við mat á umsóknum er litið til gæða og stöðu hugmyndar eða verkefnis, faglegs bakgrunns umsækjanda, fjárhagsgrund–vallar verkefnis ásamt gildi og mikilvægi þess til eflingar íslenskrar hönnunar og arkitektúrs.

Umsóknarfrestur rennur út 15. apríl 2014.
Úthlutað verður úr sjóðnum um miðjan maí 2014.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar er að finna á sjodur.honnunarmidstod.is og í síma 771 2200.

Að lokum voru allir orðnir svo leiðir á þessum mannskæðu deilum að það var kallað saman kirkjuþing sem komst að þeirri niðurstöðu að þetta skipti bara ekki nokkru einasta máli, og þá fóru allir heim og gleymdu þessu.

VERTU Í LIT
ER VORIÐ KALLAR Á ÞIG
NÝJA VORLÍNA NIKE ER FARIN AÐ
STREYMA INN Í VERSLANIR ÚTILÍFS
BJARTARI DAGAR KALLA Á
BJARTARI LITI
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

Konráð og félagar á ferð og flugi 83

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Sjáið þið hvítu rákina á himninum," sagði Kata. „Þetta er eftir flugvél." Þau horfðu öll upp í himininn. „Já," sagði Lísaloppa. „Það er svo margt sem maður getur séð á himninum." „Margt?" sagði Kata. „Mér finnst nú ekki svo margt að sjá þarna uppi." „Jú, maður getur séð sólina, tunglið og stjörnurnar," sagði Konráð. „Og regnboga, ský, norðurljós og jafnvel gervitungl," sagði Lísaloppa. „Gervitungl?" át Kata upp eftir henni. „Aldrei hef ég nú séð gervitungl á himninum." „Það er af því að þú hefur haldið að það væri stjarna," sagði Lísaloppa. „En ef það sem lítur út fyrir að vera stjarna sem skiptir stöðugt um lit, þá er það sennilega gervitung."

Getur þú fundið þessi orð í þessari stafagátu?

Flugvél
Gervitungl
Norðurljós
Regnbogi
Ský
Sól
Stjörnur
Tungl

L	Ú	R	P	H	Æ	Í	Ö	Þ	Í	L	Ú	B
Þ	S	F	E	Ý	F	L	U	G	V	É	L	Đ
G	E	R	V	I	T	U	N	G	L	L	Á	Đ
R	Ó	E	A	Þ	E	U	Í	F	A	Á	A	Æ
J	O	G	G	Ó	Đ	S	B	J	G	Ó	Đ	J
U	I	N	H	X	S	T	J	Ö	R	N	U	R
O	J	B	Ú	D	O	R	D	J	M	O	Ý	Ó
S	S	O	Ö	B	T	Ú	É	P	S	D	D	S
D	É	G	E	P	S	F	Ú	É	P	N	Æ	Ó
S	U	I	L	L	K	X	Æ	Ó	Í	H	U	L
M	I	Ú	Ú	Ó	Ý	P	N	P	V	Í	T	Ý
G	U	Æ	P	T	U	N	G	L	L	É	U	Y
N	O	R	Đ	U	R	L	J	Ó	S	V	N	U

Heilabrot

1. Hver er sá veggur víður og hár, vænum settur röndum, gulur, rauður, grænn og blár gerður af meistara höndum.

2. Hver er það, sem læðist lágt, líka stundum slæðist hátt? Yrði mörgum æði bágt, opin ef ei stæði gátt.

3. Margt er smátt í vettling manns, gettu sanns, gettu sanns. Þótt þú getir í allan dag, þú getur aldrei hans.

4. Fuglinn flaug fjaðralaus, settist á vegginn beinlaus, þá kom maður handalaus og skaut fuglinn bogalaus.

5. Liggur í göngum í löngum spöngum, gullinu fegra, en grípa má það enginn.

Svör:

1. Regnbogi 2. Reykur 3. Sandur. Sanns og sands er oft eins í framburði 4. Snjókorni og vindurinn 5. Sólargeisli

TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Brandarar

1. Hvað sagði ljóskan þegar hún sá krókódílinn?
Nei sko, Lacoste-svefnpoki!

2. Af hverju er litla systir þín að gráta?
Vegna þess að ég vildi ekki gefa henni af namminu mínu.
Er nammið hennar búið?
Já, hún var líka hágrátandi á meðan ég borðaði það.

3. Hvað sagði smámælta svifrykið?
Ég heiti ekki Fðifðik, heldur Þvifðik!

4. Mamma mín er alkóhólisti, en pabbi minn er innkaupalisti.

5. Kennari: Stafaðu orðið rúm.
Drengur: Rúmm
Kennari: Slepptu öðru m-inu.
Drengur: Hvoru?

6. Hvernig þekkir þú hafnfirskan sjóræningja frá öðrum í þeirra starfsstétt? Nú, hann er sá eini sem er með leppa fyrir báðum augum.

Risatónleikar Sveppa og Villa

Vilhelm Anton Jónsson sagði Fréttablaðinu brandara og skemmtilegar sögur.

Villi og Sveppi verða með risatónleika í Háskólabíói á sunnudaginn klukkan 14.00. Fréttablaðið tók viðtal við Villa af því tilefni.

Nafn: Vilhelm Anton Jónsson.
Aldur: 36 ára (fæddur 1978).
Bæjarfélag: „Bý í Reykjavík, 101. Bjó lengi á Akureyri, og á Laugum í Reykjadal og í Hafnarfirði."

Flytjið þið ný lög á þessum tónleikum? „Við höfum verið með tónlist í þáttunum okkar. Síðan gáfum við út plötuna Sveppi og Villi búa til plötu í sumar, og þetta eru lögin af henni."

Um hvað fjalla lögin? „Við semjum oftast lög um það sem við bröllum saman. Til dæmis um rottur, um það að taka til, um hvað það er gott að eiga góðar mömmur og fleira."

Ert þú góður í að taka til? „Við Sveppi erum báðir mjög þrifnir, en ég gæti sosum bætt mig."

Geturðu sagt lesendum fyndna sögu af þér og Sveppa? „Í einum þættinum breytti Sveppi mér í rottu. Hann hringdi á meindýraeyði til að láta eyða mér. Í þáttunum varð mamma hans alveg brjáluð, af því að það má ekki gera svona. Það sem gerðist svo var að sumir áhorfendur urðu brjálaðir og hringdu í Stöð 2 sem varð brjáluð út í okkur. Svo skildist öllum að lokum að þetta var bara grín."

Hvert var uppáhaldsfagið þitt þegar þú varst í skóla? „Það hefur örugglega verið leikfimi þegar ég var lítill, leikfimi og frímínútur og hádegishlé."

Hvor er betri söngvari, þú eða Sveppi? „Við erum ólíkir en jafnir."

Hvor er meiri brandarakall? „Sveppi er meiri brandarakall."

Kanntu einhvern brandara til að deila með lesendum? „Það var einu sinni önd sem kom inn í bakarí og sagði: „Áttu blöðru?" Kallinn sagði: „Nei." Öndin spurði aftur: „Áttu blöðru?" Kallinn sagði: „Nei."

Öndin spurði einu sinni enn: „Áttu blöðru?" Svo sagði kallinn: „Ef þú hættir þessu ekki negli ég gogginn fastan við borðið." Þá spurði öndin: „Áttu hamar?" Kallinn sagði: „Nei." Öndin: „Áttu nagla?" Kallinn: „Nei." Öndin: „Áttu blöðru?""

Hvernig kynntust þið Sveppi? „Búnir að þekkjast í mörg ár. Vorum í handbolta hvor í sínu liðinu þegar við vorum litlir. Svo hittumst við í partíum þegar kærusturnar okkar voru saman í sálfræði í Háskóla Íslands."

Er ykkur stundum ruglað saman? „Nei, ég held að það sé óhætt að segja ekki."

Eitthvað fleira? „Hlakka til að sjá sem flesta á tónleikunum á sunnudaginn."

JUSSI HITTIR Í MARK – AFTUR



KOMIN Í VERSLANIR

Jussi Adler-Olsen er óumdeildur konungur danskra glæpasagnahöfunda

Fimmta bókin um Carl Mørck og félaga í Deild Q í dönsku lögreglunni

★★★★★

„Gríðarlega vel heppnuð, hlý og áhrifarík spennusaga…“
EKSTRA BLADET

„ … Adler-Olsen er … ofboðslega skemmtilegur og fullkomlega ófyrirsjáanlegur.“
POLITIKEN

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

6. Úr markar lausn vætusams vistkerfis (10)
11. Sá er fargar félaga lægir þarmagust (11)
12. Álit hljóms gefur mynd af innri manni (8)
13. Leynilegt merki er óboðnir slást í för (13)
14. Komast á samning við þumbara (6)
16. Í hviðu er klakinn þakinn súkkulaði (9)
17. Kem 50 í samband við einn millilíð (6)
19. Örugg tortryggja frjáls (7)
21. Félagar deila koju í vinsemd (13)
23. Vann textílmynd af foraði frávita til handa (5)
24. Eldstöð til að róta í (6)
27. Bækurnar eru 500 og einni betur og allar um hófsemi (8)
29. Hér má sjá sauð sjoppa og byggða (5)
30. Óreiðuhugur veldur misskilningi (8)
32. Erfið og illa gefin (4)
34. Braska með teiknimyndasögur (5)
35. Skil sneiðina um læknadópið (7)
36. Gleyptir legg og langan fisk en talar um tilhugalíf (8)
37. Læt óreiðusting fyrir íranskan aur (4)
42. Ættstór vill mund frægrar og ringlaðrar (11)
47. Held á íhaldi með ávexti (6)
48. Deila við dána kappakstursheltju (5)
49. Skriflegur samningur um helgidóm (11)
50. Róta í snilld svo ég deyi (6)
51. Get rústað ríkidæmi, enda brothætt mjög (9)
52. Heimsfrægur en seinheppinn högni brasar borgara (5)
53. Sé drauga æða (4)

LÓÐRÉTT

1. Pallasopi er góður í sólinni (12)
2. Steggir hittast og boða til næsta hittings (10)
3. Ígulker gefur skinn í leikföng (10)
4. Vil að hugarfar flokki það sem hún hamaðist við (6)
5. Fullkominn léttleiki þrátt fyrir mæði (10)
6. Eyri með stígum, alsettum holum í röð (8)
7. Vitið nær ekki lengra en ljósið leyfir (6)
8. Sjáið soðgreifa sunda stinga undan Munda (7)
9. Njörður og Nanna kanna meiðyrði í sinn garð (5)
10. Ernan kýs að flýja ruglið (5)
14. Finnið falda skammstöfun alþjóðlegrar boltaklíku (4)
15. Slakur en ákveðinn fær tímabundinn samning (10)
18. Ágæt aflífa blaut (9)
20. Þetta himnatyppi er ómerkilegt stundarfyrirbæri (8)
22. Sást svolítið ryk er sokkar snertu gólf (7)
25. Guggin og grá púlaði við síðslægjuna (7)
26. Lögðum bann við fréttum frá auðlindum (7)
27. Þeir fíla sig í briminu, þessir feitu karlar (7)
28. Natan truflar vandvirka (5)
31. Fiskar leita fjallsbrúnar (5)
33. Gljúfurbarmur gat af sér þekkta þulu (9)
38. Í háum og teygðum til beggja enda (7)
39. Stutt er í garðshorn ákafs (6)
40. Borgarinn gengur í bæinn (6)
41. Er þessi hola ein helsta náttúruperla höfuðborgarsvæðisins? (6)
42. Eta ekki ófrjálsa (5)
43. Muldrið ef þið mætið rugli (5)
44. Geðjast að þeim sem elska Ægi (5)
45. Innbyrti svo mikinn kraft að gera varð hlé (5)
46. Það sem ég geri fer í hring (5)





Lausnarorð síðustu viku var
TJÁNINGARFRELSI

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni HHhH eftir Laurent Binet frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigríður Hallgrímsdóttir, Reykjavík.**

LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist gott veganesti fyrir lífið. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 19. febrúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „15. febrúar“.

„Besti smábíllinn“

Ford Fiesta.
Beinskiptur frá 2.450.000 kr.
Sjálfskiptur frá 2.790.000 kr.

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 120.000 kr. öllum Ford Fiesta í febrúar. Nýttu tækifærið.

Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 af sérfræðingum eins vinsælasta bílablaðs heims, Auto Express.

Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

Ford

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ekki enn sannfærð/ur? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO_2 gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO_2 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO_2 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

POTTA

OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN

YFIR 100 TEGUNDIR

20-50% afsláttur

af ÖLLUM pottum og pönnum

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
GRILLPÖNNUR
WOK-PÖNNUR
POTTJÁRN
LEIRPOTTAR
POTTASETT

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

Bjóðum þessi frábæru merki og fjölda annarra:

AMT GASTROGUSS

Fissler. Perfect every time.

eva solo

Tefal

GRUNWERG SHEFFIELD-ENGLAND

Jamie Oliver

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

ÚTSALA Á GRÍSAKJÖTI

27% afsláttur

1098 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísagúllas

27% afsláttur

1098 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísasnitsel

36% afsláttur

959 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísahryggur með beini

32% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg

Grísakótilettur

41% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísahnakki, úrbeinaðar sneiðar

27% afsláttur

1599 kr. kg

Verð áður ~~2197~~ kr. kg

Grísalundir

30% afsláttur

699 kr. kg

Verð áður ~~998~~ kr. kg

Grísasíður pörusteik

30% afsláttur

594 kr. kg

Verð áður ~~849~~ kr. kg

Grísahakk

25% afsláttur

599 kr. kg

Verð áður ~~798~~ kr. kg

Grísabógur, hringskorinn

ÍSLENSKT

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

DÚNDUR TILBOÐ!

39% afsláttur

BARNADAGAR

Hámark 1 kassi á mann meðan birgðir endast!

299 kr. pk.

Verð áður ~~492~~ kr. pk.
Kókómjólk, 6 í pk.

3 fyrir 2

BARNAMATUR

Þú kaupir 3 af sömu tegund og þyngd en borgar fyrir 2

HiPP · KoliBio · Ella's kitchen · Holle · Gerber · Nestlé

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

MERKISATBURÐIR

1917 Kristín Ólafsdóttir lýkur læknaprófi og er fyrsta konan sem lýkur embættisprófi frá Háskóla Íslands.

1992 Fyrsta Fokker 50-flugvél Flugleiða hf., Ásdís, kom til landsins og lenti á Akureyri.

2005 YouTube, vefur þar sem notendur geta deilt myndskeiðum, fór í loftið.

†

Bróðir okkar,

SIGURÐUR BRIEM JÓNSSON

dvalarheimilinu Hvammi á Húsavík,
lést þriðjudaginn 11. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Húsavíkurkirkju fimmtudaginn 20. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á dvalarheimilið Hvamm.

Fyrir hönd aðstandenda

Guðrún Jónsdóttir, Halla Jónsdóttir, Sólrún Jónsdóttir

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

HILMAR SÆVALD GUÐJÓNSSON
teiknari,

varð bráðkvaddur þriðjudaginn 11. febrúar síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Pétur Sævald Hilmarsson
Snorri Freyr Hilmarsson
Axel Viðar Hilmarsson

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

INGIBJÖRG A. JÓNSDÓTTIR
Berjarima 3,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 9. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 18. febrúar kl. 15.00.

Ómar Konráðsson
Ragnar Sveinsson
Sólveig Sigurðardóttir
Hermundur Sigurðsson
Ólöf Erla Einarsdóttir
Konráð Grétar Ómarsson
Sævar Geir Ómarsson
Qinghua Li
Sigurður Ingi Kjartansson
María Ósk Albertsdóttir
Svana Hrönn Jóhannsdóttir
Tinna Ósk Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir, mágur, unnusti og frændi,

HELGI GEORGSSON

er látinn. Útför hans fer fram frá Lindakirkju þriðjudaginn 18. febrúar kl. 13.00. Jarðsett verður í Vestmannaeyjum.

Helga Helgadóttir
Bjarni Tómas Helgason
Sveinn Halldór Helgason
Brynhildur Helgadóttir
Hulda Helgadóttir
Daníel Helgi Valgeirsson
Karítas Líf Bjarnadóttir
Davíð Leó Bjarnason
Helga Helgadóttir
Hrafnhildur Georgsdóttir
Eva Lilja Rúnarsdóttir
Petra Rán Jóhannsdóttir
Súsanna Sif Jónsdóttir
Georg Hermannsson
Jón Óttar Birgisson
og aðrir aðstandendur.

MIKILL FJÖLDI Í SKÓLANUM Það var góð þátttaka þegar Tónlistarskóli Ísafjarðar hélt tónleika árið 2012.

Dagur Tónlistarskólanna haldinn hátíðlegur í dag

Tónlistarskóli Ísafjarðar heldur þrenna tónleika en fyrstu tónleikarnir hefjast í Ísafjarðarkirkju kl. 16 í dag. Skólinn er mikilvægur hluti af menningarlífinu í bænum.

„Það hefur verið ákveðið að halda þennan dag hátíðlegan árlega til að vekja athygli á því mikla starfi sem fram fer í tónlistarskólum landsins. Í tilefni dagsins standa tónlistarskólar víðs vegar um landið fyrir ýmsum uppákomum, tónleikum, opnu húsi eða fara á vistheimili. Skólarnir eru mikill hluti af menningarlífinu í hverju byggðarlagi og því ert vert að fylgjast með því," segir Ingunn Ósk Sturludóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar. Á Ísafirði hyggst tónlistarskólinn halda þrenna tónleika og að þessu sinni verður sérstök áhersla lögð á yngstu nemendurna. Um fimmtíu börn frá aldrinum fimm til 11 ára munu bera hitann og þungann af tónleikunum með söng undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur og Rúnu Esradóttur. Undirleikurinn verður í höndum strengjasveitar tónlistarskólans undir stjórn Januzar Frach. Börnin munu syngja Þúsaldarljóð Sveinbjörns I. Baldvinssonar og Tryggva M. Baldvinssonar, en verkið var frumflutt á Kristnihátíð árið 2000, þar sem 1.000 ára kristni var minnst á Íslandi með eftirminnilegum hætti. „Við höldum eina tónleika í dag og leggjum áherslu á samspil almennt en börnin munu koma fram í hópum, tríóum eða dúóum. Auk samspilshópanna verða þrjár lúðrasveitir og gítarsveit. Kennarar og nemendur skólans hafa unnið ötullega að þessum tónleikum sem vonandi verða fjölsóttir og skemmtilegir." Miðvikudaginn 19. febrúar fara fram tvennir tónleikar kl. 18 og kl. 19.30 með fjölbreyttri efnisskrá. Þegar talið berst að áhugasviði nemenda segir Ingunn Ósk að margir velji að læra á gítar og píanó eða söng. „Á landinu öllu eru starfandi níutíu tónlistarskólar með í kringum fimmtán þúsund nemendur. Samkvæmt námsskrá er lögð áhersla á að krakkarnir kynnist sem flestum hljóðfærum og læri samspil. Það er svo mikilvægt að krakkarnir nái saman í tónsköpun sinni og tónlistarflutningi," segir Ingunn Ósk létt í bragði.

marinmanda@frettabladid.is

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og frændi,

ÓLAFUR KR. GUÐMUNDSSON

varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 13. febrúar. Útför auglýst síðar.

Guðný Helgadóttir
Guðmundur Pétur Ólafsson
Rakel Ýr Ólafsdóttir
Helga Kristín Ólafsdóttir
Bjarney Anna Bjarnadóttir,
Lloyd Hans McFetridge
barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær eiginkona mín, elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, tengdaamma og langamma,

SJÖFN HJÖRLEIFSDÓTTIR
Norðurbakka 21B, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 6. febrúar verður jarðsungin frá Fossvogkirkju mánudaginn 17. febrúar kl. 15.00.

Guðmundur Björnsson
Elín Helga Guðmundsdóttir
Björn Guðmundsson
Margrét Guðmundsdóttir
Sjöfn Þórðardóttir
Sif Björnsdóttir
Sigrún Margrét Pétursdóttir
Heiðrún Sjöfn Sigurðardóttir
Guðmundur Gunnar Pétursson
Þorbjörg Pétursdóttir
Vilhjálmur Pétursson
Guðmundur Björnsson
og barnabarnabörn
Pétur Kjartansson
Valdís H. Haraldsdóttir
Lárus B. Lárusson
Þorvaldur Egilson
Sigmar Ólfjörð Kárason
Tinna Björt Guðjónsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓNA SVEINSDÓTTIR
Laugarnesvegi 39, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum sunnudaginn 2. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir framúrskarandi umönnun og alúð.

Sveinn Klausen
Herdís Klausen
Jóhann Friðrik Klausen
Ingólfur Klausen
Ásdís H. Hafstað
Árni Stefánsson
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Anna Hermannsdóttir
börn, barnabörn og barnabarnabörn

†

Einlægar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur,

PETRÍNU KRISTÍNAR PÉTURSDÓTTUR
Grandahvarfi 8, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11G á Landspítala v. Hringbraut og þeim sem lagt hafa okkur lið við söfnun til tækjakaupa til minningar um hina látnu.

Aðalsteinn Blöndal
Guðrún Blöndal
Dagmar Blöndal
Ásdís Blöndal
Gunnar Ingólfsson
Gunnar Leifur Jónasson
Arnar Þór Guðmundsson
barnabörn og systkini hinnar látnu.

NÝTT OG FERSKT

Í OPINNI DAGSKRÁ Í SJÓNVARPINU OG Í OZ APPINU

HLUSTENDAVERÐLAUNIN
BEIN ÚTSENDING
Einn stærsti viðburður íslenskra tónlistarmanna árið 2014

PRÓFÍLL
SUNNEVA SVERRIS
Áhugaverðum ungum íslendingum fylgt eftir í gegnum amstur dagsins á skemmtilegan hátt.

SÖNGKEPPNI SAMFÉS
BEIN ÚTSENDING
Einn stærsti viðburður sem haldin er fyrir unglinga á Íslandi.

Á BAK VIÐ BORÐIN
ADDI INTROBEATS / GUÐNI IMPULSE
Hvað eru íslenskir tónlistarmenn að gera í dag? Græjur, upptökubúnaður og fleira í áhugaverðum þætti.

ÍSLENSKI LISTINN
ÞÓRUNN ANTONÍA
Vinsælustu lögin á Íslandi í máli og myndum.

ÓSKALÖGIN
VÍÐIR RÚNARS
Ungt fólk sem er á ferðinni tekið í stutt spjall og óskalögin spiluð.

X977 - TOPP 20
ORRI FREYR
Vinsælustu lög þessa vikuna á X977

GAME TÍVÍ
SVERRIR BERGMANN OG ÓLI JÓELS
Farið yfir allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum. Nýjustu leikirnir og nýjustu tölvurnar.

PETTA GERÐIST: 15. FEBRÚAR 2005

Vefsíðan YouTube fór í loftið

Á þessum degi árið 2005 fór vefmiðillinn YouTube í loftið. YouTube er vefsíða þar sem hægt er að nálgast myndbönd. Hana heimsækir rúmlega milljarður notenda í hverjum mánuði. Á heimasíðunni geta notendur hlaðið upp, skoðað og deilt hvers kyns myndböndum. Þá er hægt að láta sér líka við myndbönd annarra notenda og skilja eftir athugasemdir fyrir neðan myndböndin.

Chad Hurley, Steve Chen og Jawed Karim stofnuðu síðuna sem sló strax í gegn og var útnefnd „Nýjung ársins 2006“ af tímaritinu Time.

Stofnendur síðunnar seldu Google vefmiðilinn í nóvember það sama ár fyrir 1,65 milljarða hlutabréfaeign í Google.

Vegna þess mikla fjölda myndabanda sem daglega er settur inn á YouTube er erfitt að fylgjast með þeim öllum og oft kemur fyrir að efni sem er varið höfundarrétti sé sett inn á vefinn. Til að sporna við kærum gerði YouTube samning við stór útgáfufyrirtæki um að birta tónlistarmyndbönd þeirra á vefnum.

Í dag má finna ógrynni af efni inni á YouTube; kennslumyndbönd, blogg, upptökur af fyrstu skrefum ungbarna og jafnvel gamla íslenska sjónvarpsþætti og brot úr gömlum áramótaskaupum. - ue

TÖFF Í TÚBUNNI Maggi Mix er einn af þeim sem hafa nýtt vefsíðuna til að koma sér á framfæri.

ALLT TIL Á YOUTUBE Hægt er að finna myndbönd af nánast hverju sem er á síðunni.

→ Fyrsta YouTube-myndbandið

Jawed Karim, stofnandi YouTube, hlóð inn fyrsta YouTube-myndbandinu, en það heitir Me at the zoo. Yakov Lapitsky tók það upp en myndbandið er aðeins nítján sekúndna langt.

Myndbandið er í raun ekki merkilegt en í því talar Jawed um fíla í dýragarði sem sjást fyrir aftan hann. Þrátt fyrir að myndbandið sé afar lágstemmt markaði það viss tímamót en YouTube er ein vinsælasta vefsíða heims. Aðeins ári eftir að Me at the Zoo var birt á síðunni voru notendur síðunnar farnir að hlaða inn rúmlega 65 þúsund myndböndum á degi hverjum.

Í dag hefur myndbandið verið skoðað tæplega fjórtán milljón sinnum.

---

†

Bróðir okkar, fósturbróðir, mágur og frændi,

KLEMENZ EGGERTSSON
Miðskógum 20, Álftanesi,

lést á Grensásdeild Landspítalans fimmtudaginn 6. febrúar. Útför hans fer fram frá Bessastaðakirkju þriðjudaginn 18. febrúar kl. 13.00.

Auðbjörg Eggertsdóttir
Sigurður Eggertsson
Erla Stringer
og fjölskyldur.

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

HAFSTEINS ÞORSTEINSSONAR
Björtuhlíð 5, Mosfellsbæ,

og elskulegs bróður okkar, mágs og stjúpföður,

SÆVARS HAFSTEINSSONAR
Völvufelli 22, Reykjavík.

Hörður Hafsteinsson
Þorsteinn Hafsteinsson
Anna María Hafsteinsdóttir
Elsa Hafsteinsdóttir
Ægir Hafsteinsson
Hafsteinn Hafsteinsson
Þórunn Erla Guðmundsdóttir
Marsibil Baldursdóttir
Einar Guðmundsson
Einar Axel Kristinsson
Sigrún Óskarsdóttir
Sara Berglind Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Maðurinn minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

GUNNAR DANÍEL LÁRUSSON
verkfræðingur,

lést á krabbameinsdeild LSH þann 12. febrúar síðastliðinn.

Anna Þrúður Þorkelsdóttir
Ragnar Lárus Gunnarsson
Ragnhildur Anna Gunnarsdóttir
Þorkell Máni Gunnarsson
Anna Þrúður Guðbjörnsdóttir
Soffía Sara Steingrímsdóttir
Jóhanna Ester Þorkelsdóttir
Gunnhildur Anna Þorkelsdóttir
Erla Karen Þorkelsdóttir
Katherine Williamson Day
Sigrún Erla Blöndal

---

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður afa og langafa,

BJÖRGVINS ÁRNASONAR
Suðurgötu 8, Keflavík.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Hlévangs og HSS fyrir góða umönnun.

Sigurður Björgvinsson
Svala Björgvinsdóttir
Árni Björgvinsson
Sveinn Vopnfjörð Björgvinsson
Þórdís Guðjónsdóttir
Baldur Kristjánsson
Friðbjörg Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

ÁRNI BÁRÐUR GUÐMUNDSSON
Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 12. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðný Árnadóttir
Guðmundur Rúnar Árnason
Benedikt Jónsson
Ingibjörg Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

GUÐRÚNAR KARLSDÓTTUR
DÚNU

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Ási í Hveragerði fyrir einstaka hjúkrun og umhyggju síðustu sporin.

Margrét Eiríksdóttir
Karl Eiríksson
Ósk Eiríksdóttir
Eiríkur Rúnar Eiríksson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginkona mín, elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÞÓRUNN KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR
myndlistarmaður
Kópubraut 2, Reykjanesbæ,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 12. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju föstudaginn 21. febrúar kl. 15.00.

John Earl Kort Hill
Guðný Hafdís Hill
Sigrún Erla Hill
Laufey Svala Hill
Ævar Örn Jónsson
Hans Ingi Þorvaldsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Hugheilar þakkir til ykkar allra sem heiðrað hafið minningu ástkærrar móður okkar,

INGIBJARGAR MAGNÚSDÓTTUR
frá Miklaholti,
Stórateig 42, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á deild A6 á Landspítalanum í Fossvogi fyrir einstaka umönnun, hlýju og virðingu við hana í veikindum hennar.

Kristín Magnúsdóttir
Jón Magnússon
og fjölskyldur

---

†

Elskuleg systir mín, mágkona og frænka,

BIRNA HELGADÓTTIR
frá Leirhöfn,

lést 12. febrúar á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 24. febrúar kl. 13.00.

Hildur Helgadóttir
Sigurður Þórarinsson
Dýrleif Andrésdóttir
Pétur Einarsson
og systkinabörn

---

†

Okkar elskulega

MARÍA ÁSGEIRSDÓTTIR
hjúkrunarkona,
Birkimel 6b,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 9. febrúar. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 19. febrúar klukkan 15.00.

Hildur Gunnarsdóttir
Guðrún Gunnarsdóttir
og fjölskyldur.

---

†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

ÚLFUR MARKÚSSON
leigubifreiðarstjóri og
f.v. formaður Frama, Berjarima 34,
áður Lambastekk 7,

lést á Landspítalanum laugardaginn 8. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 19. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Innilegar þakkir til starfsfólks á deildum 11G og 11E á Landspítalanum við Hringbraut.

Hrafn Heiðdal Úlfsson
Jökull Úlfsson
Örn Þór Úlfsson
Markús Valgeir Úlfsson
Helgi Valtýr Úlfsson
Sigrún Sonja Magnúsdóttir
Sjöfn Sverrisdóttir
Guðrún Björgvinsdóttir
Ingunn Björnsdóttir
Helga Haraldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Frænka okkar,

KRISTÍN H. JÓNSDÓTTIR
áður til heimilis að Reynimel 48,
Reykjavík,

lést 31. janúar á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

F.h. aðstandenda,
Guðný Benediktsdóttir
Þórdís Elín Jóelsdóttir

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

FRÍÐU BJARGAR LOFTSDÓTTUR
Neshaga 15, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild 2-D, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, fyrir elskulega umönnun.

Stefanía Magnúsdóttir
Jónína Leósdóttir
Árni Leósson
Jón Sigurjónsson
Jóhanna Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

ASUS PRO ADVANCED

14“ mattur HD skjár sem minnkar endurkast í dagsljósi. 178° Wide-view fyrir breiðara sjónarhorn.

Örþunn til að ferðast með og aðeins 1.64 kg.

Stórt og þægilegt chicklet lyklaborð sem auðveldar áslátt og er vökvahelt.

Fingrafaraskanni tryggir skjótan aðgang og notendaöryggi.

Harðgerður SSD diskur sem þolir meira hnjask en í hefðbundnum fyrirtækjafartölvum og stenst ítrustu kröfur um gagnaöryggi.

intel inside CORE i7 Ultrabook Inspired by Intel

ASUS

STERKBYGGÐ OG ÖRUGG

Ný Ultrabook Pro tryggir öryggi gagna fyrirtækisins í fartölvunni. Dulkóðaður SSD diskur með TPM, vökvahelt lyklaborð og fingrafaraskanni. Umgjörð úr magnesíum, ál- og koltrefjablöndu sem þolir meira hnjask en er jafnframt mjög létt og meðfærileg.

Traust fartölva fyrir fyrirtæki sem gera kröfur um gæði, gagnaöryggi og lága bilanatíðni.

HAFÐU SAMBAND

Fyrirtækjaþjónusta Tölvulistans leggur áherslu á að bjóða fyrirtækjum gæðabúnað frá þekktum og traustum framleiðendum í öllum vöruflokkum.

Hægt er að fá tilboð og nánari upplýsingar hjá fyrirtækjaþjónustunni í s. 414-1710 eða sala@tl.is.

tl.is TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

KL. 19:45
Ísland Got Talent
Leitin heldur áfram að hæfileikaríkasta atriði landsins þar sem sigurvegarinn fær 10 milljónir króna.

Meiriháttar sunnudagskvöld

KL. 13:00
Mín skoðun Mikael Torfason
Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur um þjóðmál og fréttir líðandi stundar í umsjá Mikaels Torfasonar.

KL. 19:10
Sjálfstætt fólk
Gunnar Nelson er rísandi stjarna í heimi blandaðra bardagaíþrótta sem fer nú eins og eldur í sinu um heiminn.

KL. 20:35
Mr. Selfridge
Önnur þáttaröðin um auðmanninn Harry Selfridge leikinn af Jeremy Piven.

KL. 21:25
The Following
Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.

KL. 22:10
Banshee
Önnur þáttaröðin um hörkutólið Lucas Hood sem er lögreglustjóri í smábænum Banshee.

Krakkastöðin | **KL. 07:00-20:00**
Barnaefni alla daga
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.is

SUDOKU

LÉTT

1	5						3	9
		6	2	9			5	7
		2	3		1			6
9	7	8		1		3		
				7		5		8
4					3	7		
3	2	9						
			9	6	2	8		
		7						4

MIÐLUNGS

		5		7	8	1		9
		1	5	9				
	6				4			
				5				2
5	4				7		9	
7	2			1				
	5			2				
1		6	3				7	8
3			8		9			

PUNG

			4			7	5	
								8
	5		6	7			3	
				9	8		6	
			5			8		2
7		2		4				5
9				2	4			3
	1		8					
					1	2	4	

4	2	3	1	7	5	8	9	6
6	5	8	3	2	9	1	4	7
7	9	1	4	8	6	5	2	3
8	1	6	9	3	7	2	5	4
9	4	7	5	1	2	3	6	8
2	3	5	6	4	8	7	1	9
1	6	4	7	5	3	9	8	2
3	8	9	2	6	1	4	7	5
5	7	2	8	9	4	6	3	1

5	9	1	3	6	8	7	2	4
6	2	3	4	5	7	8	1	9
4	7	8	9	1	2	5	3	6
7	5	2	8	9	3	4	6	1
8	6	4	5	2	1	9	7	3
3	1	9	6	7	4	2	8	5
1	4	5	2	8	6	3	9	7
2	3	6	7	4	9	1	5	8
9	8	7	1	3	5	6	4	2

6	9	3	8	1	4	7	2	5
1	5	2	3	6	7	4	9	8
8	4	7	9	5	2	1	3	6
2	1	6	4	7	9	5	8	3
7	8	4	5	2	3	9	6	1
5	3	9	1	8	6	2	4	7
9	7	5	2	3	8	6	1	4
3	2	1	6	4	5	8	7	9
4	6	8	7	9	1	3	5	2

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes



BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég hef bara sofið hjá karlmönnum sem ég hef verið gift. Hve margar konur geta sagt það?“

Elizabeth Taylor



KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. hvetja, **6.** umhverfis, **8.** bók, **9.** ílát, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** einkennis, **16.** tímaeining, **17.** klæði, **18.** tæfa, **20.** fyrir hönd, **21.** tuldur.

LÓÐRÉTT
1. nautasteik, **3.** tveir eins, **4.** vits-munamissir, **5.** sigað, **7.** köldusótt, **10.** skítur, **13.** gifti, **15.** flóki, **16.** stefna, **19.** kvað.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. örva, **6.** um, **8.** rit, **9.** fat, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** ár, **17.** strý, **18.** átt, **19.** ku.
LÓÐRÉTT: 1. buff, **3.** rr, **4.** vitgiðp, **5.** att, **7.** malaría, **10.** tað, **13.** gaf, **15.** fót, **18.** tík, **20.** pr, **21.** taut.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Oliver Aron Jóhannesson hafði hvítt gegn Finnanum Juhani Halonen í fyrstu umferð NM í skólaskák í Billund í gær.

Hvítur á leik:

25. Hf4! e5 26. Hh4 Hfd8 27. Hf1 He8 28. g6! fxg6 29. Dd5+ og svartur gafst upp. Snaggaralega teflt hjá Oliver sem er einn tíu fulltrúa Íslands í Billund. Íslendingum gekk almennt vel í fyrstu umferð, fengu samtals 7 vinninga.

www.skak.is: Reglulegar fréttir frá NM.

HOT WINGS MÁLTÍÐ

Nýtt!

AÐEINS 990 KRÓNUR

TAKTU ÞÁTT Í LEIKNUM!

#KFCHOTWINGS

Vinningar: Playstation 4, snjóbretta- eða skíðanámskeið, jöklaferð, Hot Wings-veisla, Garmin VIRB hasarmyndavél.

VINNINGAR Í HVERRI VIKU!

LEYSTU EINHVER AF EFTIRTÖLDUM VERKEFNUM:

Taktu selfie með selebi, skelltu þér í sjósund, knúsaðu stjórnmálamann, gerðu góðverk að eigin vali, farðu í alla stuttermabolina þína í einu, spilaðu Quiz Up uppi á Esjunni, notaðu venjulegan síma með snúru, hoppaðu í polla ...

PIPAR\TBWA • SÍA • 133374

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

198 krónur kg.

Spænskar **Appelsínur**

1798 kr. 90 uppþv.

Finish uppþvottavélatöflur
ALL IN ONE 90 STK.

1998 kr. 80 þvottar

OMO ÞVOTTAEFNI 80 ÞVOTTAR

698 krónur 500g.

Freyju MIX 500g

289 krónur 500g.

Salthnetur 500g

195 krónur 200g.

Góu **Hraunbitar 200g**

1098 krónur 1 kg.

BÓNUS **Súkkulaðiterta** 1 kg.

298 kr. kg

Ameríska **Sætar kartöflur**

359 kr. 1 kg

Danskar **Gulrætur 1 kg**

67 kr. 250ml

2198 krónur kg.

ÍSLANDSLAMB **Ferskt kryddað úrbeinað lambalæri** (tilbúið fyrir ofninn..)

PEPSI eða Pepsi Max
2 LTR + Doritos poki
379 kr.

+

279 kr. 1 ltr.

EUROSHOPPER Matarolía
SÓLBLÓMA OG REPJUOLÍA

1798 krónur kg.

ÍSLANDSLAMB **Ferskar kryddaðar lambalærisneiðar í raspi** (tilbúnar á pönnuna..)

129 krónur 500g.

BÓNUS **Kornbrauð 500g**

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KAUPTU COCA COLA 2 LTR.

BÆTTU VIÐ COKE ZERO FRÍTT 2 LTR.

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

+

BÓNUS FORKRYDDAÐ GRÍSAKJÖT

1198 krónur kg.

BÓNUS **Kryddaðar grísakótilettur**

1198 krónur kg.

BÓNUS **Kryddaðar úrb. grísahnakkasneiðar**

998 krónur kg.

BÓNUS FERSKT **Grísahnakka-fillet úrbeinað**

598 krónur kg.

ALI **Ferskur grísabógur**

398 kr. 260g

Knorr **Lasagne 260g**

479 kr. bakkinn

BÓNUS **Grísahakk** c.a.600g

1598 kr. kg.

BÓNUS **Bacon**

Úrbeinu 1359 kr. 700g. alæri

FROSIN SKINNLAUS **úrbeinuð Kjúklingalæri 700g**

898 kr. 1 kg.

Norðanfiskur **Þorskbitar**
Roð & beinlaust **1 KG.**

FROSIN BROKKOLÍBLANDA

289 krónur 1 kg.

149 krónur 2 stk.

EUROSHOPPER **Hvíltlauksbrauð** 2 stk.

VINSÆLUSTU kjúklingabringurnar í verslunum **Bónus**

1548 krónur 900g.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

MENNING

STJÖRNUR Barði ogJB Dunckel. MYND/JEANEEN LUND

Starwalker á Slippbarnum

Hljómsveitin Starwalker spilar á Slippbarnum laugardagskvöldið 15. febrúar klukkan 22. Sveitina skipa Barði Jóhannsson, betur þekktur sem Barði í Bang Gang, og JB Dunckel, annar forsprakka hljómsveitarinnar Air. Tvíeykið kom fyrst saman opinberlega á tónlistarhátíðinni Sónar Reykjavík um helgina.

ENDALOK Ingvar Högni í bókaversluninni Útúrdúr.

Útúrdúr lokað þegar Hverfisgata verður opnuð

Bókabúðinni Útúrdúr verður lokað daginn sem Hverfisgata verður opnuð á ný fyrir umferð. Af því tilefni verður útsala í búðinni í dag. „Það eru tvær ástæður fyrir því," segir Ingvar Högni Ragnarsson hjá bókabúðinni Útúrdúr. „Annars vegar vofir hættan yfir að við missum húsnæðið yfir okkur. Að öllum líkindum rís hér enn eitt hótelið. Hin ástæðan er sú að framkvæmdir, sem hafa staðið yfir á Hverfisgötu síðan í júlí, hafa dregist á langinn og það var hreinlega erfitt fyrir gesti að komast inn í búðina. Sem stendur erum við að pakka ofan í kassa, en við ætlum að haga því þannig að við getum opnað aftur ef fýsilegt húsnæði býðst, en eins og staðan er í dag er ekkert mikið í boði," segir Ingvar Högni.

Ragnheiður
óp era eftir
Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson

ÞÓRA EINARSDÓTTIR · VIÐAR GUNNARSSON · ELMAR GILBERTSSON
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON · ELSA WAAGE · GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR
BERGÞÓR PÁLSSON · ÁGÚST ÓLAFSSON · BJÖRN INGIBERG JÓNSSON
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
DANSHÖFUNDUR: INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR · LÝSING: PÁLL RAGNARSSON
BÚNINGAR: ÞÓRUNN S. ÞORGRÍMSDÓTTIR · LEIKMYND: GRETAR REYNISSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: PETRI SAKARI · LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

ÓPERUKYNNING ÞRIÐJUDAGINN 18. FEBRÚAR KL. 20

Vinafélag Íslensku óperunnar býður til kynningarkvölds í Kaldalóni, þriðjudaginn 18. febrúar kl. 20

Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson ásamt söngvurum kynna óperuna Ragnheiði í tali og tónum

Aðgangur ókeypis - allir velkomnir

Vinafélag ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

FRUMSÝNING 1. MARS 2014 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. SÝNING 8. MARS - ÖRFÁ SÆTI LAUS
3. SÝNING 15. MARS - NOKKUR SÆTI LAUS

TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI
MIÐASALA Í HÖRPU OG Á HARPA.IS
MIÐASÖLUSÍMI 528 5050

DJÖFULGANGUR Sýningin verður sex tímar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leiksýning um hið bælda og þaggaða

Ný sýning Kviss Búmm Bang, Djöfulgangur, sækir innblástur í helgisiði frá tímum mæðraveldis.

„Djöfulgangur er sex klukkutíma óvissuferð út í auðn og myrkur á Suðurnesjum," segir Eva Rún Snorradóttir hjá Kviss Búmm Bang, sem frumsýnir nýtt leikverk í mars sem nefnist Djöfulgangur. „Eins og svo oft hjá okkur í Kviss Búmm Bang spillir það fyrir að segja frá því sem gerist á leiðinni. Ég get þó sagt að við sækjum innblástur í gamla helgisiði frá tímum mæðraveldis og í fræði Carls Jung um skuggann," segir Eva Rún. Ferðalagið hefst á BSÍ og því lýkur einnig á BSÍ, þaðan sem ekið verður með rútu á Suðurnes. „Gestir fá handrit hjá okkur til að fylgja, og viðeigandi klæði og vasaljós. Og svo verður fararstjóri. Matur er innifalinn í ferðalaginu," segir Eva Rún.

„Ætli áhorfendur þurfi ekki að vera með ansi opið hjarta til að mæta á sex klukkutíma leiksýningu?" segir Eva Rún. „Ég vil samt taka fram að þetta fer ekki allt fram utandyra, og áhorfendur þurfa ekkert að leika. Þeir þurfa aftur á móti að vera opnir fyrir því að skoða eigið myrkur," segir Eva Rún. „Við hjá Kviss Búmm Bang höfum verið að rannsaka myrkrið, og hið bælda og þaggaða í okkur sjálfum. Djöfulgangur fjallar um myrkrið og mikilvægi þess að ganga í gegnum myrk tímabil og taka utan um myrkrið. Það er nauðsynlegt að fara inn í myrkrið til að verða heill aftur."

Sýningar verða aðeins fjórar. Frumsýning er fjórtánda mars. Einungis sjö komast á hverja sýningu. Miðaverð er 8.000 krónur. Miðapantanir berist á tölvupóstfangið: djofulgangur@gmail.com.

- ue

Ljósmyndaskólinn sýnir

Útskriftarverkefni 15 nemenda í Lækningaminjasafninu

Nemendur Ljósmyndaskólans sem eru nú að útskrifast eftir fimm anna nám opna sýningu á útskriftarverkefnum sínum nú um helgina. Í verkum sínum fjalla þau um fegurðina, rokkið, hálendið og spyrja hvort virkjun sé í raun umhverfislistaverk, svo einhverjum viðfangsefnum sé velt upp.

Sýningin verður opnuð í dag klukkan 15 í húsnæði Lækningaminjasafnsins við Nesstofu á Seltjarnarnesi.

Sýningin stendur til 23. febrúar og verður opin á virkum dögum milli kl. 15.00 og 20.00 og um helgar frá 13.00 til 18.00. - ósk

Ný vitneskja
Fyrirlestur á ensku: Christopher Vasey

Örlög, forlög eða frjáls vilji?

Miðvikudagur 19. febrúar 2014 - kl. 20:00

Í Norræna húsinu, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík

Aðgangseyrir: 500 kr

Skipuleggjandi: Stiftung Gralsbotschaft, Stuttgart
Vasey-Leuze@gral-norden.net
www.is.gral-norden.net
Simi: 842 2552

BLÁSKJÁR

eftir Tyrfing Tyrfingsson

„Bráðskemmtileg og sterk sýning þar sem leikarar fara á kostum í vel skrifuðu verki.”
F.B. - F.bl.

„Galsafengin og frumleg ádeila”
H.A. - DV

„Framvindan er fáránleg, fyndin og áhugaverð. ... Bláskjár er verk sem heldur áhorfendum á tánum.”
S.G.V. - M.bl.

„Frábærlega skemmtilegt og skrifað af miklum skáldskap”
G.S.E. - Djöflaeyjan.

Næstu sýningar

Sun 16/2 kl. 20 **UPPSELT**	Lau 8/3 kl. 20
Fim 20/2 kl. 20 örfá sæti	Sun 9/3 kl. 20 örfá sæti
Sun 23/2 kl. 20 **UPPSELT**	Fös 14/3 kl. 20
Lau 1/3 kl. 20 örfá sæti	Lau 15/3 kl. 20
Sun 2/3 kl. 20 **UPPSELT**	

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

óskabörn ógæfunnar

Borgarleikhúsið

LAUGARDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

15. FEBRÚAR

Tónleikar

17.00 Áslaug Helga stendur fyrir tónleikum í Lindakirkju. Á tónleikunum kennir ýmissa grasa frá ýmsum tónlistartímabilum í lífi söngkonunnar. Fram koma Vocal Project, Kór Lindakirkju, Klamedía X, dixielandhljómsveit o.fl. Aðgangur er öllum opinn og ókeypis.

14.00 Á tónleikunum Jabba-dabba-dú syngur leikarinn Gói lög úr kvikmyndum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eldborg í Hörpu. Miðaverð 2.300 kr. / 1.900 kr.

20.00 Eivør Pálsdóttir syngur ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Hofi á Akureyri. Uppselt er á tónleikana.

20.30 Bergþórutónleikar Ragnheiðar Gröndal - Ragnheiður Gröndal, hljómsveit og góðir gestir syngja lög Bergþóru Árnadóttur í Salnum í Kópavogi. Miðaverð 3.900 krónur.

Fundir

11.00 Opinn fundur um niðurstöður verðtryggingarnefndar verður í Framsóknarsalnum í Kópavogi, Digranesvegi 12. Frummælendur: Ingibjörg Ingvadóttir og Vilhjálmur Birgisson. Auk þeirra verða þeir Frosti Sigurjónsson og Willum Þór Þórsson alþingismenn í pallborði að loknum framsögum.

Hátíðir

14.00 Konfúsíusarstofnunin býður alla hjartanlega velkomna á kínverska nýárshátíð á Háskólatorgi næstkomandi laugardag 15. febrúar kl. 14:00-16:30.

18.00 Sundlauganótt í Garðabæ. Opið í Álftaneslaug laugardaginn 15. febrúar frá klukkan 18-24. Laugardaginn 15. febrúar verður haldin Sundlauganótt víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Garðabær tekur nú þátt í Sundlauganótt í fyrsta sinn og verður með opið lengur í Álftaneslaug af því tilefni.

Dansleikir

22.05 Greifarnir spila á Spot. Endalaust stuð og stemning með bestu Greifalögum allra tíma í bland við góða djammstandarda. Miðaverð 2.500 krónur, en miðar kosta 2.000 krónur í forsölu á SPOT.

Leikrit

17.00 Gaflaraleikhúsið sýnir Unglinginn í Laugalandi í Holtum. Miðaverð 2.500 krónur.

20.00 Leikfélag Akureyrar sýnir Gullna Hliðið í Samkomuhúsinu á Akureyri. Miðaverð 4.400 krónur.

20.00 **Óskasteinar sýnt á nýja sviði Borgarleikhússins. Miðaverð 4.750 krónur.**

20.00 Hamlet er sýnt á stóra sviði Borgarleikhússins. Miðaverð 4.750 krónur.

14.00 Með allt á hreinu í Austurbæ. Nemendasýning Verslunarskóla Íslands. Miðaverð 2.500 krónur.

17.00 Lísa og Lísa í Rýminu, Akureyri. Leikfélag Akureyrar. Miðaverð 4.400 krónur. Einnig sýnd klukkan 20.00 um kvöldið.

20.00 Möguleikhúsið sýnir um þessar mundir leikverkið Eldklerkinn í Tjarnarbíói. Afkomendur séra Jóns Steingrímssonar fá sérstakan afslátt af miðaverði. Ef þeir geta framvísað útskrift úr Íslendingabók sem sýnir vensl þeirra fá þeir 1.000 kr. afslátt. Til að nýta sér afsláttinn þurfa afkomendur að hafa samband við miðasölu Tjarnarbíós.

Málþing

13.30 Félag um átjándu aldar fræði heldur málþing undir yfirskriftinni Hagir kvenna á átjándu og nítjándu öld. Málþingið hefst klukkan 13.30 í Þjóðarbókhlöðunni.

Ljósmyndasýningar

15.00 Sýningin Myndir ársins 2013 verður opnuð í Listasafni Kópavogs-Gerðarsafni. Veitt verða ljósmyndaverðlaun í átta flokkum og tvö bestu myndskeið ársins 2013 verða einnig verðlaunuð. Samhliða fer fram veiting blaðamannaverðlauna í fjórum flokkum. Á neðri hæð Gerðarsafns verður á sama tíma opnuð glæsileg sýning á myndum Sigurgeirs Jónassonar frá Vestmanneyjum.

Tónlist

15.30 Söngvakeppnin 2014. Lokaæfing klukkan 15.30 og úrslit klukkan 19.40 í Háskólabíói. Uppselt.

23.00 Magnús Ragnar Einarsson, Karl Pétur Smith og Tómas Magnús Tómasson skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Frítt inn.

15.00 Opið hús verður í Söngskólanum í Reykjavík frá kl. 14.00 - 17.00. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Myndlist

14.00 Verið velkomin á opnun sýningarinnar Af hjartans list í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Á sýningunni eru fjölbreytt listaverk úr ólíkum efniviði eftir fimmtán listamenn sem búsettir eru á Sólheimum í Grímsnesi.

15.00 Opnun á sýningunni A Hard Days Night úr sýningarröðinni Samspili. Svavar Guðnason, Magnús Helgason, Úlfur Karlsson og Úlfur Eldjárn, sem verður með tónlistargjörning á opnuninni. Nýtt verk Eyglóar Harðardóttur, Nafnlaust, verður einnig afhjúpað. Listasafn ASÍ, Ásmundarsal, Freyjugötu 41.

15.00 Síðustu forvöð til að skoða Hnallþóru í sólinni, 15 ára afmælissýningu Skaftfells - miðstöð myndlistar á Austurlandi. Til að fagna sýningarlokum verður haldið lokahóf og efnt til Hnallþórukeppni þar sem kökusnillingar fá tækifæri til að takast á um mikilfenglegustu kökuna.

13.00 Málverkasýning til minningar um Selmu Jónsdóttur í Hæðargarði 31. Opið hús laugardaginn 15 febrúar og sunnudaginn 16 febrúar frá 13.00 til 17.00. Virka daga opið frá 09.00 til 16.00.

15.00 Thora Karlsdóttir myndlistarmaður opnar sýninguna Hver er lykillinn í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri.

Markaðir

11.00 1.000 króna markaður á Kexhosteli klukkan 11-17 til styrktar Barnaspítala Hringsins. Meðal þess sem má finna á markaðnum eru gjafabréf frá veitingastöðum, skemmtigörðum og í líkamsrækt. Einnig verður töluvert af fatnaði, snyrtivörum, sælgæti, bókum og fleiru.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

REYKIR OG RÍFUR KJAFT

„Í kvöld set ég upp bumbuna, því ég leik ólétta konu í Óskasteinum. Hún reykir og rífur kjaft, þótt hún sé svona ólétt. Svo á sunnudaginn er ég Gloría í Stundinni okkar. Hún reykir sko ekki, og á ekki von á barni. Hún er bara hress.

Kristín Þóra Haraldsdóttir, leikkona.

SUNNUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

16. FEBRÚAR

Tónleikar

12.00 Tónleikaröð Jónasar Ingimundarsonar Við slaghörpuna í hálfa öld heldur áfram í Salnum á sunnudaginn. Þá mun tenórsöngvarinn Snorri Wium mæta ásamt leikaranum Sigurði Skúlasyni. Sem fyrr situr Jónas Ingimundarson við flygilinn.

14.00 Risatónleikar Sveppa og Villa í Háskólabíói. Á Risatónleikum Sveppa og Villa kemur fram sjö manna Rokkhljómsveit Sveppa og Villa undir stjórn Vignis Snæs, mamma Sveppa og sérstakur leynigestur: Gói. Miðaverð 3.900 krónur.

Félagsvist

14.00 Félagsvist í Breiðfirðingabúð á sunnudaginn. Allir velkomnir.

Hátíðir

11.00 Hátíðarmessa í Árbæjarkirkju. Vísitasía vígslubiskups og innsetning djákna í Árbæjarkirkju. Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup Skálholtstiftis, vísiterar söfnuðinn og prédikar. Prófastur Gísli Jónasson og prestar safnaðarins þjóna fyrir altari. Innsetning Ingunnar Bjarkar Jónsdóttur sem djákna. Kirkjukórinn leiðir almennan safnaðarsöng. Organisti Kristina Kalló Szklenár.

Barnatónleikar

13.00 **Menningarhúsið Hof í samstarfi við Sparisjóð Höfðhverfinga heldur barnamenningarhátíðina Börn fyrir börn í þriðja sinn. Miðaverð 700 krónur.**

Kvikmyndir

15.00 Sovéska kvikmyndin Skyldmenni (Rodnja) verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Myndin var gerð á árinu 1981 og leikstjórinn er Nikita Mikhalkov. Fyndið verk sem naut mikilla vinsælda í Sovétríkjunum á sínum tíma. Rússneska. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

Dansleikir

20.00 Dansað verður i félagsheimili eldri borgara i Stangarhyl 4 i Reykjavík sunnudagskvöld kl. 20.00 - 23.00. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

EKKI MISSA AF

Syngur og spilar á óbó

Hofi

Eik Haraldsdóttir er ein barnanna sem koma fram á barnamenningarhátíð í Hofi á Akureyri á sunnudaginn klukkan 13.00. „Ég er að fara að syngja og spila á hljóðfæri sem heitir óbó. Lagið sem ég tek er Þar sem allt grær úr Litlu hryllingsbúðinni. Fyrst spila ég smá forspil á óbóið og svo syng ég," segir Eik. „Við erum fimm að fara að syngja og spila á hljóðfæri á sunnudaginn. Einn djögglar, og annar sýnir töfrabrögð."

Leikrit

20.00 Fyrirgefðu ehf. sýnt í Tjarnarbíói. Miðaverð 3.900 krónur.

20.00 Bláskjár sýndur á litla sviði Borgarleikhússins. Miðaverð 4.750 krónur.

20.00 Óskasteinar sýndir í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

14.00 Með allt á hreinu í Austurbæ. Nemendasýning Verslunarskóla Íslands. Miðaverð 2.500 krónur.

14.00 Horn á höfði sýndur í Tjarnarbíói. Miðaverð 2.900 krónur.

Félagsstarf

19.00 Spilað verður bridge í Breiðfirðingabúð á sunnudaginn. Allir velkomnir.

Myndlist

12.00 Listvinafélag Hallgrímskirkju kynnir sýningu Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur myndlistarmanns í forkirkju Hallgrímskirkju. Opnun sýningarinnar er sunnudaginn 16. febrúar kl. 12.00, eftir messu. Allir velkomnir.

15.00 Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna Þitt er valið í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, Strandgötu 34 í Hafnarfirði. Á sýningunni eru verk úr safneign Hafnarborgar, valin af almenningi, en öllum býðst að velja verk á sýninguna.

RISA SKÓ ÚTSALA

50-90% afsláttur

Í TOPPSKÓNUM
Í FULLUM GANGI

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
Sunnudaga: 13-17

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
Sunnudaga: 12-18

Hænuhald í Reykjavík

Sveitarómantíkin breiðir úr sér á höfuðborgarsvæðinu, en þar færist húsdýrahald í aukana. Fréttablaðið tók viðtal við þrjá Reykvíkinga sem halda hænur.

Fékk hænur í afmælisgjöf

Emil Adrian Devaney
íbúi í 101

„Ég sá fyndin hænumyndbönd á YouTube. Þá hugsaði ég með sjálfum mér: „Mig langar í hænur," svo ég bað mömmu um hænur í afmælisgjöf, sem ég fékk.

Fyrst fékk ég tvær hænur. Svo kvörtuðu nágrannar yfir hávaða, og þá kom í ljós að önnur hænan var hani, og ég þurfti að skila honum. Þá var ég leiður, því mér þótti vænt um hann. Þá fékk ég aðra hænu, sem ég nefndi Karamellu, því hún minnir mig dálítið á karamellu og ég var að borða karamellu þegar ég fékk hana. Hin hænan heitir Kolbrún. Þær verpa daglega, líka yfir vetrartímann. Þær eru í kofa úti í garði. Við gefum þeim afganga og hugsum vel um þær. Það er hitapera í kofanum sem við kveikjum á, því stundum getur orðið kalt yfir veturinn, og þá kveikjum við á henni.

Ég á líka hamstur og tvo ketti. Í fyrra átti ég fiska en fiskabúrið sprakk, og við þurftum að gefa alla fiskana."

Verpa einu eggi á dag

Dögg Hjaltalín
íbúi í 101

„Hænurnar hafa sloppið, en þær fara ekki langt. Nágranni okkar lét okkur vita einn morguninn að ein hænan væri úti í runna en þrátt fyrir ítrekaða leit yfir daginn náðum við henni ekki fyrr en seinnipartinn þegar við komum heim. Þá hitti ég nágranna minn sem sagðist hafa verið að elta hænuna án árangurs og fleiri nágrannar bættust í hópinn til að aðstoða við að fanga hænuna sem tókst að lokum með aðstoð fiskihafs. Hænurnar eru heimavanar og eiga því ekki að fara langt.

Við höfðum íhugað það í nokkur ár að fá okkur hænur til að auka sjálfbærnina því þær éta alla matarafganga og í staðinn fáum við egg. Yfir dimmasta og kaldasta vetrartímann verpa hænurnar oftast ekki en með hækkandi sól fara þær aftur í gang og verpa þá yfirleitt einu eggi á dag. Við erum með þrjár hænur eins og er og dóttir mín, Agnes, nefndi hænurnar Gleimmérey, Sólskinsbros og Línu langsokk."

Tryggir fæðuöryggi á heimilinu

Maron Bergmann Jónasson
íbúi í 104

„Hænurnar mínar eru að verða komnar úr eggjaeign. Þær eru orðnar svo gamlar að þær verpa ekkert í bili. Þær taka smá spretti og verpa í nokkrar vikur. Þá getur þetta farið upp í egg á hverja hænu á dag. En svo verða þær að hvíla sig inn á milli. Ég byrjaði að halda hænur árið 2009. Ég sagði svona í gríni eftir hrunið að þetta væri gert til þess að tryggja fæðuöryggi á heimili mínu.

Ég er fæddur og uppalinn í sveit og mig hefur alltaf langað að eiga hænur. Mig langaði ekkert að eiga hund eða kött. Það voru ekki margir með hænur á þessum tíma, en við höfðum aðstæður til þess. Vorum með kalda geymslu á bak við bílskúrinn þar sem við settum upp hænsnakofa. Þar fluttu þær inn. Við höfum verið með páfagauka og naggrísi og ég veit ekki hvað áður.

Það gengur ekki að vera með hana. Við vorum með hanaunga fyrst, en þeir voru farnir að tjá sig fullmikið á morgnana, þannig að nú erum við bara með hænur.

Svo býr kanína með þeim. Ég er hissa á því hvað sambúðin er friðsæl. Hænurnar voru aðeins að pikka í kanínuna fyrst, en svo fór hún að svara fyrir sig og nú eru allir vinir. Ég þoldi ekki annað en að fylgjast með fyrstu dagana og vikurnar svo enginn léti lífið."

ugla@frettabladid.is

Hvað þarf til að halda hænur?

„Þú þarft lítinn kofa eða góða aðstöðu í bakgarðinum hjá þér sem þarf að vera frostfrí svo vatnið hjá fuglunum frjósi ekki. Svo þarf að hafa undirburð undir fuglunum, til dæmis sag. Svo þarftu fóður og vatnsílát með fóðri og vatni fyrir fuglana. Svo þarf að passa að í kofanum sé varphólf fyrir fuglana til að verpa í og prik til að sitja á á kvöldin af því að fuglinn situr alltaf uppi á priki. Það er til að verja sig gegn aðvífandi hættu, það er í eðli hans. Svo má geta þess að þegar hænsnadritið blandast saman við spænina á gólfinu ertu komin með vistvænan áburð. Hænsnadrit er einhver kröftugasti áburður sem þú getur fengið í garðinn á matjurtir og trjá-, runna- og blómabeð."

Júlíus Már Baldursson, landsnámshænubóndi á Tjörn á Vatnsnesi.

Svona er Sónar

Margt var um manninn í Hörpu á upphafsdegi tónlistarhátíðarinnar Sónar Reykjavík sem lýkur í kvöld. 67 listamenn og hljómsveitir koma fram á hátíðinni og koma gestir víða að úr heiminum til að hlýða á ljúfa tóna úr sölum tónlistarhússins.

LITRÍKUR HÓPUR Elísa, Ben frá Skotlandi og Soffía. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

HÚN ENDIST BETUR Sumir gripu í myndavélina.

LAUFLÉTTAR Gyða Katrín, Þórunn og Bryndís Telma.

ERLENDIR GESTIR Jói, Nathan frá Englandi og Adele frá Skotlandi.

MIKIÐ LÍTURÐU VEL ÚT, BEIBÍ - BLÁTT HÁR Eva Súsanna og Sunna Margrét skemmtu sér konunglega.

HÉR SÉ STUÐ Marína Gerða, Adda Guðrún og Kristborg Sóley brostu blítt.

GAMAN Á SÓNAR Snærós Vaka og Elfur Gígja.

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Rúnar S. Gíslason hdl., Lögg. fasteignasali

Óskar Traustason Fyrirtækjaráðgjafi
Heildverslun
með þjóðlega hönnun og gjafavöru
FRUM - www.frum.is
Nýtt í sölu

Heildverslun sem býður vörulínu er samanstendur af fatnaði og gjafavöru. Varan hefur verið á markaðnum í 4 ár og er seld í helstu ferðamannverslunum og í um 30 lyfjaverslunum landsins. Stækkunarmöguleikar og besti sölutíminn framundan. **Verð 6,5 millj.**
Nánari upplýsingar gefur Óskar í síma 659 2555 eða 512 3428.
Einnig er hægt að senda fyrirspurn á oskar@fasteignasalan.is
Sími 659 2555
oskar@fasteignasalan.is
Óskar Traustason, fyrirtækjaráðgjafi

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT

Hollustupítsa
Í LÉTTRI SVEIFLU

FYRIR 3–4
1 ferskur pítsubotn, spelt eða venjulegur

Sósa:
200 gr rjómaostur
2 msk hunang
1 msk rifin piparrót
1 msk saxað ferskt dill
Salt eftir smekk

1 rautt chilli
1 grænt chilli
½ ferskur ananas
Skarlottulaukur
1 fenníka
6 lambalundir
2 msk ólífuolía
Smávegis af ferskri myntu eða kóríander. Hnífsodd af gullinrót (turmerik), kanill, engifer

Allt hrært saman sem í sósuna á að fara.

Skerið lambalundir smátt og snöggsteikið með ólífuolíunni og þurrkryddinu. Leggið svo til hliðar.

Brytjið ananas í hæfilega bita og bakið í ofni við 200°C í 15 mín.

Rífið fenníku, lauk og chilli mjög fínt niður. Blandið öllu saman með smáslettu af ólífuolíu.

Forbakið pítsubotninn. Setjið sósuna yfir og makið hæfilega. Dreifið fenníkusalatinu yfir pítsuna og heitu kjötinu í kjölfarið, endið á ananasnum.
Saxið myntu eða kóríander yfir og berið fram.

Ath: Botninn er volgur, sósan við stofuhita, salatið kalt, lamb og ananas heitt. Þannig að þegar botninn er tilbúinn þarf að hafa hraðar hendur.

LAMBAKJOT.IS

Ég þoli ekki makann minn! Nei, grín

SP: Mig vantar smá ráð. Ég þoli ekki makann minn! Nei, grín, það er ekki alveg svo slæmt en við eigum eitt barn og allt saman gengur voðalega vel með það og svefninn kominn í rútínu og svona en við fullorðna fólkið náum ekki saman. Okkur tekst að rífast um allt á milli himins og jarðar og fyrir mér þarf það að breytast svo ég geti notið kynlífs.

Makinn er ekki á sama máli og segir að kynlífið sé fyrsta skrefið og muni laga allt saman um leið og það er komið í góða rútínu og þá hættum við að rífast. Þessi rifrildi eru samt ekkert hræðileg, bara leiðinlegt tuð fram og til baka og við bara þurfum að komast á sömu blaðsíðuna.

SVAR: Það er kalt mat mitt að helmingur Íslendinga sé í nákvæmlega sömu stöðu og þið. Hversdagsleikinn getur verið ákaflega ókynæsandi og stundum til þess fallinn að kæfa kynfærin í leiðindum. Þá er kannski ágætt að minna á að heilinn er stærsta kynfærið. Ef þú gleymir að kitla og kela við heilann þá getur þú gleymt því að blóð renni niður í neðri svæðin. Það hljómar eins og þið séuð ágætlega æfð í því að tala saman þó það sé kannski ekki alltaf á heppilegustu nótunum.

Samræður og samskipti eru eins og að elda góðan mat. Maður þarf að passa hversu lengi maður brúnar laukinn og það skiptir máli hvaða krydd eru fersk og hver þurrkuð. Þannig þarf að finna fínu línuna á því hvaða „tuð“ er gott að segja strax og það kemur upp, og hvað er gott að geyma aðeins og mynda sér skoðun á. Stundum er maður ósanngjarn og þarf að geta stigið til hliðar og rætt við sjálfan sig í höfðinu áður en maður opnar fyrir orð sem geta sært.

Fyrsta mál á dagskrá er vopnahlé. Komið ykkur saman um að svona gangi þetta ekki og ræðið hvað þarf að breytast svo ykkur líði vel, hvort um sig og saman. Ég persónulega er svakalega hrifin af skipulagi og þegar maður er í átaki til að rétta sambandið við getur verið gott að setja til hliðar smá tíma sem tileinkaður er krúttheitum. Fyrir þann tíma er um að gera að hreinsa upp verkefnalistann svo þið getið farið saman upp í „hreint“ rúm og einbeitt ykkur að ykkur, en ekki tuði um verkefni sem „gleymdust“ eða á að gera „seinna“. Skilgreinið hver ykkar kósístund er (heitt te og Trivial Pursuit?) og gefið ykkur eina kvöldstund í viku í einmitt það. Þegar rómansins byrjar að blómstra, þá er kynlífið oftast skammt undan. Gangi ykkur vel!

KYNLÍF TAKTU PÁTT!
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

KÖLTMYND Beetlejuice hefur notið mikilla vinsælda síðan hún var frumsýnd árið 1988.

Staðfestir Beetlejuice 2

Leikarinn Michael Keaton segir að það styttist í framhaldsmyndina Beetlejuice 2 og vonar að leikstjórinn Tim Burton setjist í leikstjórastólinn á ný.

„Ég er búinn að senda Tim nokkra tölvupósta og tala við handritshöfundana nokkrum sinnum en bara um undirbúningsvinnu þangað til nú nýlega. Ég hef alltaf sagt að Beetlejuice sé það eina sem mig langi að gera aftur ef ég geri aldrei neitt meira í lífinu. En það þýddi að Tim þyrfti að koma að henni,“ segir Michael. - lkg

SJÓNVARPSHELGI Obama ætlar að liggja yfir imbanum um helgina.

Sjónvarpshelgi

Sjónvarpsserían House of Cards var frumsýnd á Netflix í gær og er aðgengileg þar í heild sinni. Serían skartar Kevin Spacey og Robin Wright í aðalhlutverkum og fjallar um pólitíska refskák í Bandaríkjunum.

Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar að horfa á seríuna um helgina. Bað hann fylgjendur sína vinsamlegast um að gefa ekkert upp um hvað gerist í seríunni. - lkg

Afsakið

SHIA LABEOUF

Shia LaBeouf stendur nú fyrir gjörningi í Kaliforníu í Bandaríkjunum sem heitir #iamsorry, sem útleggst á íslensku #égbiðstafsökunar.

Fyrir hvað hann er að biðjast afsökunar er óljóst, en fólk virðist áhugasamt um uppátækið því fjöldi fólks biður í biðröð fyrir utan húsnæðið þar sem Shia heldur sig og sumir þeirra biðu svo klukkutímum skipti. - ósk

Ofurfyrirsætuþrenna á forsíðunni

Chrissy Teigen, Nina Agdal og Lily Aldridge prýða forsíðu afmælisheftis.

Ofurfyrirsæturnar Chrissy Teigen, Nina Agdal og Lily Aldridge prýða nýjustu forsíðu tímaritsins Sports Illustrated en tímaritið fagnar fimmtíu ára afmæli sínu um þessar mundir.

Það kom öllum þremur fyrirsætunum í opna skjöldu þegar þær voru valdar til að vera á forsíðunni en Lily hefur aldrei áður prýtt síður blaðsins. Viðbrögð hennar þegar ritstjórinn MJ Day sagði henni að hún yrði forsíðustúlka voru óborganleg og spurði hún einfaldlega: „Má ég faðma þig?“

> **Má ég faðma þig?**
> *Lily Aldridge*

Öll þrjú módelin verða gestir í þætti Jimmys Kimmel í næstu viku. **- lkg**

➜ Sports Illustrated í fimmtíu ár

- Fyrirsætan Cheryl Tiegs varð fyrsta fyrirsætan til að sitja oftar en einu sinni fyrir á forsíðunni. Christie Brinkley varð sú fyrsta til að landa þremur forsíðum í röð.
- Elle MacPherson hefur setið fyrir á fimm forsíðum, sem er met. Hún varð önnur í röðinni til að landa þremur forsíðum í röð.
- Tyra Banks varð fyrsta blökkukonan til að komast á forsíðuna árið 1996.

BERAR AÐ OFAN Fyrirsæturnar eru aðeins í bikiníbuxum á forsíðunni.

SMART SYSTUR Mary-Kate og Ashley elska eldri menn.

Byrjuð með leikstjóra

Tískutvíburinn Ashley Olsen er byrjuð með Moneyball-leikstjóranum Bennett Miller en hún hætti nýverið með athafnamanninum David Schulte.

Parið sást saman í jarðarför Óskarsverðlaunahafans Philips Seymour Hoffman fyrir stuttu en Bennett var náinn vinur leikarans og leikstýrði einnig myndinni Capote árið 2005 þar sem Philip lék aðalhlutverkið og fékk Óskarsverðlaun fyrir.

Þau eyddu einnig saman tíma í janúar á heimili Bennetts þar sem hann var í óðaönn að klippa nýjustu mynd sína, Foxcatcher. Tuttugu ára aldursmunur er á nýja parinu en Ashley er 27 ára og Bennett 47 ára. Þar með fetar hún í fótspor systur sinnar, Mary-Kate sem er í sambandi með Olivier Sarkozy sem er 44 ára. **- lkg**

FALLEGT PAR Megan og Brian eiga nú tvö börn.

Mikið barnalán

Leikkonan Megan Fox og eiginmaður hennar, Brian Austin Green, eignuðust sitt annað barn á fimmtudaginn. Hjónin hafa ekki tjáð sig við fjölmiðla og vilja ekki gefa upp nafn né kyn barnsins en staðfesta að það sé komið í heiminn.

Megan og Brian giftu sig sumarið 2010 á Maui, einni Havaíeyjanna. Þau eiga fyrir soninn Noah Shannon Green sem fæddist 27. september árið 2012. **- lkg**

Styrkir fyrir námsmenn

Umsóknarfrestur er til 17. mars.
Sæktu um námsstyrki Landsbankans á landsbankinn.is.

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2014-2015.

Veittir verða styrkir í fimm flokkum

- **Framhaldsskólanám** – þrír styrkir að upphæð 200.000 kr. hver.
- **Iðn- og verknám** – þrír styrkir að upphæð 400.000 kr. hver.
- **Háskólanám** (BA/BS/BEd) – þrír styrkir að upphæð 400.000 kr. hver.
- **Listnám** – þrír styrkir að upphæð 500.000 kr. hver.
- **Framhaldsnám** á háskólastigi – þrír styrkir að upphæð 500.000 kr.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • JJ.IS • SÍA

Blessuð ónáttúran

BAKÞANKAR
Hildar Sverrisdóttur

Í FYRSTA lögfræðitímanum sem ég sat vorum við látin hlusta á Dýrin í Hálsaskógi og ræddum hvort reglur skógarins um að ekkert dýr mætti borða annað dýr væru ósanngjarnar gagnvart Mikka ref. Mikki refur hefur aldrei og mun aldrei lifa á tófú.

DÝRIN nefnilega borða önnur dýr, eins og dönsku börnin voru minnt svo óþyrmilega á um daginn þegar gíraffinn Maríus varð hádegismatur ljónanna í dýragarði Kaupmannahafnar. Það er kannski skiljanlegt að börnum sem alast upp við Disney-myndir um vináttu milli mismunandi dýrategunda bregði við að hálslangi félagi þeirra sé étinn af vinum Simba. Öllu óskiljanlegra er að viðbrögð hinna fullorðnu voru ekki svo ýkja öðruvísi og margir voru á þeirri skoðun að réttast hefði verið að hlífa börnunum við þessari beinu náttúrulýsingu.

ÉG KANN reyndar starfsmönnum dýragarðsins bestu þakkir fyrir að Maríusi var hlíft við að lokamínútan færi í tapaða baráttu í ljónagryfjunni. Þó að það séu vissulega örlög ýmissa félaga hans í Afríku þá er réttlætanlegt að hafa hlíft dýragarðsdýrinu við þeirri upplifun. Við eigum nefnilega alltaf að vera góð við dýr. En það er ögn kjánalegt að vera viðkvæm fyrir því að dýr séu yfirhöfuð drepin og étin. Við höfum alltaf aflífað blessuð dýrin í eigin þágu, hvort sem var í klæði eða fæði og skrýtið hvað við virðumst færast fjær staðreyndinni um að beikonið vex ekki í búðinni.

ÞEGAR mynd birtist í blaði af veiðimanni standandi yfir blóðugu hreindýri í lynginu verður allt vitlaust en símarnir á Gestgjafanum eru þöglir þótt birt sé mynd af sömu skepnu sem blóðugri steik á huggulegu kvöldverðarborði. #foodporn. Starfsmenn Húsdýragarðsins hefðu kannski bara átt að vera búnir að elda og dúka borð áður en upplýst var að á hausthátíðum væru dýrin í garðinum elduð og borðuð. Sem olli merkilega miklum usla. Eins og að dýrin í Húsdýragarðinum hlytu önnur örlög en húsdýrin í sveitinni.

ER ÞAÐ orðið svona ógurlegt leyndarmál að við borðum dýr sem borða önnur dýr? Ber Thorbjörn Egner ábyrgð á þessu?

Árlegir tónleikar fyrir aðdáendahóp

Hljómsveitin The Zuckakis Mondeyano Project heldur tónleika á Paloma.

„Við eigum okkar aðdáendahóp," segir Árni Kristjánsson, annar tveggja í dúettinum The Zuckakis Mondeyano Project, sem heldur tónleika á Paloma á sunnudaginn. „Aðdáendahópurinn samanstendur af fólki sem horfði á okkur stíga okkar fyrstu skref í söngkeppninni Óðríki Algaula í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Við höldum bara tónleika um það bil einu sinni á ári, því ég bý í Japan, og Steinn Linnet, sem er með mér í hljómsveitinni, býr í Danmörku."

Dúettinn hefur þá venju að semja nýtt lag fyrir hverja tónleika. „Flest lögin okkar eru útgefin, en þeir sem eru vanir að koma á tónleikana okkar þekkja lögin. Við höfum gefið út eina plötu, The Album árið 2004."

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00. Húsið verður opnað klukkan 20.00 og aðgangur er ókeypis. - ue

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
POWERSÝNING KL. 10.25
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
ROBOCOP	8, 10:25(POWER) 12
LEGO - ÍSL TAL 2D	1:50, 4 L
LEGO - ÍSL TAL 3D	1:50, 4, 6 L
DALLAS BUYERS CLUB	5:45, 8, 10:20 12
47 RONIN 3D	10:30 12
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	1:45, 3:45, 6 L
SECRET LIFE OF WALTER MITTY	8 7

SAMBÍÓIN SAMbio.is
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D
STÆRSTA FJÖLSKYLDUMYND ALLRA TÍMA Í FEBRÚAR
"FYNDNASTA MYND SEM ÉG HEF LENGI SÉÐ, ALGJÖRT ÆÐI!" BÍÓVEFURINN/SÉÐ OG HEYRT
CHRISTIAN BALE WOODY HARRELSON CASEY AFFLECK FOREST WHITAKER WILLEM DAFOE
"ONE OF THE BEST MOVIES I'VE SEEN THIS YEAR." CHICAGO SUN-TIMES
LÍFSLEIKNI GILLZ
DREPFYNDIN GAMANMYND MEÐ BESTU GRÍNLEIKURUM LANDSINS FRÁBÆR SKEMMTUN FRÁ FYRSTU MÍNÚTU
Jónsi
STALLONE DE NIRO GRUDGE MATCH
24 ÓSKARSTILNEFNINGAR
AMERICAN HUSTLE
THE WOLF OF WALL STREET

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D KL. 2 - 4:10 - 6:20
THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50
THE LEGO MOVIE ENSTAL2D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10
THE LEGO MOVIE VIP ENSTAL2D KL. 1:30 - 3:40
OUT OF THE FURNACE KL. 5:40 - 8 - 10:20
LÍFSLEIKNI GILLZ KL. 5:45 - 8 - 10:20
LÍFSLEIKNI GILLZ VIP KL. 5:45 - 8 - 10:20
JACK RYAN KL. 10:20
LAST VEGAS KL. 8
AMERICAN HUSTLE KL. 8:30
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D KL. 1:30 - 3:40
FROSINN ÍSLTAL2D KL. 1 - 3:20

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50
